

**SKOÐUN** Útskriftargjöf sem gefur gerir öðrum kleift að ljúka námi, skrifar Bjarni Gíslason. 22



**MENNING** Katrín Sigurðardóttir sýnir innsetninguna Undirstöðuna í þvottahúsi gamallar hallar í Feneyjum. 36



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson elskar lífið í Zaragoza og er klár fyrir stórleikinn gegn Real Madrid í kvöld. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
30. maí 2013
125. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Úr biðflokki í nýtingarflokk**
Umhverfisráðherra hefur hafið vinnu við að breyta Rammaáætlun. Líklegt er að sex virkjunarkostir verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk. 8

**Gráta Króatana** Margir taka nærri sér örlög króatísku fjölskyldnanna sem fengu ekki hæli hérlendis. 6

**Fleiri útköll** Útköllum björgunarsveitanna hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár. 12

**Vilja ódýrari mat** Sjálfstæðismenn í Rangárþingi vilja að sveitarfélagið byggi undir lágvöruverðsverslun. 14




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | A | 7 |
| Akureyri | 13° | A | 4 |
| Egilsstaðir | 13° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | A | 6 |
| Reykjavík | 8° | SA | 10 |

**Strekkingsvindur** og rigning fram eftir degi sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustan til. Þykknar upp norðaustanlands síðdegis. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Öryggisfatnaður | Fólk




# Háhýsi bönnuð í miðborginni

Hverfisvernd verður sett á miðborgina innan Hringbrautar samkvæmt nýju aðalskipulagi. Byggðarmynd og gatnaskipulag verða vernduð. Fortakslaust verður að hús á svæðinu verði ekki hærri en fimm hæðir.

**REYKJAVÍK** Fortakslaust bann verður sett á byggingu háhýsa á svæðinu innan Hringbrautar í Reykjavík, samkvæmt nýju aðalskipulagi borgarinnar. Hús þar mega ekki vera hærri en fimm hæðir. Þá verður hverfisvernd sett á svæðið í því skyni að vernda einkenni þess.

Drög að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 verða kynnt í borgarráði í dag. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að með því verði staðfest að Reykjavík verði ekki háhýsaborg. Umrædd hverfisvernd slái nýjan tón í húsverndarmálum.

„Húsvernd í Reykjavík, og kannski á Íslandi almennt, var lengi vel kannski fyrst og fremst vernd á einstökum húsum, byggðum á tilteknum tíma eða teiknuðum af tilteknum arkítekt. Þarna erum við að vernda heilt svæði vegna einkenna þess. Ekki bara einstök hús, heldur líka borgarmyndina, götumyndina og svo svipmótið.“

Lögð verður áhersla á að uppbygging sem þegar hefur verið leyfð og á þeim svæðum sem til séu í eldra skipulagi, sé í góðu samspili við það sem fyrir er.

„Það er hins vegar alveg fortakslaust að í þessu felst að raska ekki því sögulega gatnaskipulagi sem þarna er, því hvernig byggingareitirnir eru, hvernig opnu rýmin eru og lóðaskipan. Við erum að segja að þessi sögulegi kjarni í Reykjavík hafi gildi eins og hann er og við erum að segja að Reykjavík sé ekki háhýsaborg.“

Dagur segir þetta þýða að ekki verði reistar nýjar blokkir eins og í Skuggahverfinu, en þær hafa verið mjög umdeildar. Almennt verði háhýsi ekki heimiluð í borginni nema að ákveðnum kröfum og skilyrðum uppfylltum. Lágreistar byggingar eigi að einkenna Reykjavík.

- kóp

### Stefna um hæðir húsa

Heildstæð stefna um hæðir húsa verði hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur á hverjum tíma. Stefnan taki mið af sögu borgarinnar og hefðum, yfirbragði núverandi byggðar og sjónásum til lykilkennileita, náttúrulegra og manngerða. Við gerð hverfis- og deiliskipulags og mat á einstökum byggingarumsóknum skal ávallt leggja til grundvallar stefnu um hæðir húsa.

*Úr drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.*



**LEIKHÚSBAKTERÍAN Í BLÓÐ BORIN** Gríma og Grettir Valsbörn eru alin upp á sannkölluðu leikhúsheimili. Á næsta leikári munu systkinin standa hlið við hlið á sviðinu, en þau fara hvort með sitt hlutverkið í uppsetningu Þjóðleikhússins á Óvitunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Systkini saman í Óvitunum:

## Gríma leikur ömmu Grettis

**FÓLK** „Ég leik pabba Guðmundar og systir mín leikur ömmu mína,“ sagði Grettir Valsson, en systkinin Gríma og Grettir koma til með að leika hlið við hlið í nýrri uppsetningu Þjóðleikhússins á Óvitunum eftir Guðrúnu Helgadóttur í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Verkið verður frumsýnt í október.

Grettir er aðeins ellefu ára gamall en er ekki ókunnugur leiklistinni því hann hefur leikið í fjölda uppsetninga, til að mynda Galdrakarlinum í Oz, Mary Poppins og Oliver Twist, svo eitthvað sé nefnt. Hann hefur einnig talað inn á fjölda teiknimynda. Gríma, sem er átta ára gömul, mun þreyta frumraun sína á sviði á nýju leikári. Óhætt er að segja að systkinin muni taka sig vel út á sviðinu, hlið við hlið.

Það má segja að þeim Gretti og Grímu sé leikhúsáhuginn í blóð borinn því foreldrar þeirra eru leikmyndahönnuðurinn Ilmur Stefánsdóttir og leikarinn og leikskáldið Valur Freyr Einarsson. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

- ósk






Bólusetning gegn hlaupabólu kostar fjölskyldur 16 þúsund krónur á barn:

# Foreldrar keyptu upp bóluefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Foreldrar hafa í auknum mæli leitast eftir því að sjá sjálfir til þess að börnin þeirra séu bólusett við hlaupabólu, en bóluefnið er ekki lengur til og hefur ekki verið um nokkra hríð samkvæmt lyfjafræðingi. Almenn bólusetning gegn sjúkdómnum hefur ekki verið innleidd á Íslandi. Heimilislæknar hafa síðustu ár skrifað út lyfið í sífellt meiri mæli.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hafði ekki kynnt sér efni málsins til hlítar, en hann heyrði fyrst af málinu í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Hann vildi ekki tjá sig um málið þegar hann var inntur eftir viðbrögðum.

Yfirlæknir hjá Landlækni, Þórólfur Guðnason, segir það hafa verið skoðað að hefja almenna bólusetningu við hlaupabólu. Hann segir þjóðhagslegan sparnað af bólusetningunni yrði hún innleidd, en rannsókn sem var unnin á vegum hagfræðideildar Háskóla Íslands árið 2009 sýndi fram á að hlaupabóla kostaði samfélagið um 290 milljónir sama ár. Þórólfur bætti því þó við að ef börn fengju hlaupabólu væri til lyf sem gæti gagnast þeim, að því gefnu að meðferðin væri hafin mjög snemma. Þórólfur segir þetta lyf þó gjarnan gleymast í meðferð við hlaupabólu og það sé miður.

- lvp, ósk / síða 4









## SPURNING DAGSINS



Verður ekki að finna góða lendingu í þessu máli?

**„Jú, það er algjört möst. Annars fer allt í háaloft.“**

Felix Bergsson er afar ósáttur við fyrirhugaða uppsetningu á átta háum flugmöstrum í Vesturbænum þar sem hann er búsettur. Möstrin eiga að koma í veg fyrir slys í lendingu flugvéla við Reykjavíkurflugvöll.

Áfram verður líflegt listastarf í sögufrægu húsi í Fischersundi í Grjótaþorpinu:

# Jónsi í Sigur Rós kaupir hús Sögufélagsins

**MENNING** Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi í hljómsveitinni Sigur Rós, hefur fest kaup á húsi Sögufélagsins í Fischersundi í Reykjavík. Hyggst hann gera húsið upp og sinna þar tónsmíðum og annarri menningarframleiðslu, eins og segir í skrifum Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Sögufélagsins. á heimasíðu félagsins.

Guðni segir frá því að stjórn Sögufélagsins hugnist vel að Jónsi hafi keypt húsið, enda verði því vel sinnt og þar verði áfram líflegt starf þó að félagið hverfi á braut.

Sögufélagið flutti aðsetur sitt fyrir rúmu ári, úr húsi félagsins í Skeifuna, þar sem það deilir húsnæði með Hinu íslenska bókmenntafélagi. Ekki hafði tekist að leigja húsið eftir að bókaforlagið Sögur sagði upp leigunni.

Guðni segir að með sölu hússins ljúki um tveggja áratuga kafla í sögu félagsins, en um alllangt skeið var húsið orðið Sögufélaginu þungt í skauti.

Nú, með sölu hússins, gefst hins vegar færi á að laga skuldastöðu félagsins, sem í framhaldinu mun leggja áherslu á útgáfu rita um sögu og sagnfræði, sem er meginhlutverk félagsins. - shá





**JÓNSHÚS** Framtíðarvettvangur listamannsins er hið fallegasta hús. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**STOKKINN** Rozov stökk í tilefni þess að í gær voru liðin 60 ár síðan mönnum tókst að klífa Everest-fjall, hæsta fjall heims, í fyrsta sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Rússneskur ofurhugi sveif ofan af hæsta tindi heims:

# Stökk af Everest og setti met

**HEIMSMET Hin 48 ára gamli Valery Rozov stökk í gær 7.220 metra niður af norðurhlíð Everest-fjalls í fallhlíf. Með þessu setti hann heimsmet í fallhlífastökki af hæsta tindi. Þetta kemur fram á news.co.au.**

**Skipulagning stökksins tók rúmlega tvö ár og fór mestur tími í að hanna sérstakan vængjastökkgalla. Það tók hann svo svo fjóra daga að komast á stökkstaðinn á Everest. Rozov sveif í rúma mínútu áður en hann opnaði fallhlífina og lenti í heilu lagi rúmum kílómetra neðar.** - þþ

Forseti Finnlands á landinu:

# Ræddu stöðu efnahagsmála

**UTANRÍKISMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fundaði í gær með Sauli Niinistö, forseta Finnlands. Þeir ræddu um stöðu efnahagsmála á Íslandi og í Finnlandi, svo og á alþjóðavettvangi, en forseti Finnlands var fjármálaráðherra landsins eftir efnahagslægð þar í lok níunda áratugar síðustu aldar.

Einnig ræddu þeir um samstarf landanna á ýmsum sviðum og kynnti forsætisráðherra þá auknu áherslu sem ríkisstjórnin hyggst leggja á samstarf á norrænum vettvangi. - hmp, shá

Skuldatryggingarálag í ruslið:

# Álverðið tekur toll hjá Alcoa

**FJÁRMÁL** Matsfyrirtækið Moody's lækkaði skuldatryggingarálag bandaríska álrisans Alcoa niður í ruslflokk í gær. Ástæðan er linnulaus verðlækkun áls á alþjóðlegum mörkuðum í kjölfar offramboðs. Frekari lækkun er þó talin ólíkleg á næstunni, að sögn matsfyrirtækisins, eins og segir í frétt Bloomberg.

Í fréttinni er vitnað í tilkynningu frá fyrirtækinu þar sem segir að ákvörðun Moody's hafi ekki áhrif á stefnumörkun fyrirtækisins fyrir árið 2013. - shá



**TILBÚINN Í ALLT** Fred segist ekki hafa verið kalt á ferðum sínum um landið núna í maí. „Það er samt búið að vera hvasst og það hefur verið pirrandi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslandsvinur forðast ferðamannastaðina

Hollenskur verkfræðingur hefur komið til Íslands til að njóta náttúrunnar í 22 ár. Hann segir verra að vera ferðamaður á Íslandi nú en árið 1991 vegna túristafjölda.

**FÓLK** Fred van Pie, verkfræðingur frá Hollandi, segist forðast fjölsóttustu ferðamannastaði landsins á mörgum ferðum sínum um landið. Hann hefur komið hingað árlega síðan 1991, búið í tjaldi og gengið á fjöll.

„Ég sæki í kyrrðina og get verið einsamall dögum saman á fjöllum,“ segir Fred, sem var að borða morgunmat á tjaldstæðinu í Laugardal þegar blaðamaður hafði upp á honum. Hann gisti þar í fyrrinótt eftir að hafa gengið á fjöll frá Borgarfirði eystra. „Ég kem einu sinni á ári, tvisvar ef yfirmaður minn leyfir.“

Fred segist vera fyrr á ferðinni í ár en vanalega vegna þess að hann langaði að ganga Laugaveginn inn í Landmannalaugar áður en vegir þangað opna. Á þann vinsæla stað er hann hættur að fara á háannatíma. „Það er of mikið af fólki. Ég kem hingað til að njóta kyrrðarinnar.“

Á ferðum sínum hefur Fred lent í ýmsu. Í fyrra tók hann sér þrjá mánuði í að ganga frá Hornbjargi að Gerpi, þvert yfir Ísland, í júlí og fram í september. „Það er hægt að gera þetta á mun skemmri tíma en ég vil geta stoppað nokkrar nætur á fallegum stöðum og notið.“

Skemmst er að minnast þess óveðurs sem gekk yfir norðausturhluta landsins í september í fyrra. Fred fór ekki varhluta af veðrinu enda staddur norðan Vatnajökuls þegar það gekk yfir. „Ég vaknaði í skálanum og sá að það snjóaði en lagði af stað þó að ég hefði verið varaður við. Það var skemmtileg upplifun,“ segir hann og glottir.

Spurður hvort það sé betra að vera ferðamaður núna eða fyrir tuttugu árum segir hann afdráttarlaust þá. „Það er bara of mikið af fólki.“ birgirh@frettabladid.is

## Flytur bílinn með sér frá Hollandi

Fred ekur breyttum Suzuki-smájeppa á Íslandi. Bílinn flytur hann til landsins á hverju ári og ferðast. Þess á milli stendur bíllinn í heimreiðinni í Hollandi. „Ég keypti hann árið 2002 og hef látið breyta honum talsvert. Þegar maður sér stóru bílana hérna fær maður minnimáttarkennd,“ segir hann og bætir við að hann kunni ekki við að aka, því skilji hann bílinn frekar eftir og gangi á fjöll.


Vertu með í kvennaleikfimi



- Þrisvar í viku (4 vikur)
  Mán., mið. og fös. kl. 16:30
  Hefst 5. júní
  Þjálfari: Inga María
  Verð kr. 14.900.-
- Tvisvar í viku (4 vikur)
  Þri. og fim. kl. 10:00. Hefst 6. júní
  Þjálfari: Árndís Hulda
  Verð kr. 12.900.-

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


Íslensk stjórnvöld telja einhliða síldarkvóta Færeyinga óviðunandi:

# Þungar áhyggjur af síldarstofni

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Íslendingar lýsa yfir áhyggjum vegna aukinna veiða Færeyinga úr norsk-íslenska síldarstofninum. Tvíhliða fundur Íslands og Færeyja var haldinn á mánudag vegna veiða á síld á árinu 2013.

Á fundinum, sem haldinn var að ósk Færeyinga, áréttuðu fulltrúar Íslands afstöðu sem komið hafði verið á framfæri í bréfi til færeyskra stjórnvalda: að þreföldun hlutdeildar Færeyinga sé óviðunandi fyrir íslenska hagsmuni.

Færeyingar gerðust ekki aðilar að samkomulagi strandríkja í janúar og settu sér einhliða kvóta upp á 105.000 lestir. Það svarar til 17% af heildarveiði ársins sem er 619.000 lestir, samkvæmt ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins. Þetta er þreföldun hlutdeildar Færeyinga. Til samanburðar er hlutur Íslands 14,51% og nema heimildir íslenskra skipa tæplega 90.000 lestum.

Norsk-íslenski síldarstofninn hefur minnkað um meira en helming á síðustu fjórum árum, en nýliðun hefur verið afar slök. Samkvæmt gildandi aflareglu nálgast stærð hrygningarstofnsins þau gátmörk þar sem draga þarf verulega úr veiðiálagi til að forða hruni í stofninum. - shá



**Í HÖFN** Síld- og makrílveiðar eru næstu verkefni uppsjávarveiðiflotans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

RISA

# TAX FREE

## ALLAR VÖRUR*

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

# Í DAG

TVÖFALDUR TAXFREE AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM!

40,64% afsláttur

*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af Weber grillum
*Gildir ekki af lægsta lága verði Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**1.458 gengu í hjónaband árið 2011**

**sem eru 4,6 vígslur á hverja 1.000 íbúa.**

Það eru 222 fleiri hjónavígslur en 1991 en 166 færri en 1971.

*Heimild: Hagstofan.is*

Kínverska ungbarnið sem skolaðist niður salerni og var bjargað úr skólpröri er að mestu óskaddað:

# Móðirin hafði ekki efni á fóstureyðingu

**KÍNA** Móðir ungbarnsins sem var bjargað úr skólpröri í fjölbýlishúsi í Jinhua á mánudag var sú fyrsta sem kallaði eftir aðstoð og var viðstödd á meðan björgunin fór fram. Móðirin neitaði því í fyrstu að hafa fætt barnið en viðurkenndi það svo þegar lögreglan gekk á hana.

Konan er 22 ára og leigir íbúð í fjölbýlishúsinu. Hún sagðist ekki hafa haft efni á fóstureyðingu og því hefði hún haldið því leyndu fyrir nágrönnum sínum að hún væri barnshafandi. Hún hefði því fætt barnið yfir klósettinu.

Móðirin sagðist hafa reynt að grípa barnið en það hefði runnið úr greipum hennar og ofan í pípuna. Þá hefði hún látið leigusala sinn vita hvernig á stóð, eftir að hafa reynt árangurslaust að ná því upp.

Barnið hefur verið kallað Barn 59 í fjölmiðlum erlendis vegna númersins sem það fékk á spítalanum. Kínverskir fjölmiðlar segja að þegar björgunarmenn hafi náð barninu hafi hjartsláttur þess verið veikur en barnið þó að mestu óskaddað. Naflastrengurinn var enn tengdur við fylgjuna.

Lögreglan verst frekari fregna af málinu og segir það enn vera í rannsókn. **- bþh**



**Í RÖRINU** Barnið fannst fast í skólpröri á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

## HALDIÐ TIL HAGA



MYND/ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR

Mynd Önnu Maríu Sigurjónsdóttur var endurbirt án vitundar höfundar í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag á síðu 13 og ekki gætt sæmdarréttar með merkingu myndarinnar. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Ódýrara að hefja almenna bólusetningu

Foreldrar sjá sjálfir um að láta bólusetja börnin sín. Yfirlæknir hjá Landlæknisembætti telur þjóðhagslegan sparnað af því að hefja almenna bólusetningu við hlaupabólu. Bólusetningarlyfið varilrix er ófáanlegt í apótekum í dag.

**HEILBRIGÐISMÁL** Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að foreldrar taki það sjálfir að sér að panta bólusetningu fyrir börnin sín gegn hlaupabólu. Á hverju ári veikist fjöldi barna hér á landi af hlaupabólu og er talið að næstum allir fái hana fyrir fullorðinsaldur. Það getur tekið allt að viku til tíu daga fyrir sjúkdóminn að ganga yfir og geta mikil óþægindi fylgt honum. Talið er að árlega leggist um nítján manns inn á spítala vegna hlaupabólu. Langflestir þeirra eru börn.

Síðastliðin tíu ár hefur sérstakt bóluefni verið fáanlegt gegn hlaupabólu hér á landi. Börn eru ekki bólusett sjálfkrafa í ungbarnaeftirliti hjá heilsugæslunum heldur þurfa foreldrarnir að panta bólusetningu fyrir þau. Bóluefnið heitir varilrix og kostar skammturinn um 8.000 krónur. Bólusetja þarf hvert barn tvisvar.

Talið er að í einhverjum tilvikum greini heimilislæknar foreldrum frá þessu úrræði í bólusetningu, því vitanlega er bannað að auglýsa lyf á Íslandi. Þannig skrifi heimilislæknarnir út lyfin, foreldrar sæki þau í apótek og þurfa svo að koma aftur til heimilislæknisins með bóluefnið og láta bólusetja börnin. Einnig eru dæmi þess að foreldrar stofni spjallþræði á heimasíðum og ráðleggi öðrum foreldrum að bólusetja börnin sín.

Þar til fyrir þremur árum voru yfirleitt seldir um 50 skammtar af bóluefninu á ári en síðastliðin þrjú ár hefur salan aukist. Þannig seldust í fyrra 220 skammtar af bóluefninu. Lyfið er hins vegar ófáanlegt í dag og hefur verið um nokkra hríð.

Þau börn sem fá bóluefnið eru ekki líkleg til þess að fá hlaupabólu og ef til þess kemur eru einkennin oftast mjög væg.

Í samtali við fréttastofu 365 sagði Þórólfur Guðnason, yfirlæknir hjá Landlæknisembættinu, það hafa verið skoðað hvort hefja ætti almenna bólusetningu við hlaupabólu hér á landi. Samkvæmt rannsókn sem unnin var við hagfræðideild HÍ og birt árið 2009 kostaði hlaupabóla samfélagið 290 milljónir árið 2009. Þar skipti mestu vinnutap aðstandenda barna með hlaupabólu. Kostnaður við að bólusetja hvert barn tvisvar hefði verið 156 milljónir og því er ljóst að þjóðhagslegur sparnaður hlytist af bólusetningunni.

**olof@frettabladid.is**
**lvp@stod2.is**



**MEÐ HLAUPABÓLUNA** Bóluefnið dregur mjög úr líkunum á að barn fái hlaupabóluna. Ef þau hins vegar fá hana eru einkennin mjög væg.
ERLEND MYND ÚR SAFNI

Þrjár skriður á stuttum tíma:

## Varað sterklega við aurskriðum

**ÖRYGGISMÁL** Þrjár aurskriður féllu með fárra klukkutíma millibili á síðasta sólarhring og beina Almannavarnir því til fólks að huga vel að aðstæðum.

Almannavarnir geta þess að til fjalla á norðausturfjórðungi landsins er víða enn grunnt niður á frosna jörð. Á þessu svæði voru og eru jafnvel enn mikil snjóalög sem leysir nú hratt. Í ofanálag hefur verið töluverð úrkoma á þessu svæði síðustu daga. Við slíkar aðstæður verður þunnt og frostlaust jarðvegslag auðveldlega vatnsósa og getur skriðið af stað undan eigin þunga.

Því telja Almannavarnir það viðbúið að fleiri skriður geti fallið næstu daga á svæðum þar sem aðstæður eru með þessum hætti. **- shá**

Fékk 250.000 kall:

## Saklaus í járn og fékk bætur

**DÓMSMÁL** Konu voru dæmdar 250.000 krónur í miskabætur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en hún var handjárnuð í tæpa klukkustund á meðan húsleit var gerð á heimili hennar. Leitin tengdist henni aðeins óbeint, en unnusti konunnar hafði tengsl við bifhjólasamtökin Fáfni og síðar Vítisengla.

Lögregla hafði húsleitarheimild vegna rannsóknar á fjölda alvarlegra ofbeldisbrota og var talið brýnt að framkvæma leit á heimilum og dvalarstöðum hinna grunuðu.

Í dómi segir að konan hafi að ósekju verið svipt frelsi sínu og því var fallist á að greiða henni bætur, en hún hafði farið fram á 600.000 krónur. **- shá**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NOKKUÐ BJART** verður norðaustanlands næstu daga en annars staðar víða rigning eða skúrir. Hlýjast verður í sólinni norðaustan til þar sem hitinn gæti náð 16 stigum í dag en 13 stigum á morgun.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur víðast hvar.




**Laugardagur**
Hæg breytileg átt víðast hvar.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Berlín | 20° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 22° | New York | 30° | París | 16° |
| Aþena | 31° | Billund | 20° | Gautaborg | 21° | London | 16° | Orlando | 30° | San Francisco | 18° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 17° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 20° | Ósló | 18° | Stokkhólmur | 19° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

„Netbankinn sparar mér gríðarlega mikinn tíma.“

**Í Netbanka fyrirtækja** hjá Landsbankanum færðu betri yfirsýn yfir fjármál fyrirtækisins, sem skilar sér í hagræðingu og tímasparnaði. Með stillanlegri forsíðu og beintengingu við bókhaldskerfi eru helstu aðgerðir alltaf við höndina. Kynntu þér netbankann á landsbankinn.is.



## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða viðbót við Reykjavíkurflugvöll telur Felix Bergsson skemma fyrir útivist?
**2.** Hvaðan voru 27 útlendingar sem fengu ekki landvist hér og flogið var með utan í fyrradag?
**3.** Hvaða orkugjafa er nú verið að skoða með þarfir Grímseyinga í huga?

**SVÖRIN**
**1.** Lendingarljós við Ægisíðu. **2.** Króatíu. **3.** Við.

Íslenski sjávarklasinn í samstarf við Dani vegna verkefna á Grænlandi:

# Efla samstarf vegna olíuiðnaðar

**IÐNAÐUR** Íslenski sjávarklasinn og danski klasinn Offshore Energy hafa ákveðið að auka samstarf fyrirtækja í klösunum tveimur um eflingu þekkingar og samstarfs í sambandi við uppbyggingu olíu- og gasiðnaðarins á Grænlandi. Með samstarfinu verður stefnt að því að nýta þekkingu danskra fyrirtækja á sviði olíuiðnaðarins og reynslu íslenskra fyrirtækja á margháttaðri starfsemi á Grænlandi.

Lögð er rík áhersla á það af beggja hálfu að vinna í nánu samstarfi við grænlensk fyrirtæki og stofnanir og reyna með samstarfinu að efla þríhliða samskipti í uppbyggingu og þróun grænlenska olíu- og gasiðnaðarins.

Danski klasinn, sem hefur innan sinna vébanda yfir 270 fyrirtæki og stofnanir, og þar á meðal nær öll stærstu fyrirtæki Danmerkur á þessu sviði, hefur starfrækt systurklasa á Grænlandi sem nefnist Offshore Greenland og ætlunin er að verði jafnframt samstarfsaðili.

„Það eru mögulega mikil tækifæri í uppbyggingu olíu- og gasiðnaðarins á Grænlandi og við Íslendingar getum nýtt okkar reynslu af verkefnum á norðlægum slóðum," segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans. - shá



**GRÆNLAND** Ýmsir sjá mikil tækifæri í iðnaði á Grænlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RÁÐGJAFI ÆÐSTAKLERKSINS** Ali Akbar Velayati er í framboði. Hann hefur verið ráðgjafi Khamenís. NORDICPHOTOS/AFP

Khamení æðstiklerkur í Íran:

## Heldur ekki með neinum

**ÍRAN, AP** Khamení æðstiklerkur í Íran segist ekki styðja neinn forsetaframbjóðanda fram yfir annan í komandi kosningum. Ljóst er að valdaskipti verða í landinu eftir kosningarnar því Mahmoud Ahmadinejad sækist ekki eftir endurkjöri.

Khamení sagðist í sérstakri sjónvarpsútsendingu í Íran ekki hygla neinum sérstökum frambjóðanda í kosningunum 14. júní. Allir þeir sem fá að bjóða fram eru hliðhollir æðstaklerknum því hinir, miðjumenn og umbótasinnar, voru dæmdir óhæfir. - bþh

Góður árangur af meðferð:

## Fangar með ADHD rólegri

**SVÍÞJÓÐ** Rólegra er nú í fangelsinu Tidaholmsanstalten í Svíþjóð eftir að 15 til 20 fanganna hafa fengið meðferð við ADHD, það er ofvirkni og einbeitingarskorti.

Á fréttavef sænska ríkisútvarpsins er haft eftir geðlækninum Harald Nilsson að takmarkið sé að bjóða slíka meðferð í öðrum fangelsum.

Það er mat hans að mikil þörf sé á rannsóknum á því hvort fangar séu með ADHD. Nilsson tekur það fram að til þess að meðferðin gagnist þurfi jafnframt að huga að úrræðum eftir að fangavist lýkur. - ibs

# Gráta brottreknu Króatana

Margir taka nærri sér örlög króatísku fjölskyldnanna sem fengu ekki hæli hérlendis og voru sendar úr landi í fyrradag. Ekki er rétt að Króatar öðlist sjálfkrafa rétt til að flytja hingað er land þeirra gengur í ESB 1. júlí.

**FÓLK** Fréttir af brottvísun 27 Króata sem fluttir voru úr landi í fyrradag vekja sterk viðbrögð meðal almennings. Viðhorf Íslendinga í málinu má meðal annars lesa af Facebook-athugasemdum á Vísi við frétt af forsíðu Fréttablaðsins.

„Í gær tók ég viðtal við mann sem kom hér til Svíþjóðar sem ungur flóttamaður frá Króatíu. Hann hafði menntað sig upp að fullu og cv-ið hans var ekkert nema sigrar. Svo sé ég myndir af drengnum sem var sendur heim aftur til Króatíu frá Íslandi í gær. Á Íslandi hefði hann getað allt. Í heimalandinu eru tækifærin fá. Ég skammast mín fyrir að vera Íslendingur í dag," skrifaði Brynjólfur Erlingsson.

Kona sem kallar sig Hröbbu Litlu Jóhannesdóttur kvaðst finna til með fólkinu. „Þau eru að leita að betri lífi annars staðar, reyna að fá gott líf fyrir börnin sín. Myndi gera það sama ef ég myndi lenda í þeirri stöðu. Vona það besta fyrir þessar fjölskyldur," sagði Hrabba.

Að sögn Guðna Harðar er málið þjóðarskömm og „loðið af útlendingahatri". Hann spurði hvort ekki hefði mátt nota þær átta milljónir króna sem þotan út kostaði ríkið til að koma Króötunum fyrir hér. „Þetta eru ofsóknir af verstu sort. Mér verður óglatt," skrifaði Guðni.

Ósk Magnúsdóttir í Noregi sagði málið sorglegt. „Hvað gengur stjórnvöldum til?" spurði Ósk.

Gunnar Róbert Guðjónsson gerði athugasemdir við það sem hann nefndi „rétthugsanakomment": „Já, já. Fyllum bara landið af alls kyns liði og endum svo sem minnihlutahópur í eigin landi eftir 50 eða 100 ár. Það er svona svipað dæmi eins og með Kosovo og Serbíu," skrifaði Gunnar og lét brosmerki fylgja.

„Í sumar gengur Króatía í Evrópusambandið og þá hefur fólkið fulla heimild til að starfa hér og búa. Eitthvað eru þetta undarlegar aðgerðir verð ég að segja," sagði Sigmar Þormar og óskaði eftir fleira fólki til Íslands og meiri fjölbreytni í mannlífið.

J. Inga Kjartansdóttir sagði á sama tíma og hún gerði sér grein fyrir að við gætum ekki tekið við öllum flóttamönnum sem koma til landsins fyndi hún mikið til með þessum fjölskyldum. „Vona svo sannarlega að úr rætist hjá þeim. Ætla mér ekki að dæma hvort ákvörðunin sé rétt eða röng þar sem ég bara þekki ekki nógu vel til en ég fæ í hjartað þegar ég hugsa til þeirra og fólks í þeirra stöðu," skrifaði hún.

Sólveig Sigurðardóttir tók undir með J. Ingu. „Ég er nú með svo lítið hjarta að ég grét við þessa mynd í Fréttablaðinu," skrifaði Sólveig.

„Vá, það láku tár hjá mér," sagði Guðrún Fanney Einarsdóttir og Vilmundur Aðalsteinn Árnason reyndi að hugga hana. „Við getum ekki bjargað öllum heiminum Gugga mín," sagði Vilmundur. „Ég veit," svaraði Guðrún. „Ég vildi það samt."

Katrín Mörk Melsen kvaðst vilja sækja litla drenginn sem var á forsíðumynd Fréttablaðsins. „Rétt er það að við getum ekki bjargað öllum heiminum en gott að við reynum að heyja þessar baráttur engu að síður. Ég segi það fyrir mitt leyti, annars væri ég ekki hér á landi og að öllum líkindum dauð!" upplýsti Katrín.

„Þessar fjölskyldur eru víst fjarri því að vera allur heimurinn. Okkur gafst tækifæri til að hjálpa þeim en...," benti Anna María Sverrisdóttir á. gar@frettabladid.is

> **Vá, það láku tár hjá mér.**
> *Guðrún Fanney Einarsdóttir lesandi Fréttablaðsins*



Brostnar vonir þegar 27 flóttamenn voru fluttir í lögreglufylgd til Króatíu:

Kýrnar seldar fyrir von á Íslandi

FÓLK „Þetta er fólk sem horfir upp á að börnin þeirra glata öllum tækifærum," segir Katrín Oddsdóttir lögmaður, talsmaður tveggja fimm manna fjölskyldna frá Króatíu sem fluttar voru úr landi í gær.

Alls var 27 manns frá Króatíu vísað úr landi en 23 úr þremur fjölskyldum urðu eftir þar sem konurnar hafa ekki króatískt ríkisfang.

Katrín segir fólkið flest af serbneskum uppruna og hafa flúið mismunun og áreiti í Króatíu. „Þeim fannst alltaf eins og að ef þau gætu sýnt einhvern veginn fram á að þau væru engar afætur þá gætu þau kannski fengið að vera," segir Katrín. Fólkið sé vonsvikið og hafi selt aleiguna fyrir Íslandsferðina. „Önnur fjölskyldan átti fjórar kýr og seldi þær að lokum allar frá sér í örvæntingu til að komast hingað. Ég held að enginn leiki sér að því að gerast flóttamaður." - gar sjá síðu 8

Önnur fjölskyldan átti fjórar kýr og seldi þær að lokum allar frá sér í örvæntingu til að komast hingað. Ég held enginn leiki sér að því að gerast flóttamaður.
Katrín Oddsdóttir lögmaður

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Útlendingastofnun telur fjölskyldur sem segjast ofsóttar í Króatíu vegna serbnesks uppruna njóta fullra réttinda í heimalandinu og neitaði þeim um hæli hér.

## Ekki sjálfkrafa til Íslands með ESB-aðild

Króatarnir sem synjað var um landvistarleyfi hérlendis og sendir utan í fyrradag geta ekki komið til Íslandsdvalar og starfa hér um leið og land þeirra verður formlegur aðili að Evrópusambandinu.

„Króatía verður ekki sjálfkrafa aðili að EES-samningnum við aðild að ESB hinn 1. júlí næstkomandi heldur þarf að semja um skilmála og skilyrði fyrir aðild að EES," segir í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins, og upplýsir að gera megi ráð fyrir að þessu ferli ljúki fyrir lok þessa árs.

„Þess skal og getið að gera má ráð fyrir að samningurinn muni, í líkingu við fyrri samninga af sama tagi, innihalda ákvæði um heimild íslenskra stjórnvalda til að fresta tímabundið gildistöku regluverks EES um frjálsa för fólks. Slíkt ákvæði er einnig að finna í samningi Króatíu um aðild að ESB," segir utanríkisráðuneytið.

Þarna er vísað í undanþáguákvæði sem Ísland nýtti til að fresta því að Búlgarar og Rúmenar fengju atvinnuréttindi hér við inngöngu þessara landa í Evrópusambandið í ársbyrjun 2007. Slík undanþága getur gilt í allt að sjö ár.






VIKING
20%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUNUM HAGKAUPS
20% afsláttur af öllum Viking gúmmístígvélum og gúmmískóm dagana 30. maí til 2. júní.
NATURAL RUBBER
VIKING KICKS
Stærðir 36-41
RAUTT
VIKING SKAGEN
Stærðir 36-47
DK BLÁTT & RAUTT
VIKING KADETT
Stærðir 36-46
DK BLÁTT
VIKING RETRO SPRINKLE
Stærðir 36-42 SVÖRT & FJÓLUBLÁ
VIKING KUNTO
Stærðir 24-47
VIKING BILLY
Stærðir 29-47
VIKING FOX
Stærðir 36-42
SVART & RAUTT
VIKING FOOTBALL
Stærðir 19-35
VIKING FLOWERFLY
Stærðir 19-34
VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 25-47 SVARTUR
VIKING NAVY&RED GALOSHES
Stærðir 19-41 BLÁTT & RAUTT
VIKING BIKER
Stærðir 21-33
SVART
VIKING LOVE
Stærðir 21-33
BLEIKT
VIKING JOLLY
Stærðir 21-35
RAUTT & BLÁTT
VIKING RAINY DAYS
Stærðir 19-26
BLEIKT
VIKING BUGS MINI
Stærðir 19-26
SVART
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ENDURSKOÐUN RAMMAÁÆTLUNAR

## ➜ Ráðherra bíður tillagna verkefnisstjórnar



STEFÁN GÍSLASON

Ný verkefnisstjórn um Rammaáætlun var skipuð í mars. Formaður hennar er Stefán Gíslason umhverfisverkfræðingur. Eitt meginverkefna stjórnarinnar er að meta þá 32 kosti sem eru í biðflokki. Samkvæmt lögum ber verkefnisstjórninni síðan að gera tillögu um það hvort, og þá hvernig, flokkun þeirra verður breytt, hvort þeir færast í verndar- eða nýtingarflokk. Ráðherra getur breytt þeirri tillögu, en þó aðeins að höfðu samráði, en hann leggur síðan fram þingsályktunartillögu fyrir Alþingi sem hefur lokavaldið.

Stefán segir að þeir sex kostir sem ráðherra hefur nefnt séu í ákveðnum forgangi.

„Þeir hafa ákveðinn forgang og annað er svo sem ekki um málið að segja. Við vinnum þá. Þeir eru í biðflokki vegna þess að það þóttu ekki vera nægilegar upplýsingar til um þá og það er okkar hlutverk að afla þeirra upplýsinga, leggja mat á þær og vera í sambandi við fagaðila á viðkomandi sviðum og komast að einhverri niðurstöðu þannig að það sé hægt að taka afstöðu til þess hvort þeir eigi að fara upp eða niður.“

**Umfangsmikil vinna**

Stefán segir töluverða vinnu fram undan, en verkefnisstjórnin hefur hist einu sinni og mun funda aftur í næstu viku. Meta þurfi hvað vantar af gögnum og hvernig hægt sé að nálgast þau. Ætlast sé til að skipaðir séu faghópar á mismunandi sviðum til að fjalla um kostina og meta þurfi hvern og einn kost sér.

„Í sumum tilfellum þarf kannski að vinna einhverjar rannsóknir. Þær geta verið árstíðabundnar. Það getur þurft að fara í þær að sumarlagi og þá veltur það á því hversu langt við getum verið komin með þær næsta vetur, meðal annars á því hvort okkur tekst að nýta þetta sumar, sem er náttúrulega að bresta á og að verða búið. Þá þarf að finna sérfræðinga sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði.“

**Hafa frest til 2017**

Verkefnisstjórnin á að skila af sér 25. mars 2017, fjórum árum eftir að hún var skipuð. Stefán segir að skila eigi áfangaskýrslu á næsta ári. Það þýði þó ekki að þá verði komnar tillögur um flutning einstakra virkjunarkosta á milli flokka.

„Hvað verður í henni verður að koma í ljós. Það er fyrst og fremst skýrsla um hvernig þessar athuganir standa. Það er allt of snemmt að segja um hvort það verði komnar einhverjar ákveðnar tillögur um ákveðna virkjunarkosti þá. Við höfum ekki sett okkur nein markmið í því.“

Eins og fyrr segir er lögformlega ferlið þannig að verkefnisstjórnin skili tillögu til ráðherra sem leggi málið síðan fyrir Alþingi. Stefán segir að ef menn hafi vilja til að hlutirnir þróist í ákveðna átt varðandi tiltekna kosti vinni þeir auðvitað að því. Það sé hins vegar ekki gert með því að smella fingrum.

„Auðvitað hafa allir skoðanir á hverjum kosti fyrir sig, en ég geri líka ráð fyrir því að það séu allir sammála um að það þurfi að vanda þessa ákvarðanatöku.“








**URRIÐAFOSS** Umhverfisráðherra hefur talað fyrir því að virkjanir í neðrihluta Þjórsár verði færðar úr biðflokki og í nýtingarflokk. Urriðafossvirkjun er ein þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




| | | |
|---|---|---|
| 1 | Urriðafossvirkjun | 130 MW |
| 2 | Holtavirkjun | 53 MW |
| 3 | Hvammsvirkjun | 82 MW |
| 4 | Skrokkölduvirkjun | 30 MW |
| 5 | Hágönguvirkjun 1&2 | 90 MW |
| 6 | Hólmsárvirkjun neðri við Atlaey | 65 MW |
| 7 | Hagavatnsvirkjun | 20 MW |

# Færa virkjunarkosti í nýtingarflokk

Umhverfisráðherra hefur hafið vinnu við að breyta Rammaáætlun. Líklegast er að sex virkjunarkostir verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk. Lögformlegt ferli gerir þó ráð fyrir því að verkefnisstjórn leggi tillögur að breytingum fyrir ráðherra.


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is




Sigurður Ingi Jóhannsson hafði aðeins verið nokkra daga í starfi sem umhverfisráðherra þegar hann hóf vinnu við að breyta Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Ramminn varð að lögum 14. janúar og fyrri ríkisstjórn hefur gumað nokkuð af því að með áætluninni hefði langþráð sátt náðst um virkjanir og verndun.

Sú sátt var hins vegar alltaf reist á sandi og Rammaáætlun var málamiðlun. Eftir að sérfræðingar höfðu flokkað fjölda virkjunarkosta í þrjá flokka, verndar-, nýtingar- og biðflokk, tók pólitíkin við. Það varð að samkomulagi á milli ríkisstjórnarflokkanna að færa sex virkjunarkosti úr nýtingar- í biðflokk.

**Yfirlýst markmið**

Ákvörðun Sigurðar Inga á ekki að koma neinum á óvart. Það var alltaf umdeilt að hrófla við flokkun sérfræðinganna, þó vissulega hafi það legið skýrt fyrir frá upphafi að það yrði Alþingi sem á endanum hefði úrslitavald. Stjórnarandstaðan lá heldur ekki á þeirri skoðun sinni að um óheppileg afskipti stjórnmálamanna væri að ræða.

Sigurður Ingi sagði í samtali við Fréttablaðið 14. janúar, þegar Rammaáætlun var afgreidd á Alþingi, að það væri mikilvægt að ferlinu lyki á sama hátt og það hófst; í sátt og samlyndi.

„Í meðförum hæstvirtrar ríkisstjórnar hefur þessi friður verið í sundur slitinn. Hér liggur fyrir pólitískt plagg sem eru því miður gríðarleg átök um og ég óttast að afleiðingin verði sú að það sem hér verður samþykkt í dag muni ekki lifa lengi.“

Það stóð heima, því innan við fjórum mánuðum síðar var vinna hafin við að endurskoða Rammaáætlunina, undir forystu Sigurða Inga, nú umhverfisráðherra.

**Burt með pólitíkina**

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hefur umhverfisráðherra ekki gefið færi á sér til umræðu við Fréttablaðið um Rammaáætlun. Hann lýsti því yfir í síðustu viku að vinna við endurskoðun væri hafin, hún hófst 24. maí.

Það er í samræmi við ræðu Sigurðar við eldhúsdagsumræðurnar í mars: „Fáum við umboð ykkar til munum við endurskoða hina pólitísku Rammaáætlun í samræmi við niðurstöðu faghópa sérfræðinga.“

Stefnan er sem sagt sú að breyta áætluninni til samræmis við útlit hennar áður en stjórnarflokkarnir fyrrverandi náðu samkomulagi um breytta röðun virkjunarkosta, eða eins og Sigurður Ingi orðaði það við Fréttablaðið í janúar:

„Við framsóknarmenn munum greiða atkvæði samkvæmt þeirri meginstefnu að rammaáætlun sem víndamenn skiluðu af sér, hún muni standa, en ekki það pólitíska plagg sem hér er borið fram af meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar“

**Neðrihluti Þjórsár**

Eins og sést hér til hliðar munu sex virkjunarkostir sem áður voru í biðflokki færast yfir í nýtingarflokk. Þetta eru Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun í neðrihluta Þjórsár, Skrokkölduvirkjun í Köldukvísl og Hágönguvirkjun I og II.



> „Fáum við umboð ykkar til munum við endurskoða hina pólitísku Rammaáætlun í samræmi við niðurstöðu faghópa sérfræðinga.
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson á Alþingi í mars.*

Þá hyggst ráðherra einnig taka til skoðunar tvo virkjunarkosti sem hann telur ekki hafa fengið viðlítandi heildarskoðun, Hólmsárvirkjun neðri við Atley og Hagavatnsvirkjun, en báðir lentu í biðflokki.

Í þingsályktunartillögunni um Rammaáætlun, sem þáverandi iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir, lagði fram og varð að lögum, segir um Hólmsárvirkjun neðri við Atley: „Mat faghópa var ekki byggt á nýjustu gögnum. Óvissa er með áhrif á skóglendi og hvar línulögn mun liggja. Vantar frekari upplýsingar.“

Sigurður Ingi sagði í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins á dögunum að gögn um virkjunina hefðu týnst.

Hagavatnsvirkjun var sett í biðflokk með þeim rökum að borist hefðu nýjar upplýsingar um jarðvegsfok og áhrif virkjunarinnar á ferðaþjónustu. Því var beint til næstu verkefnisstjórnar að taka virkjunarkostinn til nánari skoðunar og meta hvort ástæða sé til að gera tillögu um breytta flokkun hans. Sú vinna er nú hafin á vegum umhverfisráðherra.


DEBENHAMS
SUMAR
gladningur
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
DÖMU OG HERRA
SUNDFÖTUM
Gildir út sunnudag
Gerðu
lífið
skemmtilegra
30% afsláttur af öllum
stuttbuxum og söndulum!
Opið til 21:00 í kvöld
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum bílum á frábæru verði



Tökum notaðan uppí notaðan! Erum í samningsstuði!

SUBARU LEGACY OUTBACK LUX
Nýskr. 04/11, ekinn 111 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 190930

Aðeins kr. 3.980 þús.



NISSAN MURANO
Nýskr. 06/09, ekinn 57 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.380 þús.
Rnr.200291.



HYUNDAI iX35
Nýskr. 06/12, ekinn 26 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.890 þús.
Rnr.120116,



CHEVROLET MALIBU
Nýskr. 11/12, ekinn 4 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr.270297.



NISSAN PATROL LE
Nýskr. 07/09, ekinn 75 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.290 þús.
Rnr.141560.



NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 01/12, ekinn 5 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.280703.



PEUGEOT 208
Nýskr. 11/12, ekinn 8 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr.130544.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Uppreisnarmenn í Sýrlandi verjast árásum stjórnarhersins:

# Biðla til Evrópu um vopn

**SÝRLAND** Uppreisnarherinn í Sýrlandi biðlar til Evrópusambandsins að senda vopn fljótt til sýrlenskra uppreisnarmanna. Stjórnarher Bashar al Assad býr yfir öflugum og nútímalegum vopnum og sækir á í borgarastyrjöldinni.

Utanríkisráðherrar ESB funduðu á mánudag um áframhald viðskiptaþvingana á Sýrlandi. Ríkin eru klofin í afstöðu sinni til þvingananna og sagði Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, á dögunum að það yrði erfitt að ná niðurstöðu áður en bannið rynni út á föstudag. Bretar eru hvað harðastir í þeirri afstöðu að bannið eigi að renna út en Austurríkismenn eru á öndverðum meiði og segja orðspor sambandsins sem friðarstofnunar í húfi.

Í tilkynningu frá uppreisnarmönnum í Sýrlandi er því beint til Evrópuríkja að orðum verði að fylgja aðgerðir og þau hvött til að senda „sérstök vopn til að verjast hörðum árásum gegn varnarlausum borgurum“. - bþh



**UPPREISNARMENN** Biðlað hefur verið til Evrópusambandsins um að vopn verði send til Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Ráðherra kannar álversuppbyggingu

Ragnheiður Elín Árnadóttir, nýr iðnaðarráðherra, hefur beðið starfsfólk sitt um að kanna hvað kunni að standa í vegi fyrir því að álver hefji starfsemi í Helguvík. Skiptar skoðanir eru um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju hér á landi.

## Á AÐ STARFRÆKJA ÁLVER Í HELGUVÍK?

**Helguvík er skammt norðan við Keflavík í Reykjanesbæ og hefur verið rætt um að Norðurál fái að starfrækja þar álver. Síðan 2008 hafa verið framkvæmdir á svæðinu og nú þegar er búið að reisa stálvirkið sem hugsanlega mun einhverntíma hýsa kerskála álvers.**

birgirh@frettabladid.is

### AUKUM VERÐMÆTASKÖPUN

**„Við verðum að auka verðmætasköpun og nýta okkar einstaka orkuauð í þágu betri lífskjara og meiri velsældar í landinu. [...] Ég er mjög ánægð með þá stefnu ríkisstjórnarinnar að rammaáætlun verði aftur eins og var þegar hún kom úr sérfræðinganefndinni, sem þýðir að góðir virkjanakostir standa til boða.“**



**Elín Hirst**
**alþingismaður**
er fylgjandi byggingu álvers og kísilverksmiðju í Helguvík. „Við verðum að auka verðmætasköpun og nýta okkar einstaka orkuauð í þágu betri lífskjara og meiri velsældar í landinu,“ segir hún í svari til blaðsins. „Ég er mjög ánægð með þá stefnu ríkisstjórnarinnar að rammaáætlun verði aftur eins og var þegar hún kom úr sérfræðinganefndinni, sem þýðir að góðir virkjanakostir standa til boða.“ Hún vill þó gjarnan að sjóndeildarhringurinn verði breikkaður svo að stóriðja sitji ekki ein að orkunni í framtíðinni. Þá leggur hún áherslu á að nýting auðlinda verði að vera sjálfbær svo að þörfum nútímans verði mætt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða.

### HORFURNAR ERU DÖKKAR



**Guðmundur Hörður Guðmundsson**
**formaður Landverndar**
vill ekki að í Helguvík verði starfrækt álver. Hann vísar í könnun sem unnin var fyrir Landvernd í vor þar sem rúmlega helmingur aðspurðra sagðist andvígur fleiri álverum. „RÚV hefur flutt fréttir af því að álverin greiði lítið í sameiginlega sjóði þjóðarinnar,“ segir hann jafnframt og bendir á að á milli 70% til 80% af framleiddri raforku hér á landi séu seld álverum og að því geti fylgt efnahagsleg áhætta fyrir Ísland. „Álver nota miklu meiri orku en önnur iðnfyrirtæki og nú þegar hagkvæmustu virkjanakostirnir hafa þegar verið nýttir verður alltaf erfiðara og erfiðara að útvega þá miklu orku sem álver þarfnast.“

**„Orkufyrirtæki í eigu almennings hafa skuldsett sig úr hófi til að reisa virkjanir fyrir álver. Það hefur meðal annars leitt til hækkana á verði á rafmagni og hita til almennings og aukið þrýsting á krónuna. [...] Horfur á álmörkuðum eru dökkar. [...] Það eru slæmar fréttir fyrir þjóðarbúið vegna þess að verð á orku til álvera hér á landi er að stórum hluta tengt álverði.“**

Skýrsla um jafnrétti í háskólum gefin út af menntamálaráðuneytinu:

# Mikill vilji en minni eftirfylgni

**MENNTAMÁL** „Mikill vilji virðist vera alls staðar til að gera betur og það er vel,“ segir Herdís Sólborg Haraldsdóttir, höfundur skýrslu um stöðu jafnréttis innan háskólanna á Íslandi.

Skýrslan, sem er ítarleg úttekt á þáttum jafnréttis, greinir þær jafnréttisáætlanir sem unnið er eftir hverju sinni. Einnig skoðar Herdís kynjahlutföll í stjórnum skólanna, deildum þeirra og aðsóknartölum. Vakin er sérstök athygli á brottfalli karla úr háskólanámi og þrátt fyrir mikinn fjölda útskrifaðra kvenna, hversu fáar skili sér aftur í stöður innan akademíunnar. „Það vakti fyrst og fremst athygli mína að í Háskólanum í Reykjavík er þessu öfugt farið, þar hallar frekar á konur í námi. Til þess að jafna hlutföllin hefur skólinn á undanförnum árum gripið til sértækra aðgerða og náð að minnka þann halla töluvert. Það sýnir að lítið mál er að snúa þróuninni til betri vegar ef viljinn er fyrir hendi,“ segir Herdís.

**„Það sýnir að lítið mál er að snúa þróuninni til betri vegar ef viljinn er fyrir hendi.**

Enginn skólanna sex vinnur fullkomlega eftir eigin jafnréttisáætlun og skrifar Herdís það helst á tímaleysi. Háskóli Íslands stendur best hvað þetta varðar. Þeir skólar sem stóðu aftast voru Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst. Það má rekja til þess að engir jafnréttisfulltrúar eru starfandi við skólann og því enginn sem fylgir áætlunum eftir. - mlþ



**SKÝRSLA UM JAFNRÉTTI Í HÁSKÓLUM** Háskóli Íslands stendur einna best hvað varðar jafnrétti háskólanna á Íslandi. Þó er ýmsu ábótavant þar sem annars staðar.

# HÁTÍÐ HAFSINS

## 1.–2. júní

www.hatidhafsins.is













## Hún hló, hún hló hún skelli, skellihló...

### Allir sem sjóvettlingi geta valdið halda niður á höfn í tveggja daga fjör á sjó og landi

### Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Á laugardag og sunnudag, 1. og 2. júní, fögnum við sjómannadeginum í Reykjavík, skemmtum okkur, leikum okkur, njótum lífsins og gerum menningu hafsins hátt undir höfði með fjölbreyttum hætti.

Hátíðarhöldin fara fram á Granda og teygja sig yfir á Ægisgarð.

### Alltaf eitthvað að gerast við höfnina

Hátíðin verður flautuð inn af skipslúðrum kl. 11:00 á laugardagsmorgun og síðan verður fjölbreytt dagskrá fram undir kvöld, báða dagana.



## Tímamótum fagnað

Hátíð hafsins 2013 er í boði Faxaflóahafna og Sjómannadagsráðs. Báðir þessir aðilar fagna merkum tímamótum. Í ár er liðin ein öld frá því að framkvæmdir við Reykjavíkurhöfn hófust auk þess sem verið er að halda upp á 75 ára afmæli sjómannadagsins.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Sjómannadagurinn

Allt um dagskrána á www.hatidhafsins.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/SDR 64312 05/13

Heilbrigðisstofnun Vesturlands hyggst fjölga liðskiptaaðgerðum um tuttugu:

# Koma til móts við langa biðlista

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi stefnir á að fjölga liðskiptaaðgerðum á þessu ári um allt að tuttugu. Guðjón S. Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, segir að lögð sé sérstök áhersla á eflingu á þessu sviði í ljósi langra biðlista en ríflega 250 einstaklingar bíða nú þessara aðgerða á suðvesturhorni landsins samkvæmt tölulegum upplýsingum Landlæknisembættisins.

Um er að ræða bæði aðgerðir á hné og mjöðm. Guðjón segir að bið eftir aðgerð af þessu tagi geti því verið ríflega árslöng við núverandi og óbreyttar aðstæður. Guðjón segir enn fremur að undanfarin þrjú ár hafi verið gerðar um 110 aðgerðir á ári á sjúkrahúsinu á Akranesi og standi nú vonir til þess að þær verði ekki færri en 120 talsins í ár. Samkvæmt Guðjóni eru liðskiptaaðgerðir talsvert kostnaðarsamar en hann segir mögulegt að fjölga þeim nú vegna skipulagsbreytinga og hagræðingar í starfseminni. **- hó**



**LANGIR BIÐLISTAR** Bið eftir liðaskiptaaðgerð getur verið allt að árs löng. Heilbrigðisstofnun Vesturlands hyggst fjölga aðgerðum um tuttugu á þessu ári.

## ÞREFALT FLEIRI AÐGERÐIR Á HÁLENDINU SUMARIÐ 2012 EN 2010




Aðgerðir Hálendisvaktar björgunarsveitanna hafa ríflega þrefaldast að fjölda þegar síðustu þrjú sumur eru borin saman. Fjölgunin var 59 prósent á milli áranna 2011 og 2012. Skífuritið hægra megin sýnir skiptingu á milli þeirra hópa sem leituðu til Hálendisvaktarinnar sem sett var á laggirnar árið 2006.

# Fleiri útköll vegna fjölgunar ferðamanna

**Útköllum björgunarsveitanna hefur fjölgað gríðarlega undanfarið. Hörður Már Harðarson, formaður Landsbjargar, segir fjölgun ferðamanna og veðurfar meðal skýringa á þessari fjölgun. Tekjur sveitanna hafa dregist saman.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Verkefnum björgunarsveita hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár,“ segir Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Hann segir fjölgun ferðamanna, strandveiðar og vont veður skýra fjölgunina.

### Útköll vegna norðurljósaferða

„Við höfum verið að eltast við ótal ferðamenn í norðurljósaferðum í vetur svo dæmi séu tekin. Veðrið kemur ferðamönnum stöðugt á óvart,“ segir Hörður. Björgunarsveitir hafa líka staðið í ströngu undanfarin sumur. Hálendisvaktin var sett á laggirnar árið 2006 og hefur aðgerðum á hálendinu fjölgað mikið síðan, þær fóru úr 622 sumarið 2010 í 1917 árið 2012. „Okkur óraði ekki fyrir því þegar við byrjuðum á hálendisvaktinni að verkefnin yrðu svona mörg,“ segir Hörður, sem segir fjölgun ferðamanna á hálendinu skýra annríki björgunarsveitanna.

„Það hefur alltaf verið hlutverk björgunarsveitanna að sinna slysavörnum og menn sameinuðust í því að gera landið öruggt til heimsóknar en hefur kannski þróast út í það að við séum að bjarga fólki upp úr brunnum í stað þess að byrgja þá,“ segir Hörður. Hann segir fræðslu til ferðamanna lykilatriði. „Stór hluti af sjarmanum við Ísland er hve náttúran er ósnortin en það þýðir auðvitað að enginn er til aðstoðar ef ferðalangur í óbyggðum lendir í vanda. Og vandamálið er að einföld atriði eins og lokaður vegur eða ófærð skila sér oft ekki til ferðamanna.“

Hörður segir ljóst að niðurskurður til löggæslu skýri að hluta til aukið álag á björgunarsveitir. „Það verður að horfast í augu við þá staðreynd og líka að vera ljóst að við getum ekki sinnt löggæslu, það er ekki okkar hlutverk.“




**HÖRÐUR MÁR HARÐARSON** Formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar segir björgunarsveitir standa í ströngu við að sinna ferðamönnum á þjóðvegum landsins yfir vetrarmánuðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bjóða fólki í bakvarðasveit

Slysavarnafélagið Landsbjörg stendur fyrir söfnunarþætti annað kvöld í beinni útsendingu á RÚV. Fólki verður boðið að gerast meðlimir í sveit bakvarða sem styrkir og styður við bakið á fórnfúsu starfi sjálfboðaliðanna. „Við höfum þurft að draga saman seglin en núna ætlum við að reyna að fá fólk í lið með okkur og safna fé, vonandi gengur það vel,“ segir Hörður og hvetur fólk til þess að taka upp símann og styrkja sveitirnar. Meðal þeirra sem leggja sveitunum lið er Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, sem leikur í grínskets sem sýndur verður í þættinum.

### Tekjuskerðing vandamál

Á sama tíma og útköllum hefur fjölgað hafa tekjur björgunarsveitanna dregist saman. „Það er ekkert launungarmál að við höfum orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu síðan 2008,“ segir Hörður. Megintekjulind félagsins rennur úr félaginu Íslandsbili sem rekur spilakassa og fjármagnar einnig SÁÁ og hafa þær tekjur dregist saman. „Við verðum að leita nýrra leiða, það er ljóst,“ bætir hann við en félagið stendur fyrir landssöfnun í sjónvarpinu annað kvöld og vonast til þess að fá góðar undirtektir.

Björgunarsveitir stóðu í ströngu við björgun sauðfjár í haust þegar óveður skall á fyrir norðan og lögðu þá bændum lið. Strandveiðar hafa líka kallað á margvísleg verkefni og Íslendingar á faraldsfæti hafa líka þurft á aðstoð að halda. 4.000 manns eru á útkallsskrá björgunarsveitanna og segir Hörður að mikill áhugi sé á að starfa með sveitunum.

„Nýliðun er ekki vandamál hjá okkur, sem betur fer. Það er mikil endurnýjun og undanfarin ár hefur konum fjölgað mikið, sem er mjög jákvætt.“

sigridur@frettabladid.is

Finndu sumarjeppann á góðu verði

NOTAÐIR jeppar á sumarsölu í dag



Porsche Cayenne (GU996)
3,2i 250 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 12.2005. Ek. 115.000 km.
Verð: 3.090.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.
Sumartilboð: 2.690.000 kr.



Ford Expl. XLT Sport (ZGK29)
4,0i 214 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 11.2007. Ek. 76.000 km.
Verð: 3.280.000 kr.
Afsláttur: 590.000 kr.
Sumartilboð: 2.690.000 kr.



Mitsubishi Montero (ZL503)
3,8i 214 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 4.2004. Ek. 154.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.
Sumartilboð: 1.290.000 kr.



Ssangyong Rexton (YNG80)
2,7 DI 186 hö dísil sjálfsk. 4x4
Skráður 7.2009 Ek. 83.000 km.
Verð: 4.290.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 3.790.000 kr.



Toyota Land Cruiser VX (NG804)
4,0i 250 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 9.2005. Ek. 197.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.
Sumartilboð: 2.990.000 kr.



Ford Escape Ltd. AWD (JLJ27)
3,0i 200 hö bensín sjálfsk.
Skráður 3.2008. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 2.290.000 kr.

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN
notadir.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru opnar virka daga frá kl. 9-17 og frá kl. 12-16 á laugardögum

Notaðir bílar - Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Krefst breytinga á lögum:

## Vill að börn fái skaðabætur vegna eineltis

**SVÍÞJÓÐ** Nemendur og börn sem verða fyrir alvarlegu ofbeldi ættu að fá bætur hvort sem skólayfirvöld hafa brugðist við eineltinu eða ekki. Að barnið skuli hafa orðið fyrir einelti í skóla sem því ber skylda til að vera í er nógu alvarlegt. Þetta segir fyrrverandi umboðsmaður barna- og nemenda í Svíþjóð, Lars Arrhenius, í viðtali við Dagens Nyheter.

Sé farið í aðgerðir gegn einelti í skóla er sjaldan krafist skaðabóta. - ibs

Ársverðbólgan mælist 3,3%:

## Engin breyting á verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** Ársverðbólgan mælist 3,3% í maí og er óbreytt frá fyrri mánuði. Þetta er í samræmi við allar spár sérfræðinga. Á vefsíðu Hagstofunnar segir að vísitala neysluverðs miðað við verðlag í maí 2013 sé 411,3 stig og hafi lækkað um 0,05% frá fyrri mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 391,3 stig og lækkaði um 0,18% frá apríl.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,3% og vísitalan án húsnæðis um 3,4%. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,3% sem jafngildir 1,4% verðbólgu á ári (0,6% verðhjöðnun á ári fyrir vísitöluna án húsnæðis).

# Vilja að sveitarfélagið byggi undir lágvöruverðsverslun

Sjálfstæðismenn í Rangárþingi eystra vilja að sveitarfélagið gangist fyrir byggingu húss fyrir lágvöruverðsverslun á Hvolsvelli. Sveitarstjórinn segir lengi hafa verið reynt að fá slíka verslun í bæinn. Það sé mikilvægt.

**RANGÁRÞING EYSTRA** „Okkur finnst verslunarkostirnir hér á svæðinu svolítið dýrir og dreymir alltaf um lágvöruverðsverslun,“ segir Elvar Eyvindsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, sem lagði til í sveitarstjórn Rangárþings eystra að byggt yrði nýtt hús til að liðka fyrir opnun lágvöruverðsverslunar á Hvolsvelli.


ELVAR EYVINDSSON

Í tillögu Elvars og Kristínar Þórðardóttur er lagt til að sveitarfélagið kanni „kosti og galla þess að byggja nýtt verslunarhúsnæði á heppilegum stað í miðbænum“.

Rangárþing eystra keypti Austurveg 4 þar sem Kaupfélag Rangæinga var áður og Kjarval er nú. Reiknað er með að sveitarstjórnarskrifstofurnar flytji í bygginguna.

„Með því að byggja nútímalegt og einfalt verslunarhúsnæði á besta stað má ætla að trompum fjölgi á höndum heimamanna hvað óskir um lágvöruverðsverslun varðar,“ segja Elvar og Kristín og taka fram að sveitarfélagið þurfi ekki að eiga og reka húsnæðið. Það gæti verið í höndum annarra.

Verslunin Kjarval er eina matvöruverslunin á Hvolsvelli. Rangæingar hafa lengi reynt að fá einhverja af lágvöruverðsverslununum á svæðið. Elvar segir Kjarval dýra verslun.

„Ég giska á að við séum að borga tuttugu til þrjátíu prósent umfram, þannig að þetta er gríðarlegt kjaramál,“ segir Elvar, sem undirstrikar að aðeins sé stungið upp á að málið verði kannað. Ekki verði farið af stað með framkvæmdir nema verslun fáist í húsnæðið.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri segir að í langan tíma hafi verið rætt við þá sem reki Bónus, Nettó og Krónuna um að koma á Hvolsvöll. Í því felist gífurlegir hagsmunir fyrir heimamenn.

„En við sjáum það frekar fyrir okkur í þessu verslunarhúsnæði sem við vorum að kaupa heldur en að byggja sérstaklega yfir lágverðsverslun. Það kostar varla undir 300 milljónum króna að byggja slíkt hús. Það er allt of mikið,“ segir sveitarstjórinn.

Hluti tillögu Elvars og Kristínar snýst um að Sögusetrið fái núverandi húsnæði Kjarvals. Sögusetrið líði fyrir staðsetningu sína nokkur hundruð metra frá hringveginum.

„Það kemur gríðarlegur ferðamannafjöldi í bæinn og það eru feikileg tækifæri fyrir stað eins og Sögusetrið ef það eru hundrað þúsund manns fyrir utan gluggann,“ segir Elvar Eyvindsson.

gar@frettabladid.is


**HVOLSVÖLLUR** Rangæingar telja stóraukinn fjölda ferðamanna sem renna eftir hringveginum um Hvolsvöll geta verið grundvöll fyrir lágvöruverðsverslun í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> Það kostar varla undir 300 milljónum króna að byggja slíkt hús. Það er allt of mikið.
>
> *Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra.*




Sérstök brúðkaupsgjöf

KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!
Gildir um KitchenAid hrærivélar.





Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar KitchenAid vörur

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Rýmum fyrir nýjum módelum frá Samsung ...

UE50ES5505



SAMSUNG

*Dæmi:*

50" · LED
100 Hz
Full HD

Tilboðsverð:
Kr. 249.900

Seljum nú úrval af stórkostlegum Samsung sjónvörpum síðasta árs með verulegum afslætti vegna nýrra módela sem eru að koma.

## Frábærir nýir kæliskápar frá SAMSUNG





Úrval Samsung kæliskápa á góðu verði.

Dæmi - hér sýndur:
178 cm hár hvítur skápur
kr. 129.900

SAMSUNG



Úrval þvottavéla frá Samsung. Hágæða vélar.

Verð frá
kr. 109.900



Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar.

Verð frá
kr. 159.900

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 530 2870 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>455 4500 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

## HEIMURINN




### Lést af stungusárum

**1 BRETLAND** Banamein hermannsins sem ráðist var á í London í síðustu viku var fjölmörg stungusár og skurðir sem hann hlaut. Þetta staðfesti krufningalæknir. Hermaðurinn var ekki að sinna herskyldum þegar árásin átti sér stað nálægt herbúðum breska hersins í höfuðborginni. Talið er að árásin hafi verið gerð af íslömskum ofsatrúarmönnum með stóra hnífa og kjötaxir. Scotland Yard, rannsóknarlögreglan í Bretlandi, segir að hermaðurinn hafi verið á göngu nærri herbúðunum þegar hann varð fyrir blárri bifreið. Þá hafi mennirnir ráðist á hann.

### Tilræði við fullveldi Pakistan

**2 PAKISTAN** Bandarísk sprengjuflaug er sögð hafa grandað fjórum hátt settum talibönum, meðal annars næstæðsta stjórnarmanni hreyfingarinnar, Wali-ur-Rehman. Pakistanskir talibanar hafna því að hann sé fallinn. Ný ríkisstjórn tók við völdum í Pakistan eftir kosningar þar í þessum mánuði. Nawaz Sharif, tilvonandi forsætisráðherra, segir árás Bandaríkjanna vera tilræði við fullveldi Pakistan.



### Sækist ekki eftir endurkjöri

**3 BANDARÍKIN** Michelle Bachmann, þingmaður Minnesota-ríkis á Bandaríkjaþingi, ætlar ekki að sækjast eftir embætti á ný eftir að hennar fjórða kjörtímabili lýkur á næsta ári. Bachmann tók þátt í forvali Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar á síðasta ári en hlaut ekki brautargengi. Þá hefur hún gerst talsmaður skattleysishugmynda innan Teboðshreyfingarinnar í Repúblikanaflokknum. Hún útilokar þó ekki þátttöku í stjórnmálum í framtíðinni.

## Heimilið rifið í austurhluta Jerúsalem



**HEIMILIÐ HORFIÐ** Þessi palestínska kona horfði upp á ísraelskar jarðýtur leggja heimili fjölskyldu hennar í rúst í Beit Hanina-hverfi í austurhluta Jerúsalem í gær. Ísraelskar sveitarstjórnir gefa oft skipanir um að heimili Palestínumanna sem byggð hafa verið án leyfis séu rifin, þó að þar búi enn fólk. NORDICPHOTOS/AFP

Við óskum Icelandair Hotels og Ferðamálastofu til hamingju með nýju vefina í MOYA







„Samstarfið við Stefnu hefur allt gengið framar vonum. Stefna hýsir nú alla sjö vefi Icelandair hótela og sá nýverið um að setja upp nýja og viðamikla vefsíðu Icelandair hótela, veitingastaða þeirra og Eddu hótelanna og stóðu Stefnumenn sig sérlega vel í þeirri vinnu. Við skiptum einnig yfir í Moya vefumsjónarkerfi Stefnu og er kerfið einkar þægilegt og notendavænt. Stefna sýnir fagleg og vönduð vinnubrögð og er þjónustan náin, persónuleg og á mannamáli.

Erla Sigurlaug Sigurðardóttir
Vefdeild Icelandair Hotels

„Ég hef langa reynslu af vinnu með ýmsum vefumsjónarkerfum og vefstofum. Þar skiptir mestu þekking og hæfni þess starfsfólks sem maður á viðskipti við. Ég gef starfsfólki Stefnu fyrstu einkunn fyrir afbragðs þjónustu og öguð vinnubrögð.

Halldór Arinbjarnarson
Upplýsingastjóri Ferðamálastofu

Gerðu kröfur, veldu MOYA
MOYA íslenskt vefumsjónarkerfi

HAFNARSTRÆTI 97, 5. HÆÐ // 600 AKUREYRI
HAMRABORG 10, 3. HÆÐ // 200 KÓPAVOGI
S. 464 8700 // F. 464 8701
E. STEFNA@STEFNA.IS // WWW.STEFNA.IS

STEFNA HUGBÚNAÐARHÚS
10 ára

# Bílafjör

## á Kletthálsi



Opið til kl. 20.00 í kvöld
hjá bílasölum og fyrirtækjum á Kletthálsi.
Tilboðsverð á völdum ökutækjum og vörum.

Pylsur og gos í boði á milli 17:00 og 20:00.

Glæsivagnar frá Krúser klúbbnum (ef veður leyfir).

LYKILL
Fjármagnar bílinn fyrir þig

ARCTIC TRUCKS
bílson
DIESEL.IS
TOPPBÍLAR
ASKJA
Bílalíf
bílaland
VÍKURVAGNAR EHF.
TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
STORMUR EHF
STÓRA BÍLASALAN
HEIMS BÍLAR

## Hversdagsfatnaður til leigu



Í Malmö í Svíþjóð koma um 500 manns reglulega í fataleiguna Klädoteket til að leigja sér fatnað til að klæðast í vinnunni eða frítímanum. Margir viðskiptavinanna eru konur á aldrinum 16 til 35 ára, að því er segir á fréttavef Svenska Dagbladet. Mest er spurt eftir bolum og öðrum hversdagsfatnaði sem aðrir hafa gefið. Hægt er að taka fatnaðinn á leigu í þrjár vikur.

## Ófullnægjandi merkingar



Verið er að breyta merkingum á umbúðum með skelbrotnum humri frá Skinney-Þinganesi hf. Ábending barst frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að merkingar væru ófullnægjandi. Um er að ræða Hornafjarðarhumar í 2 kg öskju. Á öskjunni kemur fram að varan innihaldi aukefnið E-223 en flokksheitið natríummetabísúlfít vantar. Þar sem flokksheiti aukefnisins kemur ekki fram á umbúðum er því ekki um skýra merkingu með tilliti til ofnæmis- og óþolsvalda að ræða, að því er segir í fréttatilkynningu frá Skinney-Þinganesi hf. Þeir sem kunna að eiga þessa vöru geta haft samband við Humarsöluna ehf., Básvegi 1 í Reykjanesbæ (sími 8676677), og fengið að skila henni.

## Íslykillinn breiðist út




Íslykillinn, sem er eins konar nafnskírteini á netinu, nær sífellt meiri útbreiðslu. Innleiðing Íslykilsins er til þess að fólk geti auðveldlega skráð sig inn á vefi stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja, með einni miðlægri innskráningu í stað fjölda lykilorða. Íslykillinn er nú rúmlega mánaðargamall og um fimmtán þúsund einstaklingar og á annað hundrað lögaðilar hafa þegar tekið Íslykilinn í notkun.





15. - 28. ágúst 2013.

Hinn sígildi og geysivinsæli Miðevrópudraumur verður nú sennilega farinn í síðasta sinn eftir rúmlega 30 ára sögu. Farið verður um fallegustu fjallasvæði Evrópu, Þýsku, austurrísku, ítölsku og svissnesku Alpana.

Aðeins nokkur sæti laus.



Fararstjóri er hinn þaulreyndi Friðrik G. Friðriksson sem sér um að ferðalangar komi úthvíldir heim úr fríinu.

Nánari upplýsingar gefa Silja Rún og Guðný í síma 570 4472 (Vita sport).

Sjá myndasafn úr ferðum á Evrópurútur Frissa á www.vita.is

Verð í tvíbýli: 289.500 kr.

Fyrir einbýli er 55.000 kr. aukagjald. Innifalið: Flug, skattar, sigling, gisting með fæði og skoðunarferðir skv. ferðalýsingu.

VITA er í eigu Icelandair Group. ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA Suðurlandsbraut 2 Sími 570 4444

vita

VITA er lífið


**NEYTANDINN** NATALIE G. GUNNARSDÓTTIR

## Í blússandi sveiflu í sumar



„Bestu kaupin eru án efa nýja AFTUR-vestið mitt sem er úr leðri með áföstu kögri. Ég sé mig fyrir mér í blússandi sveiflu í vestinu í sumar," sagði Natalie G. Gunnarsdóttir, betur þekkt undir plötusnúðanafninu DJ Yamaho. „Ég hef beðið eftir flíkinni lengi og á eftir að nota hana mikið."

„Verstu kaupin verð ég að segja að sé einhvers konar rúllukragaúlpa sem ég keypti í Levi's-búðinni fyrir mörgum árum. Mér fannst þetta vera geðveik úlpa og sá mig í anda ná hámarksnýtingu úr flíkinni, þar sem íslenskt sumar kallast vetur á sumum stöðum. Viku seinna gaf Bubbi út glænýja plötu. Á plötuumslaginu var einlæg mynd af Bubba, í nákvæmlega eins úlpu," en sögunni fylgdi ekki hvað hefði orðið um úlpuna.

Natalie Guðríður Gunnarsdóttir er plötusnúður og nemandi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands.



**HEIMABANKINN** Neytendur verða að krefjast skýringa á þjónustuliðum og skoða reikninga sína í hverjum mánuði. Skynsamlegt er að skrá hjá sér allar áskriftir sem greitt er af, að sögn Ingibjargar Magnúsdóttur hjá Neytendasamtökunum.

# Fólk fylgist illa með reikningunum sínum

Neytendur fylgjast illa með reikningum sínum. Segja ekki upp þjónustunni en vilja fá allt endurgreitt. Fólki sjálfu að kenna, segir fulltrúi Neytendasamtakanna.

Neytendur fylgjast illa með reikningum sínum og vita ekki fyrir hvað þeir eru að borga, að sögn Ingibjargar Magnúsdóttur, fulltrúa Neytendasamtakanna í fjarskiptamálum.

„Það er með ólíkindum hversu mikið tómlæti fólk sýnir. Það bara borgar og borgar og hringir svo til okkar mörgum mánuðum eftir að það hélt að áskriftinni væri lokið. Þá vill það fá allt endurgreitt og stundum er aðeins komið til móts við fólk. Því er til dæmis boðin frí áskrift í tvo til þrjá mánuði ef um sjónvarpsstöð er að ræða en það á í raun ekki rétt á neinu. Það er algjörlega því sjálfu að kenna að hafa ekki sagt upp þjónustunni."

Margir hafa lent í því að halda áfram að greiða mánaðarlega til sjónvarpsstöðvar mörgum mánuðum eftir að myndlykli er skilað, að því er Ingibjörg greinir frá. „Neytendur halda að það sé nóg að skila myndlykli til fjarskiptafyrirtækis og þá hafi sjónvarpsáskriftinni sjálfkrafa verið sagt upp en svo er ekki."

Ingibjörg segir Neytendasamtökin ráðleggja fólki að skrá hjá sér allar áskriftir sem það hefur og reyna að fá yfirsýn yfir hvaða þjónustu er verið að kaupa. „Fjarskiptamarkaðurinn er flókinn og neytendur virðast hafa litla yfirsýn yfir bestu kjör og hvaða áskriftarleiðir henta best. Á flestum heimilum eru nokkrar tölvur, símar og sjónvörp og mánaðarlegur kostnaður vegna fjarskipta skiptir tugum þúsunda. Leiga á routerum og myndlyklum er hluti af þessum kostnaði, auk áskrifta af vefmiðlum og tónlist. Þar við bætist leiga á bíómyndum."

Fjarskiptaþjónusta er stór málaflokkur hjá leiðbeiningar- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna. „Það hafa komið upp nokkur mál þar sem stendur bara „virðisaukandi þjónusta" á símareikningum neytenda og engin nánari skýring. Eftir margra mánaða skuldfærslu áttar fólk sig á að þetta er kannski áskrift að tonlist.is sem það hefur skráð sig í í bríaríi án þess að gera sér grein fyrir að samþykktar voru mánaðarlegar úttektir af símareikningi," segir Ingibjörg og bætir við að skilmálar séu oft mjög flóknir og ógagnsæir. Neytendur verði að krefjast skýringa á þjónustuliðum og skoða reikningana sína í hverjum mánuði.

ibs@frettabladid.is



> **Neytendur halda að það sé nóg að skila myndlykli til fjarskiptafyrirtækis og þá hafi sjónvarpsáskriftinni sjálfkrafa verið sagt upp en svo er ekki.**
>
> *Ingibjörg Magnúsdóttir fulltrúi Neytendasamtakanna*

Flestar vörur hækkuðu hjá Siglufjarðarapóteki í nýrri verðkönnun ASÍ:

# 177 prósenta hækkun á einni vöru

Meðalverð á lausasölulyfjum og hinum ýmsu vörum apótekanna hefur hækkað töluvert síðastliðið ár samkvæmt verðkönnun ASÍ nú í maí frá því í júní í fyrra.

Af þeim 46 vörutegundum sem bornar voru saman á milli ára hafði meðalverð á 30 þeirra hækkað. Sú vara sem hækkaði mest hjá öllum apótekum eru Duroferon forðatöflur (100 stk. 100 mg). Meðalverðið í júní 2012 var 821 kr. en er nú 2.278 kr., sem er 177 prósenta hækkun. Algengast var að sjá hækkun á bilinu eitt til fimm prósent, að því er segir í frétt á vef ASÍ.

Aðeins Reykjavíkur Apótek og Garðs Apótek hafa nánast sama verð og í fyrra, þrátt fyrir einstaka verðbreytingar. Flestar vörurnar hækkuðu hjá Siglufjarðar Apóteki, í um 70 prósentum tilvika. Þar á eftir koma Lyfjaver, Austurbæjar Apótek og Lyfja með hækkanir í um helmingi tilvika. Þegar apótekakeðjur eru bornar saman sést að Lyfja hækkar oftast verðið en Lyfjaval lækkar það oftast. Sjá má niðurstöður könnunarinnar í töflu á vef ASÍ.




**GARÐSAPÓTEK** Nánast sama verð var hjá apótekinu og í fyrra.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-1279



# ERT ÞÚ AÐ KAUPA
## EÐA ENDURFJÁRMAGNA?

Arion banki býður nú tvær nýjar tegundir óverðtryggðra íbúðalána til fasteignakaupa eða endurfjármögnunar, til viðbótar við aðra kosti sem bjóðast hjá bankanum.

- **Óverðtryggt íbúðalán með stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu álagi bankans.**
- **Óverðtryggt íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára.**

Óverðtryggð lán henta þeim sem vilja hraðari eignamyndun og hafa rýmri greiðslugetu.

Hafðu samband við fjármálaráðgjafa í næsta útibúi Arion banka eða á arionbanki.is til að fá nánari upplýsingar og aðstoð við að meta hvaða leið hentar þér best.

Arion banki



**HS ORKA** Uppbygging í orkuiðnaði er forsenda þess að hagvöxtur aukist, segir OECD.

1,9% hagvöxtur í ár:

## OECD spáir auknum hagvexti 2013

**VIÐSKIPTI** Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, spáir því að hagvöxtur á Íslandi muni aukast töluvert á næsta ári og verða 2,6%. Spáð er að hagvöxturinn í ár verði 1,9%, sem er það sama og Hagstofan gerir ráð fyrir.

Þetta kemur fram í nýju yfirliti frá OECD um horfur í efnahagsmálum þeirra þjóða sem eiga aðild að stofnuninni. Hvað Ísland varðar setur OECD fyrirvara á spá sína um hagvöxtinn árið 2014 og segir að forsendur fyrir þeim vexti séu meðal annars fjárfesting í orkuiðnaði.

Þá kemur fram að OECD gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði undir 5% árið 2014 og að verðbólgan verði að meðaltali um 3,2%.

# Nýir tímar að renna upp

Ný skýrsla um íslenska fjarskiptamarkaðinn varpar ljósi á breytta tíma. Á meðan hefðbundin talsímaþjónusta dregst saman er mikill vöxtur í gagnaflutningum um netið og útlit fyrir að sú þróun sé enn á byrjunarstigi.

Samanlagðar tekjur fjarskiptafyrirtækjanna af fjarskiptastarfsemi á síðasta ári voru rúmir 48 milljarðar, sem er aukning um þrjá milljarða milli ára. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um fjarskiptamarkaðinn á Íslandi.

Meðal þess sem helst vekur athygli er að tekjur vegna fastanets og talsímareksturs stendur í stað eða dregst lítillega saman á meðan tekjur vegna farsímareksturs, gagnaflutninga og annarra hluta, til dæmis sölu á farsímum og efni vegna sjónvarpsrekstrar aukast mikið.

Þessar tölur eru lýsandi fyrir þróunina á fjarskiptamarkaði þar sem hefðbundin talsímaþjónusta er á hægu undanhaldi en gagnaflutningar á farsímaneti hafa stóraukist.

Til dæmis kemur fram í skýrslunni að símtölum innan fastaneta fækkaði um tólf prósent á milli áranna 2010 og 2012, úr tæpum 463.000 símtölum á ári niður í tæp 409.000 símtöl.

Á sama tímabili fjölgaði símtölum úr farsímum hér á landi lítillega, úr um það bil 399.000 símtölum árið 2010 upp í tæplega 413.000 símtöl árið 2012.

Gagnaflutningar um farsímanetið hafa hins vegar tvöfaldast og rúmlega það. farið úr 582.000 gígabætum árið 2010 upp í rúmlega 1.2 milljónir gígabæta á síðasta ári.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að markaðurinn sé að taka



GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR



LIV BERGÞÓRSDÓTTIR

stakkaskiptum um þessar mundir og viðbúið að þessi þróun haldi áfram næstu ár.

„Þótt við búumst við miklum breytingum í notkun farsíma og þróum þjónustu í samræmi við það, gleymum við ekki þeim viðskiptavinum sem hafa ekki fylgt þessari netþróun í gegnum símana. Og við tryggjum þeim að sjálfsögðu gömlu góðu þjónustuna, svo hún er ekki úreld.“

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri fjarskiptafyrirtækisins Nova, segir að á síðasta ári hafi ákveðið stökk átt sér stað, en það eigi enn eftir að aukast með bættri tækni.

„Á þessu ári munum við sjá öfluga 4G-snjallsíma koma á markaðinn, sem styðja tíu sinnum meiri hraða en 3G, þannig að hraðinn er alltaf að aukast og efni á netinu verður í sífellt meira magni lifandi sjónvarpsefni en ekki aðeins texti eins og er í dag. Símarnir eru svo sífellt að verða öflugri þannig að við erum bara að stíga okkar fyrstu skref í notkun netsins í farsímum.“

thorgils@frettabladid.is

### ➜ Heildartekjur fjarskiptafyrirtækja vegna fjarskiptastarfsemi 2012: 48 milljarðar




### 700 SMS á hvert mannsbarn

Í skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar kemur einnig fram að Íslendingar sendu rúmlega 225 milljónir SMS-skilaboða í fyrra, sem jafngildir því að hvert mannsbarn sendi rúmlega 700 skilaboð.

SMS-sendingum hefur fjölgað talsvert síðustu ár, en árið 2010 var 171 milljón skeyta send.

Nova er með mikla yfirburði á SMS-markaðnum þar sem sex af hverjum tíu skeytum eru send úr síma frá Nova. Vodafone er í öðru sæti með rúman fimmtung skeyta og Síminn með tæp átján prósent.



# Góð kaup á TIMBRI



## Við hættum í timbrinu...

*Múrbúðin mun hætta sölu timburs og þar með loka timbursölunni sem rekin hefur verið á Bakkabraut 9-11 á Kársnesi í Kópavogi. Við munum að sjálfsögðu halda áfram að bjóða byggingavörur á hinu rómaða Múrbúðarverði sem hingað til.*

## allt selt langt undir MÚRBÚÐARVERÐI!







- Stálstoðir
- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Spónaplötur
- Steinull
- Byggingatimbur
- Styrkleikaflokkað timbur
- Heflað timbur



MÚRBÚÐIN
TIMBURSALA

*Bakkabraut 9-11, Kópavogi · Opið virka daga kl. 08-18*

Bólusetning við hlaupabólu borgar sig:

# Tvöfalt heilbrigðiskerfi

Á Íslandi bólusetjum við ekki við hlaupabólu, en í fréttum okkar á Stöð 2 í gær og Fréttablaðinu í dag kemur fram að árlega lenda nítján einstaklingar á spítala vegna alvarlegra einkenna af völdum hlaupabólu. Mikill fjöldi barna fær hlaupabólu árlega, með tilheyrandi kláða og óþægindum. Það tekur flesta krakka um tíu daga að jafna sig og mamma og pabbi þurfa að sjálfsögðu að taka sér frí frá vinnu til að sinna börnunum.

Hlaupabóla getur verið alvarlegur sjúkdómur hjá börnum. Sjúkdómurinn getur nefnilega farið illa í börn líkt og fullorðna. Langflest þessara nítján sem þurfa að leggjast inn árlega eru börn. Oftast eru það bakteríusýkingar í sárum sem valda vandræðum.

Mikael Torfason
mikael@frettabladid.is



Í fyrra völdu um 220 foreldrar að bólusetja börnin sín við hlaupabólu, en það er mikil aukning frá árunum á undan. Þá báðu einungis um 50 foreldrar um þessa aukabólusetningu. Þetta er mikil aukning í prósentum talið, en bólusetningin kostar aukalega sextán þúsund krónur. Bóluefnið heitir varilrix, hver skammtur kostar átta þúsund og það þarf að bólusetja hvern einstakling tvisvar.

Það eru sterk rök fyrir því að við sem samfélag ættum að leggja út fyrir bólusetningu handa öllum börnum á Íslandi. Hagfræðideild Háskóla Íslands komst að því fyrir fjórum árum að hlaupabóla kostaði samfélagið um 290 milljónir á ári. Þar vóg þyngst vinnutap foreldra barna með hlaupabólu. Kostnaður við bólusetningu á öllum okkar börnum kostaði þá, samkvæmt Hagfræðideildinni, ekki nema 156 milljónir.

Önnur rök eru þau að við á Íslandi viljum ákveðið jafnræði þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Við stærum okkur af því að enginn sé tekinn fram fyrir röðina, sama hversu ríkur viðkomandi er. Lyf viljum við til dæmis að séu niðurgreidd svo allir hafi sama aðgang að þeim óháð efnahag. Við erum að þessu leyti viðkvæm fyrir stéttskiptu samfélagi.

En um leið og við viljum ekki reka hér tvöfalt heilbrigðiskerfi krefjumst við þess að fá sem bestar upplýsingar um framþróun sem snertir heilsu okkar og líf. Þannig er sjálfsagt mál að foreldrar séu upplýstir um að þessi bóluefni séu til og gott að læknar auðveldi aðgengi að þeim.

Engu að síður skulum við staldra við þegar svona tíðindi berast. Að sífellt fleiri foreldrar velji að bólusetja börn sín við sjúkdómi á borð við hlaupabólu. Það gefur tilefni fyrir nýjan heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, að skoða málið og athuga hvort ekki ætti að bjóða þetta bóluefni öllum börnum. Nú þegar bólusetjum við börn við ýmsum sjúkdómum í ungbarnaeftirliti og ekkert er sjálfsagðara en að bæta hlaupabólu við. Á Íslandi er þjóðarsátt um þessi mál og auðvelt að kippa þessu í liðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hví er þjóðin ekki spurð strax?

Gunnar Bragi Sveinsson, nýr utanríkisráðherra, tilkynnti í gær að ekki yrði lögð meiri vinna í aðildarumsókn að Evrópusambandinu fyrr en hann hefði hitt fulltrúa þess. Það verður reyndar strax í júní, þannig að kannski er þetta bara skynsamleg ákvörðun. Eftir stendur hins vegar að ríkisstjórnin ætlar ekki að halda viðræðum áfram fyrr en þjóðin hefur fengið að kjósa um hvort það verður gert. Það er hins vegar allt á huldu um hvenær það verður. Það er skrýtið. Er ekki einfaldast að þjóðin fái strax að segja hug sinn? Fari svo að hún vilji halda áfram viðræðum er ekki gott að of langt hlé komi á þær. Varla er ríkisstjórnin hrædd við útkomuna?

### ESB-aðild breytir engu

Á þessum stað var því haldið fram í gær að staða Króatanna sem vísað var úr landi myndi gjörbreytast 1. júlí, þegar Króatía gengur í Evrópusambandið. Það er hins vegar ekki rétt. Staða þeirra gagnvart því að koma hingað til lands breytist ekki við ESB-aðild Króatíu. Til þess þarf Króatía að ganga í Schengen, nú eða þá að verða hluti af EES, sem landið verður trauðla sem hluti af Evrópusambandinu.





### Lappadráttur í jafnréttismálum

Eitt af því sem fráfarandi ríkisstjórn gumaði nokkuð af var árangur í jafnréttismálum. Vissulega hafa sigrar unnist í þeim málaflokki en annað stendur verr. Enginn brigslar Jóhönnu Sigurðardóttur um áhugaleysi á málaflokknum en þó fékk hún á sig dóm fyrir brot á jafnréttislögum. Nú hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, ákveðið að höfða mál gegn Íslandi þar sem hér hefur ekki verið innleidd tilskipun frá ESB um jafna stöðu kynjanna. Þetta er brot á EES-samningnum og undrunarefni af hverju er ekki löngu búið að innleiða tilskipunina.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Til hamingju Ísland eða hvað?

HJÁLPARSTARF



**Bjarni Gíslason**
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

Það eru margir sem fá hamingjuóskir þessa dagana enda tími skólaslita og útskrifta. Við getum verið stolt af þeim sem klára áfanga og halda til starfa í samfélaginu eða til áframhaldandi náms. Við gleðjumst yfir þessu en það hefur líka komið fram að margir heltast úr lestinni í framhaldsskóla. „Þurfum þjóðarátak gegn brottfalli,“ sagði Skúli Helgason alþingismaður í grein í Fréttatímanum 26. október 2012 og bætti við: „Það er engan veginn ásættanlegt að upp undir þriðjungur nemenda í framhaldsskóla hrökklist frá námi án þess að fá viðunandi þjónustu.“ Lóa Pind Aldísardóttir fjallar af sinni alkunnu snilld um þetta málefni á Stöð 2 þessa dagana í þáttunum Tossarnir.

### 129 ungmenni fengið stuðning

Hjálparstarf kirkjunnar vill leggja lóð á vogarskálarnar til að fækka þeim sem hætta námi. Staðreyndin er sú að erfið fjárhagsstaða fjölskyldna getur bitnað á framhaldsskólanámi ungmenna. Námsgögn, skólagjöld, kaup á tölvu, sem í sumu námi er nauðsynleg, og annar kostnaður vegna námsins getur orðið hindrun í að ljúka námi. Þegar fjárhagsstaðan er erfið eru öll útgjöld há.

Hjálparstarfið hefur stofnað Framtíðarsjóð sem styður ungmenni 16-20 ára til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem leiðir til starfsréttinda eða opnar leið til háskólanáms.

Þannig léttum við undir, ekki bara á einni önn heldur eins lengi og þarf til að ljúka námi. 129 ungmenni úr 18 sveitarfélögum fengu stuðning á síðasta skólaári. Margir hafa lokið námi með starfsréttindi og hafa hafið störf, aðrir hafa hafið háskólanám.

### Útskriftargjöf sem gefur

Hvernig getum við um leið og við gleðjumst með þeim sem útskrifast úr námi gert öðrum kleift að ljúka námi? Jú, með því að gefa í útskriftargjöf gjafabréfið Framtíðarsjóður sem hægt er að kaupa á skrifstofu Hjálparstarfsins eða á vefsíðunni gjöfsemgefur.is. Þá fær útskriftarneminn persónulegar hamingjuóskir um leið og hann getur lesið á gjafabréfinu upplýsingar um Framtíðarsjóðinn, hvernig hann gerir gæfumuninn fyrir aðra sem annars hefðu á hættu að geta ekki lokið námi.

Það skiptir nefnilega máli að fleiri fái að heyra: „Til hamingju með áfangann!“

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# „Það er frábært að geta valið“

Í DAG
**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
borgarfulltrúi



Áskorun um styttingu skólagöngu skaust upp á yfirborðið nýlega. Í þetta skiptið gerðist það í kjölfar útgáfu skýrslu samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Þar var lögð fram tillaga um að stytta skólagöngu um tvö ár til að auka framleiðni í skólakerfinu. Því er ekki að neita að umrædd framleiðni mætti vera mun betri enda er fimm ára meðalnámstími til stúdentsprófs allt of langur tími. Að auki er erfitt að útskýra af hverju íslenskir nemendur eru tveimur árum eldri en nágrannaþjóðir okkar að loknu framhaldsskólaprófi. Áskorunin er því réttmæt.

Það gleymist hins vegar að árið 2008 voru samþykkt ný lög fyrir öll skólastigin sem opnuðu á miklu meiri sveigjanleika fyrir framhaldsskóla, m.a. til að stytta nám til stúdentsprófs og til að flétta saman verknáms- og bóknámsbrautir. Lögin gefa skólameisturum kost á að hanna námsleiðir fyrir starfs-, iðn-, list- og bóknám með sveigjanlegum fjölda eininga sem ráðuneytið þyrfti síðan að samþykkja sem framhaldsskólapróf, starfsnámspróf eða stúdentspróf.

Lögin frá 2008 byggðu á tíu punkta samkomulagi þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, og Kennarasambands Íslands og mörkuðu stefnu um breytingar og uppbyggingu skólastarfs. Meðal annars var námsskrám breytt þannig að næstum heil önn af námi framhaldsskólans færðist niður í grunnskólann og tímaskipulagi var breytt í framhaldsskólum. Námslega og lagalega er stytting framhaldsskólans um eitt ár því tilbúin. Kaflar IV og V í lögum sem kveða á um þennan sveigjanleika hafa því miður ekki enn tekið gildi því gildistöku þeirra var frestað af fráfarandi ríkisstjórn til ársins 2015.

### 70% á þremur árum

Í kjölfar lagabreytinganna var ákveðið að Kvennaskólinn í Reykjavík yrði þróunarskóli. Síðustu fjögur árin hefur Kvennó boðið upp á val um þriggja eða fjögurra ára nám til stúdentsprófs. Í fyrra lauk fyrsti árgangurinn námi í nýja kerfinu þar sem um 60% hópsins luku stúdentsprófi á þremur árum. Í ár verður þetta hlutfall um 70%. Í úttekt um þróunarstarf Kvennaskólans segja nemendur þriggja ára námið vera mikla vinnu og hafa þeir með athugasemdum sínum stutt skólann í að aðlaga, bæta og breyta skipulagi námsins. Á öllum stigum geta nemendur valið um hraða í náminu og útskrifast á þremur, þremur og hálfu eða fjórum árum. Nemendur segja sumir að þeir græði heilt ár og velja að ferðast, læra tungumál erlendis eða kynnast störfum. Aðrir fara beint í háskóla. Eða eins og einn nemandi Kvennaskólans sagði: „Það er frábært að geta valið.“

Nú þegar bjóða margir skólar upp á val í samræmi við nýju lögin en aðrir bíða eftir að lögin taki að fullu gildi. Fjölbrautaskólar geta boðið upp á nám á meiri hraða en nýju lögin gera þeim kleift að gera valið raunhæfara. Menntaskóli Borgarfjarðar býður upp á þriggja ára nám, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Hraðbraut hafa boðið upp á nám á tveimur til þremur árum.

Enn aðrir skólar sjá jafnvel fyrir sér að halda áfram með fjögurra ára brautir og bjóða kannski upp á val um fornám fyrir háskólanám á fjórða ári. Menntaskólinn á Akureyri er að innleiða spennandi námskrá sem tengir saman ólík fög í verkefnavinnu á fyrsta ári sem veitir nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum námskostum og velja réttar brautir. MA leggur sérstaka áherslu á að bjóða velkomna grunnskólanemendur úr 9. bekk sem treysta sér til að fara hraðar í gegnum skólagönguna.

Það er mikilvægt í umræðunni um styttra nám að horfa til þeirra breytinga sem eru í farvegi. Við megum ekki gleyma að á Íslandi fara 96% grunnskólanema í framhaldsskóla og því grundvallaratriði að í boði séu margar leiðir og á mismunandi hraða. Aukin framleiðni hlýtur að vera afleiðing af því að nemandi finni sér nám við hæfi. Fleiri þættir skipta auk þess miklu máli varðandi framleiðni í skólakerfinu. Það þarf að auka möguleika sterkra nemenda sem virðast ekki, í samanburði við aðrar þjóðir, fá nægilegan stuðning. Stjórnvöld verða að fara í markvissar aðgerðir til að minnka brottfall. Við verðum að rannsaka hvaða nemendur eru fimm ár eða fleiri í framhaldsskóla og hvernig við getum stutt þá í námi.

> Aukin framleiðni hlýtur að vera afleiðing af því að nemandi finni sér nám við hæfi. Fleiri þættir skipta auk þess miklu máli varðandi framleiðni í skólakerfinu. Það þarf að auka möguleika sterkra nemenda sem virðast ekki, í samanburði við aðrar þjóðir, fá nægilegan stuðning.

### Valið er lykilatriði

Valkostir og hugmyndir skólameistara eru fjölmargar. Tveggja og þriggja ára námsbrautir verða að vera valkostur í fleiri skólum. Fleiri valkostir auka líkur á að nemendur velji nám við hæfi, hætti síður námi og skapi þar með ný tækifæri í atvinnulífinu. Því er mikilvægt að ný ríkisstjórn í samstarfi við kennarasamtök og atvinnulífið taki áskorun um að hraða innleiðingu laganna frá 2008. Öflugt menntakerfi mun skila okkur öflugu atvinnulífi.

## AF NETINU

### Meðferð flóttafólks

Nú hefur ekki verið nein flóðbylgja flóttamanna til Íslands á undanförnum áratug. Það hefur hins vegar verið flóðbylgja annarra innflytjenda til landsins. Frá 2001 til 2013 fjölgaði innflytjendum til Íslands um nálægt 20 þúsund manns, úr rúmlega 10 þúsund í 29 þúsund. Flestir koma frá löndum ESB, enda hafa þeir rétt til að setjast hér að og leita sér vinnu.

Þetta voru um 1500 manns á ári að meðaltali sem þannig komu.

Hvers vegna er þá alltaf verið að hundelta þessa fáu sem hingað koma sem flóttamenn? Og senda grátandi til baka.

**http://blog.pressan.is**

*Stefán Ólafsson*

### Einelti er samfélagsvandamál

Á Íslandi hefur umræðan um einelti einskorðast við einelti meðal barna í skólum og starfmanna ríkisstofnana. Lítil umræða hefur farið fram um einelti sem kúgandi afl í samfélaginu þar sem reynt er að halda fólki niðri með ósannindum og árásum. Í rannsókn sem gerð hefur verið á hópi kennara kemur í ljós að viðvarandi átök eiga sér stað innan skólans þar sem ákveðnir hópar eða einstaklingar taka að sér að stjórna öðrum. Stýringin birtist í ýmsum myndum s.s. í þöggun, bælingu, átökum, upplifun fólks á valdaleysi innan stofnunarinnar og upplifun á því að sérfræðiþekking og sérhæfing þeirra væri vannýtt (Arna H. Jónsdóttir, 2009). Engin ástæða er til að ætla að þetta sé öðruvísi í öðrum starfsstéttum.

**http://blog.pressan.is**

*Inga Sigrún Atladóttir*



# Ferðaþjónusta fatlaðra þarf að breytast

SAMFÉLAG



**Björk Vilhelmsdóttir**
borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar

Án öflugrar réttindabaráttu væri staða fólks sem almennt er þögult um aðstæður sínar mun verri en hún er. Þjónusta við fatlað fólk þarf að þróast, um það eru allir sammála sem til þekkja. Eftir áralangt fjársvelti hafa væntingar farið á flug um betri tíð, ekki síst eftir að sveitarfélögin tóku við þjónustunni árið 2011. Það er gott. En því miður komast sveitarfélögin ekki almennilega á flug, vegna þess hversu þjónustuþörfum margra hefur lítið verið mætt. Margt er sérstaklega vel gert í þessum málaflokki, en of margir bíða eftir viðeigandi þjónustu og ekki síður notendastýrðri persónulegri aðstoð. Viljinn er fyrir hendi, það á „bara“ eftir að fjármagna betri þjónustu og aðstoð úr sameiginlegum sjóðum okkar landsmanna. Sveitarfélögin fá of lítinn hluta til sín og það hamlar framþróun.

Auður Guðjónsdóttir vakti athygli á því í Fréttablaðinu 28. maí að fatlað fólk í Reykjavík geti ekki nýtt sér Ferðaþjónustu fatlaða ef það fær bifreiðastyrki frá Tryggingastofnun. Hennar sýn og margra er sú að fatlaðir eigi að hafa val um hvenær þeir taki sinn strætó (Ferðaþjónustu fatlaðra) óháð bifreiðahlunnindum. Þeir sem ekki búa við fötlun taka strætó óháð bílaeign. Þetta er því ekki langsótt krafa.

### Ekki við borgina að sakast

En það er ekki við Reykjavíkurborg að sakast. Borgin, umfram önnur sveitarfélög, leggur sig fram um að bera félagslega ábyrgð í samræmi við lög, reglur og þarfir sinna íbúa. Velferðarráðuneytið setur leiðbeinandi reglur um Ferðaþjónustu fatlaðra sem grundvallast á 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Í þeim reglum segir: „Reglur sveitarfélags skulu skilgreina þann hóp notenda sem á rétt á þjónustu.“ Að lágmarki ætti skilgreiningin að fela í sér eftirfarandi:

a. Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu.
b. Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar.
c. Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 4. gr.

Umrædd 4. grein tekur á undanþágum og frávikum vegna sérstakra aðstæðna, svo sem ef fatlað fólk sem á bifreið þarf á ferðaþjónustu að halda. Í greininni er þó bara talað um að eiga bifreið en það ekki tengt bifreiðahlunnindum almannatrygginga.

### Samræmdar reglur

Ef Reykjavíkurborg ákveður að opna enn frekar ferðaþjónustuna gæti það leitt til mikils kostnaðarauka. Það getur borgin ekki axlað ein, enda væri hún þá ein um að ákveða slíkt á meðan lög og leiðbeinandi reglur ráðuneytisins kveða á um annað. Því þarf krafan um rýmri löggjöf að beinast að ríkisvaldinu. Framlag borgarinnar árið 2012 til ferðaþjónustunnar var ríflega 600 m.kr. og hefur farið stöðugt hækkandi.

**➜ Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna nú að samræmdum reglum í takti við leiðbeinandi tilmæli ráðuneytisins.**

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna nú að samræmdum reglum í takti við leiðbeinandi tilmæli ráðuneytisins. Einnig er unnið að því að bjóða út þjónustuna með það að markmiði að bæta hana, gera hana sveigjanlegri en um leið hagkvæmari. Sveitarfélögin þurfa að koma sér saman um gæðakröfur og þjónustuviðmið og er unnið að því. Þegar þjónustan verður opnuð, m.a. fyrir pöntun ferðar án fyrirvara eða samdægurs eins og til stendur, þá erum við búin að skapa kerfi sem getur tekið mið af þörfum fólks hverju sinni. Kerfið mun ekki vera hamlandi þróist ferðaþjónustan í átt að því sem Auður talar um í grein sinni og getur betur tekið á undanþágum og frávikum sem nú þegar er opið fyrir.

Að lokum vil ég þakka Auði fyrir baráttu hennar fyrir réttindum fatlaðs fólks og endurhæfingu þeirra sem hlotið hafa mænuskaða.




# Veit forsætisráðherra ekki betur?

SJÁVARÚTVEGSMÁL



**Jón Steinsson**
dósent í hagfræði við Columbiaháskóla í New York

Þorbjörn Þórðarson fréttamaður spurði Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra út í veiðigjaldið í Íslandi í dag á dögunum. Sigmundur Davíð svaraði á þessa leið: „Eins og kemur fram í stjórnarsáttmála þá verður áframhaldandi gjaldtaka en munurinn verður sá að gjaldtakan verður til þess fallin að halda litlum og meðalstórum sjávarútvegsfyrirtækjum gangandi.“

Þessi ummæli eiga að vera rök fyrir því að breyta sérstöku veiðigjaldi þannig að það verði skattur á hagnað hvers fyrirtækis í stað þess að vera gjald á þorskígildi sem ákvarðast af afkomu greinarinnar í heild. En ef tilgangurinn væri að hlífa litlum fyrirtækjum væri mun auðveldara að lækka gjaldið á fyrstu nokkur hundruð þorskígildistonn hvers fyrirtækis. Ákvæði um slíkt er meira að segja að finna í núgildandi lögum. Einungis þyrfti að hækka afsláttinn.

Getur verið að raunverulegur tilgangur þess að breyta veiðigjaldinu sé allt annar en að hlífa litlum fyrirtækjum? Getur verið að tilgangurinn sé að haga gjaldtökunni þannig að fyrirtæki í greininni eigi auðveldara með að koma sér hjá því að greiða gjaldið?

Þorbjörn fréttamaður spurði Sigmund Davíð einnig út í þetta atriði. Sigmundur svaraði: „Þú tekur ekki peninga út úr fyrirtæki öðruvísi en að það sé hagnaður. Og þá greiðir þú af því skatt.“

### Ekkert heilagt

Er þetta svona einfalt? Hár skattur á hagnað veitir eigendum fyrirtækja sterka hvata til þess að „taka fé út úr fyrirtækjum sínum“ í formi hlunninda sem þeir geta talið sem rekstrarkostnað. Hjá stærri fyrirtækjum

**➜ Getur verið að raunverulegur tilgangur þess að breyta veiðigjaldinu sé allt annar en að hlífa litlum fyrirtækjum?**

þarf hins vegar stórtækari aðferðir en risnu og annað í þeim dúr til þess að ná verulegu fé út úr fyrirtækinu. Eigendur slíkra fyrirtækja geta hins vegar látið fyrirtækin taka lán á háum vöxtum frá tengdum aðilum. Þannig er fé tekið út úr fyrirtækinu í formi óeðlilegra vaxtagreiðslna til tengdra aðila og enginn skattur greiddur.

Leikfimi af þessum toga er auðvitað strangt til tekið ólögleg. En það er erfitt að sanna lögbrot af þessum toga og öllum er ljóst að yfirvöld skella skollaeyrum hvað þetta varðar.

Mikilvægur kostur við útfærslu núverandi veiðigjalds er að frá sjónarhóli hvers fyrirtækis er lítið sem þau geta gert til þess að koma sér undan gjaldinu (þar sem það ákvarðast af afkomu greinarinnar). Þetta lágmarkar neikvæð áhrif veiðigjaldsins á hegðun sjávarútvegsfyrirtækja. Í flestum tilfellum er sjálfstæðismönnum mjög umhugað um að lágmarka skekkjandi áhrif skatta. En í þessu tilfelli virðast þeir þvert á móti vilja auka þau til muna og þannig draga úr hagkvæmni í greininni.

Fyrirhugaðar breytingar á veiðigjaldinu eru síðan sérstaklega athyglisverðar í ljósi þess að það málamyndaveiðigjald sem fyrri ríkisstjórn þessara flokka setti á fyrir um áratug var ekki lagt á hagnað hvers fyrirtækis einmitt af þeim ástæðum sem raktar eru hér að ofan. En núverandi stjórnvöldum virðist ekkert heilagt þegar kemur að því að hygla útgerðarmönnum.

# Grensásdeild 40 ára

HEILBRIGÐISMÁL



**Stefán Yngvason**
yfirlæknir á Grensásdeild

Starfsfólk og velunnarar Grensásdeildar fagna á þessu ári 40 ára afmæli deildarinnar. Frá opnun hennar þann 26. apríl 1973 hefur endurhæfing verið hinn rauði þráður starfseminnar. Með sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 var svo endurhæfingarhlutverk deildarinnar fest í sessi gagnvart sjúklingum á öllum deildum í Fossvogi og við Hringbraut. Árlega koma um 400 einstaklingar á dagdeild og 250 á sólarhringsdeild, langflestir beint af bráðadeildum Landspítala. Heilablóðföll eru algengasta ástæða innlagnar á Grensásdeild, en auk þess margs konar veikindi og afleiðingar slysa sem valda færniskerðingu. Má þar nefna höfuðáverka, mænuskaða, útlimsmissi og afleiðingar ýmissa langvinnra sjúkdóma.

### Samstarfsverkefni

Endurhæfing er samstarfsverkefni þar sem skapaðar eru aðstæður fyrir sjúklinga að vinna með breiðum hópi fagfólks til að ná til baka sem mestu af þeirri færni sem tapast hefur. Til þess þarf margt að fara saman. Nægilegt umfang starfsemi til að svara þörfum sjúklinga Landspítala, húsnæði sem í senn er bæði öruggt og nægilega rúmgott til að mæta þörfum fatlaðra og fjölbreyttur hópur vel menntaðs starfsfólks með brennandi áhuga á viðfangsefninu.

### Breytingar

Á undanförnum árum höfum við séð talsverðar breytingar í sjúkdóma- og slysamynstri samfélagsins sem m.a. tengist breyttum lífsháttum. Frítímaslys af ýmsum toga og nýir faraldrar skæðra örvera eru dæmi um þetta. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast, legutími á sjúkrahúsum mun áfram styttast með aukinni þörf fyrir ferliþjónustu og heimaþjónustu. Fleiri lifa af alvarleg veikindi og slys, oft þó með varanlegri færniskerðingu. Þörfin fyrir öfluga endurhæfingarmiðstöð Landspítala sem getur tekist á við fleiri og flóknari verkefni er augljós. Ekki er lengur hjá því komist að bæta aðbúnað sjúklinga með aðgang að einbýli með salerni fyrir alla, viðunandi aðstöðu fyrir aðstandendur og auka verulega þjálfunaraðstöðu fyrir fjölþætta endurhæfingu. Með skilningi og tilstyrk Hollvina Grensásdeildar og stjórnvalda eygjum við von um að bætt aðstaða með nýrri viðbyggingu og endurbótum verði að veruleika innan fárra ára.

**➜ Með skilningi og tilstyrk Hollvina Grensásdeildar og stjórnvalda eygjum við von um að bætt aðstaða með nýrri viðbyggingu og endurbótum verði að veruleika innan fárra ára.**

Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



www.grillbudin.is









**Komdu og fáðu ráðleggingar**

# Grillbúðin

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is**

# Glópagull við Mývatn

UMHVERFISMÁL



**Hjördís Finnbogadóttir**
kennari og íbúi í Mývatnssveit

„Fréttir af slæmu ástandi lífríkis Lagarfljóts eru rangar og voru sagðar í tilefni kosninga. Stjórnendur Landsvirkjunar eru á leiðinni austur til að upplýsa hið rétta í málinu.“ Þetta sagði forstjóri fyrirtækisins á upplýsinga- og samráðsfundi með Mývetningum á dögunum.

Fundurinn snerist um virkjanaáform Landsvirkjunar í Suður-Þingeyjarsýslu. Sérstaklega um Bjarnarflagsvirkjun enda hafa heimamenn margvíslegar áhyggjur af slæmum áhrifum hennar á heilsufar íbúa og lífríki Mývatns og Laxár. Ekki er upplýst hver efnahagslegur ávinningur samfélagsins í Mývatnssveit gæti verið eftir framkvæmdatímann. En forstjóri Landsvirkjunar sér fyrir sér að þegar framkvæmdum ljúki í Bjarnarflagi verði hafist handa á Þeistareykjum og þegar menn verði búnir þar verði farið í Kröflu II og svo aftur í Bjarnarflag og þannig koll af kolli. Þessi virkjanakeðja gæti tekið áratugi, eða eins og forstjórinn sagði: „Þegar framkvæmdum lyki við síðustu virkjunina yrði líftími þeirrar fyrstu um það bil liðinn.“ Orkuveita Reykjavíkur gerir ráð fyrir að virkjanir hennar á Hellisheiði dugi í 50-60 ár hið minnsta, en ekki er vitað hvaða líftíma Landsvirkjun ætlar gufuvirkjunum sínum í nágrenni Mývatns.

**Gullgrafarablær**

Á sex hektara lóð í Bjarnarflagi, þar sem eitt sinn var unninn kísilgúr, stendur til að reisa vinnubúðir fyrir 180 manns. Gert er ráð fyrir tólf byggingarreitum, samtals 13.200 fermetrum. Í ljósi áforma um keðju virkjana er rétt að velta fyrir sér samfélagslegum áhrifum svo fjölmennra vinnubúða sem kunna að verða notaðar í áratugi. Í Mývatnssveit er fámennt samfélag, íbúar í Reykjahlíðarþorpi eru um 150 og innan við 400 í sveitinni allri. Búast má við að svo stór flokkur „virkjunarmanna Íslands“ hafi afgerandi áhrif og ljái samfélaginu gullgrafarablæ. Það er þegar undir miklu álagi af ferðamennsku. Sveitungarnir líta þá atvinnugrein fremur jákvæðum augum þótt þeir séu meðvitaðir um galla svo sem neikvæð umhverfisáhrif, mengun, rusl og árstíðabundin láglaunastörf.

Umhverfisstofnun hefur nýlega sett verndarsvæði Mývatns og Laxár á rauðan lista vegna áforma um Bjarnarflagsvirkjun, ágangs ferðamanna, mengandi frárennslis frá mannabyggð og hnignunar kúluskíts, sem er friðaður að lögum. Svæði á válistanum eru undir svo miklu álagi að talið er að bregðast þurfi við strax. Rannsóknir á lífríki svæðisins hafa staðið í áratugi og leitt í ljós að litlar breytingar geta valdið kollsteypum, samspil einstakra þátta er flókið og lítt fyrirsjáanlegt. Þau áhrif gufuvirkjunar í Bjarnarflagi sem mestum áhyggjum valda eru minna kísilstreymi til vatnsins vegna kólnunar og/eða minna rennslis, eiturefnamengun af borholuvökva og síðast en ekki síst mengun af brennisteinsvetni í andrúmslofti. Á fyrrnefndum upplýsinga- og samráðsfundi Landsvirkjunar kom fram hjá forstöðumanni Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn að vegna sveiflna í lífríkinu væri erfitt að rekja áhrif einstakra þátta. Það hefði tekið 30 ár að gera grein fyrir áhrifum Kísiliðjunnar á lífríki Mývatns og gæti þess vegna vel tekið tuttugu ár að átta sig á áhrifum Bjarnarflagsvirkjunar.

**➜ Búast má við að svo stór flokkur „virkjunarmanna Íslands“ hafi afgerandi áhrif og ljái samfélaginu gullgrafarablæ.**

Í ljósi ummæla forstjóra Landsvirkjunar um fréttir af Lagarfljóti þarf ekki mikið ímyndunarafl til að geta sér til um viðbrögð við sams konar tíðindum af Mývatni þar sem lífríki er flóknara og áhrif manna enn fjölbreyttari. Rísi Bjarnarflagsvirkjun og hnigni lífríkinu verða fréttirnar trúlega sagðar í annarlegum tilgangi… hugsanlega jafnvel í aðdraganda kosninga.

# Hrynþjóð meðal þjóða

MENNING



**Jakob Frímann Magnússon**
formaður FTT, Félags tónskálda og textahöfunda

Viðhafnartónleikar kvöldsins í kvöld, Söngvaskáldin og Sinfó í Eldborgarsal Hörpunnar, marka 30 ára afmæli FTT, Félags tónskálda og textahöfunda. Félagið var stofnað árið 1983 og hefur nú liðlega 400 félagsmenn innan sinna vébanda, þ.m.t. afkastamestu tónskáld og textahöfunda landsins.

Sama ár markaði upphaf ótrúlegrar velgengni íslenskrar hryntónlistar á erlendri grundu, en lagið Garden Party eftir Eyþór Gunnarsson náði þá sterkri stöðu á alþjóðlegum vinsældalistum í flutningi Mezzoforte. Sú ágæta rafdjasssveit ferðast enn heimshorna á milli og gefur reglubundið út nýtt efni.

Rás 2 var einnig stofnsett á þessu herrans ári og hefur verið íslenskum hrynverjum mikil stoð og stytta gegnum tíðina. Svo er vissulega enn.

Sérstakt tilefni er til að staldra við þau tímamót sem yfirstandandi ár markar á vettvangi hryntónlistarinnar. Eftir áralanga samfellda velgengni listamanna á borð við Mezzoforte, Sykurmola, GusGus, Björk, Sigur Rós, múm, Emilíönu Torrini, o.fl. unnust á síðastliðnu ári fleiri sigrar en nokkru sinni á þessum vettvangi. Alþjóðlegir samningar við stórfyrirtæki féllu í skaut m.a. Ólafi Arnalds, Jóni Jónssyni, Ásgeiri Trausta og hljómsveitinni Of Monsters and Men, en sú sveit hefur náð undraverðum árangri á örskömmum tíma.

**Sómi Íslands**

Segja mætti að á meðan íslenska þjóðin sat hnípin undir alvarlegum ásökunum og orrahríðum erlendra fjölmiðla og þjóðarleiðtoga hafi heimsþekktir og dáðir íslenskir hryntónlistarmenn haldið jákvæðri ímynd hennar á lofti, verið í raun sá sómi Íslands, sverð og skjöldur sem stuðlaði að umburðarlyndi og jákvæðu viðhorfi gagnvart landi og þjóð. Um það er a.m.k. varla lengur deilt að engin stétt hefur borið hróður Íslands jafn hátt og víða.

Opinber viðurkenning á því er meðal annars fólgin í þeirri ákvörðun stjórnvalda að stofna á sl. ári sérstakan útflutningssjóð tónlistarinnar, efla jafnframt starfsemi Útóns og lyfta hinum skapandi greinum til aukinnar sóknar.

**➜ Sérstakt tilefni er til að staldra við þau tímamót sem yfirstandandi ár markar á vettvangi hryntónlistarinnar.**

Fyrrnefndir hátíðartónleikar skarta mörgum af fremstu söngvurum landsins, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og vel skipaðri hrynsveit sem sameinast í flutningi á fjölmörgum íslenskum lögum sem í senn mætti flokka sem nýgild og sígild. Það verður forvitnilegt að heyra þau í sérhönnuðum viðhafnarbúningi á þessum ánægjulegu tímamótum. Full ástæða er til að óska íslenskum tónskáldum og textahöfundum innilega til hamingju með afmælið og þann frábæra árangur sem nú blasir við og efla mun stéttina til frekari dáða og landvinninga.

# Dæmisaga frá Finnlandi

MENNTUN



**Marjatta Ísberg**
kennari

Í helgarblaði Fréttablaðsins (26.5.) var viðtal við Lóu Pind Aldísardóttur þar sem hún ræðir um brottfall úr framhaldsskóla og orsakir þess. Lóa telur að of mikil áhersla sé lögð á hefðbundið bóknám. Mjög margir geta eflaust verið henni sammála um þetta atriði, en hvað á til bragðs að taka?

Í umræðum um skólamál hefur finnskum skólum oft verið teflt fram sem fyrirmyndarkerfi. Því langar mig að segja lítillega frá reynslu minni sem kennari í Finnlandi.

**Iðngreinar skortir ímynd**

Síðast kenndi ég við menntaskóla sem bauð eingöngu upp á hefðbundið bóknám. Meðal nemenda minna voru nokkrir sem enga hæfileika höfðu til slíks náms. Ár eftir ár urðu þeir að endurtaka sömu áfangana til að komast áfram en lágmarkseinkunnina 5 þurfti í einum áfanga til að komast áfram í þann næsta.

**➜ Við þurfum að hugsa allt upp á nýtt og læra að skilja að menntun fæst víðar en með bókalestri.**

Skólalóðin okkar var við hlið skólalóðar iðnskólans og einu sinni sagði ég við nemendur mína: „Ég skil ekki af hverju þið flykkist ekki í iðnskólann sem býður upp á áhugavert og fjölbreytt nám.“ Einn af drengjunum svaraði að bragði: „Iðnskólann skortir ímynd.“

Það er væntanlega ímynd sem iðnskólann skortir einnig hér á landi. En hvernig eigum við að laða fram nýja og áhugaverða ímynd? Er það með því að gera tækniskóla að háskóla og breyta iðnskóla í tækniskóla? Mér finnst það frekar undirstrika þá hugsun að „iðn“ þyki ekki nógu fín. Með þessum tilfæringum eru yfirvöld og hugmyndasmiðir menntastefnunnar að senda ákveðin skilaboð til þjóðfélagsins.

**Afleiðingar offjölgunar hvíthúfa**

Finnar hafa í meira en hálfa öld verið með fjöldatakmarkanir í háskóla og þeir sem ekki komast í háskóla verða að sækja sér starfsmenntun annars staðar. Með árunum hefur aðsókn stúdenta í iðnskólana aukist svo mikið að eyrnamerkja hefur þurft ákveðinn fjölda námsplássa fyrir þá sem ekki eru með stúdentspróf. Afleiðingin er sú að þeir sem mesta hæfileika hafa í ákveðinni iðngrein komast ef til vill ekki inn þar sem stúdentar fá aukastig í umsóknarferlinu. Stúdentar aftur á móti eyða mörgum árum í árangurslausar tilraunir til að komast í háskóla áður en þeir að endingu gefast upp og sækja um iðnnám.

**Nýrrar hugsunar er þörf**

Vandamálið er mjög djúpstætt og eflaust ekki hægt að finna einfaldar lausnir. Skólinn er íhaldssamur í eðli sínu og breytingar erfiðar. Þó að kennslan hafi breyst mikið byggir hún enn að miklu leyti á aldagömlum hefðum sem snerust um bóknám. Spurningin er ekki eingöngu um hugmyndafræði heldur einnig um afkomu og ævistarf kennara, en hver og einn hlýtur að líta á sitt fag sem mikilvægt. Eins og Lóa bendir á þá þurfum við að byrja á að líta á grunnskólann, ekki eingöngu að einblína á framhaldsskóla. Það sem gerst hefur hér á landi og víðar í vestrænum heimi er að of mikil krafa um sama skóla og sömu menntun fyrir alla hefur leitt okkur í ógöngur. Við þurfum að hugsa allt upp á nýtt og læra að skilja að menntun fæst víðar en með bókalestri.





FALLEGT Í SUMAR
LUKTIR
MARGIR LITIR
1.990
SÓLSTÓLL
9.990
Plastvörur
19.990
BORÐ OG 2 STÓLAR
GARÐLJÓS
FRÁ 1.390
5.990
GARÐÁLFAR
POLO SÓFI
Tungusófi
129.900
HORNSÓFI
139.900
FRÁ 390
Bollar og skálar
BORÐ
79.900
Fæst einnig hvítt
STÓLL
15.900
HAVANNA
BARSTÓLAR
Með baki
34.930
Áður 49.900
-30%
SESSUR
1.990
Áður 3.990
the PIER
27.930
Áður 39.900
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## MERKISATBURÐIR

**1431** Jóhanna af Örk er brennd á báli í Rúðuborg í Frakklandi.

**1829** Jónas Hallgrímsson flytur prófræðu sína í Bessastaðakirkju.

**1851** Jón Sigurðsson er kosinn forseti Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags og gegnir þeirri stöðu til dauðadags.

**1889** Hallgrímur Sveinsson er vígður biskup.

**1919** Fyrsti íslenski ríkisráðsfundurinn er haldinn í Fredensborgarhöll í Danmörku. Fyrsti slíkur fundur hérlendis er haldinn tveimur árum síðar.

**1977** Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Blóðrautt sólarlag, er frumsýnd og veldur deilum.



## 70 ára afmæli

**ÁRNÝ A. RUNÓLFSDÓTTIR**
hómópati, Kristnibraut 67,
er 70 ára í dag 30. maí.
Af því tilefni sendum við henni hamingjuóskir og megi gleðin fylgja henni hvert spor.

Kveðja,
Sigurður, börn og barnabörn.

†



Ástkær sonur minn, bróðir okkar, frændi og mágur,

**GUNNAR GUNNARSSON**
**stýrimaður og skipstjóri frá Dalvík,**

lést á hafi úti 12. desember 2012 og fannst lík hans í Kaldbaksvík á Ströndum 17. maí sl. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 1. júní 2013 kl. 13.30.

**Ásta Jónína Sveinbjörnsdóttir**
**Valgerður Gunnarsdóttir** — **Örlygur Hnefill Jónsson**
**Jóhann Gunnarsson** — **María Steinsdóttir**
**Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir** — **Gestur Traustason**
**Edda Gunnarsdóttir** — **Örn Smárason**
**og frændsystkin.**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGÓLFUR BJARNASON**
**frá Hlemmiskeiði,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði sunnudaginn 19. maí verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 1. júní kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Ómar Örn Ingólfsson** — **Rósa Guðný Bragadóttir**
**Inga Birna Ingólfsdóttir** — **Árni Svavarsson**
**afa- og langafabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN ÞURÍÐUR BJARNADÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Kópavogi mánudaginn 27. maí. Útför hennar fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 6. júní kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu í Kópavogi.

**Þórunn Einarsdóttir Kelley** — **Richard Kelley**
**Halldór Einarsson** — **Esther Magnúsdóttir**
**Elín Einarsdóttir** — **Jón Gunnlaugsson**
**Ingibjörg Einarsdóttir**
**Birna Einarsdóttir** — **Guðmundur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88


# Hönnuðir bera ríka félagslega ábyrgð

Ráðstefnan TEDx Reykjavík verður haldin í þriðja sinn þann 3. júní. Þar verða flutt erindi þar sem kynntar verða nýjar hugmyndir og uppgötvanir. Meðal fyrirlesara er Sigríður Heimisdóttir, sem ætlar að ræða félagslega ábyrgð hönnuða.

Ráðstefnan TEDx Reykjavík verður haldin í þriðja sinn á mánudag. Boðið er upp á fyrirlestra þar sem bæði íslenskir og erlendir fyrirlesara ræða hugðarefni sín.

Sigríður Heimisdóttur vöruhönnuður, Sigga Heimis, er meðal fyrirlesara og ætlar að ræða félagslega ábyrgð hönnuða.

„Ég er ákaflega áhugasöm um samband félagslegrar ábyrgðar og hönnunar og það getur verið margs konar,“ segir Sigga um erindið. „Til dæmis að vinna með fólki í þróunarlöndunum og hjálpa þeim að búa til virðisaukandi vörur í heimalandinu. Annað er að vekja athygli á ýmiss konar málefnum. Mér finnst spennandi að hönnun geti vakið fólk til umhugsunar um málefni sem þykja kannski ekki sérstaklega spennandi eða „heit“.

Í erindi sínu mun Sigga aðallega fjalla um verkefni sem hún hefur unnið með Corning Museum of Glass í Bandaríkjunum, stærsta glerlistasafni í heimi.

„Ég hef unnið með þeim líffæri mannslíkamans úr gleri í verkefni sem hefur nú staðið í rúm fimm ár. Þarna erum við að vekja athygli á líffæragjöf og umræðum um hana. Það er mikill skortur á líffærum í heiminum í dag og og í þróunarlöndum viðgengst hræðilegt svartamarkaðsbrask. Vonandi vekur þetta fólk til umhugsunar um að gerast líffæragjafar.“

Sjálf segist Sigga hafa vaknað til vitundar um þessi mál þegar hún vann hjá Ikea og fór reglulega í vinnuferðir til Asíu, þar sem „heilu þorpin voru að vinna við að framleiða eina vöru sem maður skissaði í flýti einn daginn. Þá áttaði ég mig hinni félagslegu hlið og þeirri ábyrgð sem henni fylgdi.“

Sigga segir brýnt að bæta félagslegri ábyrgð hönnuða við grunnnám í hönnun.

„Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir afleiðingum og áhrifum verka sinna en að kunna skil á efni og formfræði,“ segir hún. „Hönnuðir eiga ekki að senda frá sér verk sem valda skaða. Mér finnst enn vanta almennilega meðvitund um þessi mál meðal hönnuða. En það eru þó ýmis jákvæð teikn og þetta mun hugsanlega stórbreytast með næstu kynslóð hönnuða.“

Hönnunarnám er ungt á Íslandi og umræðan um hinn félagslega þátt hönnunar ekki langt á veg komin að mati Siggu. „En hér hafa þó verið unnin mörg skemmtileg verkefni þar sem félagsleg ábyrgð er rík. Ég held að íslenskir hönnuðir gætu orðið sterkir í þessari deild og skapað sér sérstöðu.“

Sigga telur að umhverfismál séu líklega sá málaflokkur sem hönnuðir eru mest meðvitaðir um.

„Það hefur meðal annars leitt til aukinnar áherslu á framleiðslu á heimamarkaði. Það stuðlar að aukinni atvinnu og verðmætasköpun, sem er auðvitað jákvætt fyrir viðkomandi land. En þetta er bara ein hlið af mörgum. Það eru margir félagslegir þættir sem mætti fjalla meira um. Hönnun getur verið tilvalinn kveikiþráður í þeirri umræðu.“

bergsteinn@frettabladid.is



**SIGRÍÐUR HEIMISDÓTTIR** „Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir afleiðingum og áhrifum verka sinna en að kunna skil á efni og formfræði.“

## Að ljá góðum hugmyndum vængi

Slagorð ráðstefnunnar TEDx Reykjavík er Ljáum góðum hugmyndum vængi. TEDx-ráðstefna er smærri útgáfa af TED – Ideas worth spreading þar sem fyrirlesarar hvaðanæva að úr heiminum flytja stutt og hnitmiðuð erindi um allt milli himins og jarðar. Þau erindi og valin erindi frá TEDx eru birt á TED.com og eru öllum aðgengileg.

**Dæmi um erindi á TEDx Reykjavík:**

- Jón Páll Eyjólfsson, leikstjóri og leikari, fjallar um hvernig við lifum gegnum tölvur og síma og stjórnum eigin upplifunum.
- Úlfur Hansson tónlistarmaður mun kynna og leika á rafhörpu sem hann vann nýlega Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir.
- John Nicholls, breskur skólastjóri og alþjóðlegur ráðgjafi um virkni og starfsánægju starfsmanna í barnaskólum, fjallar um hvað má gera til að hámarka starfsánægju starfsfólks í skólum.
- Sigríður María Egilsdóttir, nýlega valin ræðumaður ársins á Morfís, flytur erindi um baráttuna fyrir jafnrétti.

Ráðstefnan verður haldin í húsakynnum Arion-banka milli klukkan 13 og 17.30. Nánari upplýsingar á tedxreykjavik.is.

# Lækningatæki í stað gjafa

Hjónin Óli H. Þórðarson og Þuríður A. Steingrímsdóttir fagna sjötugsafmælum og gullbrúðkaupi 1. júní. Þau beina gjöfum í kaup á lækningatæki.

„Fólk á okkar aldri á alla hluti. Það mundi veita okkur mikla gleði ef fólk legði fé í söfnunarsjóð vegna kaupa á mikilvægu lækningatæki á Landspítalann sem heitir aðgerðarþjarki, í stað þess að gefa okkur gjafir,“ segir Óli H. Þórðarson, fyrrverandi formaður Umferðarráðs, sem varð sjötugur 5. febrúar. Konan hans, Þuríður A. Steingrímsdóttir verslunarmaður, nær þeim áfanga 28. júlí og þau ætla að halda upp á afmælin á gullbrúðkaupsafmælinu sínu 1. júní. Þá vonast þau til að sjá sem flesta ættingja og vini og eiga með þeim ánægjulega kvöldstund.

„Aðgerðarþjarkinn sem Landspítalinn er að safna fyrir er byltingarkennt tæki, nokkurs konar róbót sem nýtist til margvíslegra skurðaðgerða,“ segir Óli. „Aðgerðin verður inngripsminni en ella, bati er skjótari og hægt er að hlífa betur nærliggjandi líffærum og viðkvæmri starfsemi en með venjulegri skurðaðgerð,“ lýsir hann og tekur fram að söfnunarreikningurinn er númer 0515-14-408005 og kennitalan 470313-1370.

- gun



**GULLBRÚÐKAUPSPARIÐ** Þuríður og Óli H. vilja láta gott af sér leiða á merkum tímamótum.


4BLS KIPPA ÚT :)
SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ENN BETRA VERÐ
Silicon Power
16GB MINNISLYKILL
Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
1.990
4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990
AÐEINS 147gr
Silicon Power
500GB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
9.990
1TB 14.900 | 1.5TB 24.900
SPJALDTÖLVU TILBOÐ
Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast á verði frá
9.990
7"SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1
14.900
ÓTRÚLEGT TILBOÐ!
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
30. maí 2013 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI

GL2450

NÝ SENDING BETRA VERÐ

### 24"LED BENQ SKJÁR

- 24" FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**

MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

XL2411T

144Hz 24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

### 24"3DLED 144Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**69.900**

SÁ FLOTTASTI Í LEIKINA

USB 3.0 10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

### MINIMUS 2TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie minimus er án efa einn glæsilegasti USB 3.0 flakkari í heimi en hann kemur í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Enn meiri hraði á USB 2.0 í PC og Mac
- 10x meiri hraði með USB 3.0

**19.900**

3TB 29.900 I 4TB 39.900

TRUE BLACK VALED TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

VERÐVÖRN Ef þú finnur skjáinn auglýstan ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

GW2750HE

### 27"VALED BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Glæsilegur alvöru VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og nýrri True Black tækni sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu tilboði í Tölvutek:)

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**49.900**

BENQ 22" VA-LED 26.900

LR100

Full HD 1080p

26mm VÍÐLINSA NÁÐU ÖLLUM Í MYND:)

### 14MP STAFRÆN MYNDAVÉL

- Örþunn og glæsileg 14MP myndavél
- 5x optical zoom, wide-angle linsa
- Skarpur og bjartur 2.7" LCD skjár
- Innbyggð hristivörn og ISO 100-6400
- Sjálfvirkar brosmyndir, Panorama og HDR
- 1080p Full HD Video upptaka (30fps)
- Li-Ion hleðslurafhlaða og taska fylgir

**19.900**

MYNDAVÉLAR FRÁ 14.900

Wi-Fi ÞRÁÐLAUS

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)

### MG5450 WiFi FJÖLNOTA TÆKI

- Prentar, skannar og ljósritar - þráðlaust!
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ISO hraði 15 bls á mín í svörtu / 10 í lit
- Prentar beint á CD/DVD diska
- AirPrint sem prentar frá Android ofl.
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 7.5cm litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

**19.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

SLIM BEZEL ÖRÞUNNUR RAMMI

BL2410PT

3 ÁRA

HÆKKANLEGUR

SNÚANLEGUR

### 24"VALED BUSINESS LINE

- 24" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 5000:1 Native skerpa og True Black
- Anti-Glare tækni sem gleypir birtu
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Ambient Light sjálfvirk birtustilling
- DisplayPort 1.2, DVI-D HDCP, VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

**49.900**

3 ÁRA ÚTSKIPTI ÁBYRGÐ

1075MHz OVERCLOCK

### HD7790OC 2GB LEIKJASKJÁKORT

- 2GB GDDR5 6.0GHz 128-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 896 Stream P.U. og 56 T.U. fyrir leiki
- Með Eyefinity2 spilar þú leiki í 3 skjám
- HDMI 1.4a, 2xDVI, 1xDisplayPort
- Nýjasta og hraðasta PCI-E 3.0 tæknin
- Mjög hljóðlát 2x 10cm Triangle Cool tækni
- Nýjasta og eitt öflugasta skjákortið í dag

**34.900**

HD7750 19.900 I HD7770 24.900

Verð frá: **1.490**

ÚRVAL MINNISKORT Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM FRÁ SILICON POWER

### 4GB MINNISKORT

P'9223 **14.900**

### 500GB PORSCHE USB3

3 LITIR

Rock100 **4.990**

### HLJÓMGÆÐI

Verð Frá: **1.990**

### MINNISLYKLAR

GIGABYTE LACIE BenQ Canon Silicon Power



## VEKUR ATHYGLI

**Breska fyrirsætan Cara Delevingne, sem er tvítug, hefur náð miklum frama innan tískuheimsins. Hún hefur meðal annars sýnt fyrir Chanel og Dolce Gabbana. Í fyrra var hún kjörin fyrirsæta ársins á bresku tískuverðlaunahátíðinni. Eftir henni var tekið á kvikmyndahátíðinni í Cannes.**


**SUNDFATNAÐUR Á 30 % AFSLÆTTI**

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

FEVER sundbolur
áður kr. 13.850,-
NÚ KR. 9.695.-





**TÆKIFÆRISGJAFIR**

IVV handunnið frá Ítalíu

NÝTT

MUNNBLÁSIÐ - HANDUNNIÐ
Fæst eingöngu hjá
Tékk KRISTALL
www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





**20%**
afsláttur af
**ZEITLOS by LUANA**

Kjólar - Túnikur
Bolir - Jakkar
Leggins - Pils

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16




# FYLGDI HJARTANU

**FÓTAAÐGERÐASKÓLI ÍSLANDS KYNNIR** *Draumur Siggu Foss rættist þegar hún opnaði eigin fótaaðgerðastofu eftir útskrift sem fótaaðgerðafræðingur.*

Mig langaði til að verða sjálfrar mín herra," segir Sigga Foss, sem var menntaður mjólkurfræðingur þegar hún ákvað að fylgja hjartanu og hefja nám við Fótaaðgerðaskóla Íslands, þaðan sem hún útskrifaðist í fyrravor.

„Mér þótti það spennandi tilhugsun að vinna með fólki og takast á við áhugavert nám. Það kom á óvart hversu krefjandi námið var, skemmtilegt og vel upp byggt. Mórallinn var góður, námið metnaðarfullt og gott að leita til kennaranna," segir Sigga sem nú nýtur sín á nýjum starfsvettvangi.

„Fótaaðgerðafræðingar sinna fótum og fást við vandamál eins og vörtur, líkþorn, inngrónar neglur, sigg og fleira. Þá geta þeir leiðbeint skjólstæðingum sínum ef auðsýnt er að þeir þurfi innlegg eða smáhlífar til stuðnings og við hjálpum sykursjúkum og gigtarsjúklingum að halda fótum sínum góðum, sem er afar mikilvægt," útskýrir Sigga.

Að námi loknu sækja nemendur um löggildingu hjá Embætti landlæknis og geta þá hafið störf.

„Ég opnaði draumastofuna; mína eigin fótaaðgerðastofu í júlí síðasta sumar. Það var spennandi verkefni og stofan hefur fengið góðar viðtökur. Mér þykir alltaf gaman í vinnunni og það er yndislegt að vinna hjá sjálfri sér," segir Sigga hamingjusöm á Fótaaðgerðastofu Siggu Foss.

„Það er svo einkennilegt að öllum finnst þeir hafa ljótar tær en sjálf hef ég aldrei séð ljóta fætur í mínu starfi. Fætur okkar eiga fráleitt að vera feimnismál, sama hvernig ásigkomulagið er, og alltaf hægt að laga, bæta og fegra," segir Sigga.

„Með aldrinum fjarlægist gjarnan sambandið við tærnar því of langt verður niður til þeirra til að sinna þeim vel. Þá er gott og notalegt að fara í fótabað og fótaaðgerð hjá fagfólki og margir fá sér ljúfan blund á meðan," segir Sigga og brosir sæl.

„Starfið er verulega skemmtilegt, ég hitti mikið af skemmtilegu fólki og fæ að sinna því sem mér þykir gaman; að dúlla mér í fótum og tám."



**SANNUR FÓTAVINUR** Sigga Foss er meðlimur í Félagi íslenskra fótaaðgerðafræðinga, sem er aðili að Alþjóðasamtökum fótaaðgerðafræðinga. Þau hafa útnefnt maí sem fótaverndarmánuð og í ár er maímánuður tileinkaður fótum aldraðra. MYND/ANTON

## TAKTU EFTIR ÞESSU!

***Fótaaðgerðaskóli Íslands hefur verið starfræktur í sex ár. Kenndar eru sérgreinar í fótaaðgerðafræði. Samvinna er við Fjölbrautaskólann við Ármúla um kennslu í almennum greinum. Nám í skólanum tekur þrjár annir og er lánshæft hjá LÍN. Fótaaðgerðafræðingar sækja um löggildingu hjá Embætti landlæknis. Nánari upplýsingar á www.snyrtiakademian.is***






Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

**Gerðu gæða- og verðsamanburð**

Fimm stjörnu verslun

**Frábært tilboð**
fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
**Verð kr. 399.900.-**

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



NÁM Í NÁTTÚRULÆKNINGUM

Kynning 30. maí, kl. 18-20
Olíulindin, Vegmúla 2

Umsóknarfrestur til 30.júní 2013
www.heilsumeistaraskolinn.com

SUMARDAGAR

15% afsláttur
af sumarvörum

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770





Flott föt fyrir flottar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



LANGAR ÞIG Í BÍÓ?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BÍÓ★PARADÍS LAUGARÁSBÍÓ BORGARBÍÓ

midi.is


# FRÁ PARÍS Í PÚÚKA

**TÍSKA** *Klæðskerinn Elva Káradóttir flutti til Akureyrar eftir 25 ára búsetu í París þar sem hún sneið föt fyrir Ninu Ricci. Hún saumar kjóla á stúlkur undir merkinu Púúki á vinnustofu sinni, Tíunni, í Listagilinu.*

Ég vildi leyfa strákunum mínum að upplifa norðlenskt skólakerfi í eitt ár. Þeir neita hins vegar að fara aftur út svo árin eru orðin þrjú," segir Elva María Káradóttir, sem flutti í heimabæinn Akureyri eftir tuttugu og fimm ára búsetu í París. Elva er klæðskeri og lærði fagið í háborg tískunnar og hafði unnið fyrir hönnuði eins og Ninu Ricci áður en hún flutti heim.

„Þetta var mjög spennandi og skemmtilegt. Ég var þrjú og hálft ár hjá Ninu Ricci og hafði áður unnið fyrir japanska hönnuðinn Shini Chiro Arakawa. Hann var að gera öðruvísi hluti, engar beinar línur og fötin gátu staðið eins og skúlptúrar. Arakawa fór ekki eftir neinum reglum en hjá Ninu Ricci snerust hlutirnir um hátísku. Þar var ég hluti af stóru teymi og það var mjög gaman að vinna fyrir stórar tískusýningar, langt fram á nótt ef þess þurfti," segir Elva og viðurkennir að sakna tískubransans í París örlítið. Maðurinn hennar býr einnig enn í París enda átti fjarbúð fjölskyldunnar upphaflega einungis að standa í ár.

Hún kann þó vel við sig á Akureyri. Synirnir blómstra í norðlensku frelsinu og þá er hún að hanna og sauma kjóla á stúlkur undir merkinu Púúki. „Kjólaævintýrið hófst reyndar í París fyrir níu árum þegar ég og vinkona mín fórum að sauma kjóla. Ég tók svo upp þráðinn eftir að ég flutti heim. Ætli mig hafi ekki vantað pífur og blóm í líf mitt þar sem ég á bara stráka sjálf," segir hún og hlær.

„Ég kaupi yfirleitt þrjú til fjóra metra af sama efninu og sauma einn kjól í hverri stærð, tveggja, fjögurra, sex og átta ára. Efnin kaupi ég í París en við förum þangað nokkrum sinnum á ári," segir hún.

Kjólana er hægt að nálgast í hönnunarversluninni Kistu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri en einnig selur Elva kjólana á vinnustofu sinni, Tíunni, í Listagilinu sem hún deilir með fjórum öðrum. Þá er hægt að forvitnast nánar um Púúka á Facebook.

■ heida@365.is



**FLUTT Í HEIMABÆINN** Elva María Káradóttir klæðskeri vann fyrir Ninu Ricci í háborg tískunnar áður en hún flutti heim fyrir þremur árum.
MYND/ÞÓRHALLUR JÓNSSON



**PÚÚKI** Elva saumar litríka kjóla á stelpur undir merkinu Púúki. Aðeins einn kjóll er til í hverju munstri. Kjólarnir fást í hönnunarversluninni Kistu á Akureyri.
MYND/ELVA KÁRADÓTTIR


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Stærsta föndurverslun landsins

NÝ SENDING AF VIÐARPERLUM

Lengjur 395 kr. - 695 kr.

NÝTT - ÓDÝRAR EN GLÆSILEGAR GLERPERLUR

VERÐ Á LENGJU FRÁ KR 295.-!!



STÆRSTI PERLUBAR LANDSINS

Föndurlist

Holtagörðum, s. 553-1800
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15
www.facebook.com/fondurlist



**SAUÐKINDIN** Íslenska kindin er harðger og þrautseig, eins og sannaðist í óveðrinu sem gekk yfir Norður- og Norðausturland síðastliðið haust. MYND/VILHELM

# KEPPT Í HÖNNUN Á ÓVEÐURSPEYSU

*Verkefnastjórn söfnunarinnar „Gengið til fjár“ efnir til hönnunarsamkeppni um gerð peysu úr íslenskri ull þar sem þemað er óblíð veðrátta.*

Samkeppnin er haldin í samvinnu við Ístex og Landssamtök sauðfjárbænda. Henni er ætlað að vera til heiðurs íslensku sauðkindinni.

Upphaf keppninnar má rekja til 10. september 2012 þegar aftakaveður skall á Norður- og Norðausturlandi með þeim afleiðingum að tíu þúsund fjár urðu úti. Þetta hafði vissulega slæm áhrif á bændur.

Ljósi punkturinn var þó sá að langt fram eftir hausti fannst sauðfé á lífi sem grafist hafði í fönn. Þar sannaðist það sem margir vissu, að íslenska ullin er einstök; hlý og einangrandi.

Í kjölfar óveðursins hrintu Landssamtök sauðfjárbænda af stað söfnunarátaki „Gengið til fjár“ vegna þess tjóns sem sauðfjárbændur á Norðurlandi urðu fyrir í óveðrinu. Fljótlega komu upp hugmyndir um að efna til ritgerðasamkeppni um vitsmuni íslensku forystukindarinnar og hönnunarsamkeppni um peysu úr íslensku ullinni.



Þema hönnunarsamkeppninnar er óblíð veðrátta og á hönnun peysunnar að endurspegla það. Þá er skilyrði að peysan sé úr íslenskri ull en ekki skiptir máli hvort notað er band eða lopi, sauðalitir eða aðrir litir.

Peysunum á að skila til Ístex, Völuteigi 6, 270 Mosfellsbæ fyrir 1. október 2013 merktum með dulnefni en nafn, heimilisfang og símanúmer látið fylgja með í lokuðu umslagi merktu dulnefninu. Peysunum verður skilað að lokinni keppni.



**DÓMARI** „Ég ætla að nýta hyggjuvitið við dómarastörfin og glugga í prjónablöð til að standa mig í stykkinu,“ segir Gísli Einarsson, sem verður enn af dómurunum.

Í dómnefnd sitja Gísli Einarsson, ritstjóri Landans, Hulda Hákonardóttir, markaðs- og kynningarstjóri Ístex, og Jóhanna E. Pálmadóttir, bóndi og framkvæmdastjóri Textílseturs Íslands.

Verðlaun eru vegleg en afhending þeirra fer fram fyrsta vetrardag, laugardaginn 26. október 2013. Þá stendur til að halda sýningu á öllum peysum sem sendar verða í keppnina.

# VINSÆLAR GÖNGUFERÐIR UM ÞINGVÖLL

Boðið er upp á gönguferðir um þjóðgarðinn á Þingvöllum með leiðsögn á morgnana, og um helgar eru gönguferðir um hraunið þar sem áður voru bæjarstæði. Gönguferðirnar á morgnana eru vinsælar hjá erlendum ferðamönnum en Íslendingar koma gjarnan um helgar. Fimmtudagsgöngur á sumrin hafa verið einstaklega vinsælar í ellefu ár, en þá koma fræðimenn og fróðleiksfólk með ákveðið þema, hvort sem það er jarðfræði, þættir úr fornsögum eða annað. Fimmtudagsferðirnar hefjast 6. júní.

Gönguferðirnar hefjast klukkan 20.00 frá fræðslumiðstöðinni við Hakið og er gengið niður Almannagjá að Lögbergi og síðan í þá átt sem viðfangsefninu hentar. Léttar gönguferðir þar sem fræðslan er í fyrirrúmi og þekking og skoðanir leiðsögumanns fá að njóta sín.



**FERÐAMENN** Það er gaman að ganga um þjóðgarðinn.

**FYRIRLESARAR SUMARSINS ERU SEM HÉR SEGIR:**

- 6. júní Ólafur Örn Haraldsson
- 13. júní Vala Garðarsdóttir
- 20. júní Andri Snær Magnason
- 27. júní Sigurður Hróarsson
- 4. júlí Hilmar Örn Hilmarsson
- 11. júlí Þórarinn Eldjárn
- 18. júlí Vilborg Davíðsdótti
- 25. júlí Þórunn Erlu Valdimarsdóttir






## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílamarkaðurinn



JEEP Grand cherokee limited 4x4. Árgerð 2006, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.790.000. Rnr.104832



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgerð 2005, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.104894

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bifreiðasalan



FORD - F350 6-2007 6,4L KING RANGE BÚIÐ AÐ OPNA PÚSTIÐ OG SETJA Í HANN TÖLVU ER Á 40" DEKKJUM,VEL BÚINN OG FALLEGUR BÍLL V-4890 SKOÐA SKIPTI RAÐNÚMER.192883.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

bilfang.is S. 567 2000



RENAULT TRAFIC MINIBUS (9 MANNA) Árgerð 2007. Ekinn 108 Þ.KM Verð kr. 2.990.000. Raðnúmer 150713.



FORD TRANSIT 350 TREND TOURNEO Árgerð 2010. Ekinn 75 Þ.KM Verð kr. 4.290.000. Raðnúmer 122613.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex luxury 2,2 197hö. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.990381. Staðgreiðsluverð kr: 6.590.000,- Eigum einnig til árg. 2011 og 2010.



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2009, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.990280. Staðgreiðsluverð kr: 5.950.000,-



KIA Picanto lx. Árgerð 2012, ekinn 10 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.160624. Staðgreiðsluverð kr: 1.750.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

SUZUKI



Eigum gúmmíbáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100 bílar.is bílasala



HUMMER H2 Luxury 37". Árgerð 2006, ek 82 Þ.KM, bensín, sjálfsk, 2x 37" dekkjagangar, DVD, Dríflæsing, Loftdæla, Flottur og vel búinn, Ásett verð 4.990þ.kr, Rnr.114300. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



COMBI CAMP Venezia. Árgerð 2004, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.110511.



FIAT P200. Árgerð 2006, ekinn 15 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 6.150.000. Rnr.110516.



CHALET Arrowhead. Árgerð 2006, ekinn -1 Þ.KM, , sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.100243.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is

Við seljum bíla!

Söluhæsta netbílasala landsins!

NETBÍLAR www.netbilar.is · Sími 588 5300.

Netbílar er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

### Bílar til sölu



Plymouth Grand Voyager 7 manna, árg. ,99, ek. 178þ.km. Verð 490Þús. Sími 699 2570.

Seldur.is

seldu strax.....seldur.is

# TILBOÐDAGAR!

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Bíldshöfða 10, 112 Reykjavík, sími 587 8888, br@br.is

## UM 100 BÍLAR Á TILBOÐI - ALLT AÐ 80% LÁN Á VÖLDUM BÍLUM

Opið í dag og á morgun kl. 10-18, laugardag kl. 12-17




VW GOLF TRENDLINE árg. 2010




VW POLO TRENDLINE árg. 2010




HYUNDAI I 20 CLASSIC árg. 2010




HYUNDAI I 30 CLASSIC árg. 2010




KIA CEED EX 1.6 árg. 2011




SUZUKI SWIFT GL árg. 2010




SUBARU LEGACY árg. 2010




SUBARU IMPREZA árg. 2010

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ford Explorer | 2007 | áður kr 2.890.000 | nú kr 2.390.000 |
| Ford F 150 | 2004 | áður kr 1.690.000 | nú kr 1.390.000 |
| Honda Accord | 2006 | áður kr 2.190.000 | nú kr 1.850.000 |
| Honda HRV | 2005 | áður kr 1.390.000 | nú kr 1.090.000 |
| Jeep Grand Cherokee | 2003 | áður kr 1.290.000 | nú kr 1.090.000 |
| Jeep GRAND CHEROKEE SRT8 DIABLO | 2007 | áður kr 4.490.000 | nú kr 3.890.000 |
| RANGE ROVER VOUGE | 2006 | áður kr 4.750.000 | nú kr 3.990.000 |
| Lexus GS 400H | 2006 | áður kr 4.990.000 | nú kr 3.990.000 |
| Lexus RX400H | 2008 | áður kr 5.990.000 | nú kr 5.290.000 |
| M.Benz C230 V6 2.5l kompressor . | 2005 | áður kr 2.390.000 | nú kr 2.000.000 |
| M.Benz E200 | 2010 | áður kr 5.900.000 | nú kr 5.400.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| M.Benz E200 | 2007 | áður kr 3.990.000 | nú kr 3.400.000 |
| MMC Pajero Disel | 1999 | áður kr 890.000 | nú kr 500.000 |
| Nissan Note | 2008 | áður kr 1.690.000 | nú kr 1.500.000 |
| Nissan X trail | 2008 | áður kr 2.690.000 | nú kr 2.100.000 |
| Porche Cayenne | 2004 | áður kr 3.190.000 | nú kr 2.690.000 |
| Porche Cayenne Turbo | 2004 | áður kr 4.980.000 | nú kr 4.400.000 |
| Subaru Forester | 2006 | áður kr 1.490.000 | nú kr 1.190.000 |
| Toyota land Cruiser | 2004 | áður kr 3.490.000 | nú kr 2.900.000 |
| Toyota TUNDRA DOUBLE CAB LIMITED | 2007 | áður kr 3.990.000 | nú kr 3.400.000 |
| VW Touareg | 2004 | áður kr 1.990.000 | nú kr 1.450.000 |

**OG UM 70 BÍLAR Í VIÐBÓT!**

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ BÍLAKAUP - FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!**

# ÖRYGGISFATNAÐUR

FIMMTUDAGUR **30. MAÍ 2013**



## Töff í vinnunni

Sænsk gæði og stællegur vinnufatnaður í Hebron. **SÍÐA 2**

## Draga úr slysahættu

Persónuhlífar verja fólk þegar ekki er hægt að fjarlægja utanaðkomandi hættu á annan hátt. **SÍÐA 3**

# Vel klæddir í vinnunni

Hebron-Vinnufatnaður tekur hlýlega á móti vinnandi fólki og veitir framúrskarandi þjónustu. Þar fæst hágæða vinnu- og öryggisfatnaður sem prýðir manninn. Hebron er meðal annars með föt frá Blåkläder sem stendur fyrir gæði og stællegan fatnað.

Menn vilja vera töff og vel klæddir í vinnunni í dag, jafnvel þótt þeir séu skítugir upp fyrir haus, já og konur líka," segir Kristín Linda Sigmundsdóttir, sölumaður hjá Hebron-Vinnufatnaði sem selt hefur Íslendingum vinnu- og öryggisfatnað frá árinu 1980.

„Vinnufatnaður nútímans samanstendur ekki lengur bara af látlausum samfestingi eða buxum og flónelskyrtu, þótt það standi svo sannarlega enn þá fyrir sínu. Nú spyrja menn hvort til sé aðsniðin skyrta við töff vinnubuxur og eru farnir að spá í liti, snið, efni, endingu sauma og þægindi fatnaðarins," upplýsir Kristín.

Hebron tók við sænska vörumerkinu Blåkläder fyrir fjórum árum og hefur eftirspurnin eftir því vaxið hratt jafnt og þétt.

„Blåkläder hefur frá árinu 1959 hannað skó og vinnufatnað og stendur fyrir miklum gæðum og stællegum vinnufatnaði. Merkið er eitt það vinsælasta og virtasta á Norðurlöndunum og fatnaðurinn alltaf flottur um leið og hann mætir öllum öryggiskröfum," útskýrir Kristín.

Hebron var í liðinni viku valið fyrirtæki ársins af VR, annað árið í röð, en frá árinu 2007 hefur Hebron verið hluti af Johan Rönning, Rönning heimilistækjum og Sindra.

„Við erum afar hamingjusöm með þessa útnefningu og gleðjumst yfir því hvað viðskiptavinir eru ánægðir með þjónustu okkar og gæði. Við erum líka stolt af því að vera hluti af Rönning og andinn í fyrirtækinu er góður," segir Kristín.

„Aðalsmerki Hebron hefur svo alltaf verið traust, persónuleg og alúðleg þjónusta og við leggjum okkur í líma við að mæta eftirspurn með hraði og leysa úr málum hvers og eins."

Meðal freistandi nýjunga hjá Hebron er nýtt smíðavesti með neti í baki og brjósti og með aukabrjóstvösum. Þá hafa hnjápúðavasar í nýrri tegund buxna styrkst verulega með gúmmíefni sem hitað er með súlfati og úrval sýnileikafatnaðar í verslun er ríkulegt.

„Við þrykkjum merkingar á staðnum og oftast samdægurs. Þá erum við í samstarfi við saumastofu sem saumar í merki ef það hentar betur og sjáum einnig um að stytta og breyta fatnaði eftir þörfum hvers og eins," segir Kristín.

Auk Blåkläder fást fjölmörg önnur traust og góð vörumerki í vinnu- og öryggisfatnaði hjá Hebron. Þar má nefna Tranemo og Havep og yfir fjörutíu tegundir af öryggisskóm. Nýir öryggisskór frá Terra rjúka nú út enda 25 prósentum léttari, með Comfort-sóla og táfýluvörn, til allrar hamingju.

„Við erum alltaf skrefi á undan í Hebron og reynum að vera á tánum með það nýjasta í vinnufatnaði ásamt úrvali af föðurlandi, úlpum, skyrtum, softshell-jökkum, peysum, húfum, hönskum, beltum, hjálmum, vinnugöllum fyrir börn og fleiri aukahlutum," segir Kristín spennt fyrir komandi sumri og ári.

„Í sumar tökum við í gagnið nýja heimasíðu, nýjan vörulista og opnum Hebron-síðu á Facebook. Þá er hér alltaf ilmandi kaffi á könnunni og bakkelsi á föstudögum. Í sumar ætlum við að bjóða til grillveislu í portinu og sýna vinnufatnað úr Hebron. Þetta er lifandi verslun og sniðugt að grilla í Blåkläder-buxum því þær hafa fullt af aukavösum fyrir sósuna, kryddið og alls konar græjur, jafnvel pylsurnar. Býður einhver sig fram?" segir Kristín og skellir upp úr.

Hebron-Vinnufatnaður er á Smiðjuvegi 1 í Kópavogi. Sjá nánar á **www.hebron.is.**



Kristín Linda Sigmundsdóttir segir gaman að taka á móti vinnandi mönnum í Hebron enda viti þeir upp á hár hvað þeir vilja þegar kemur að vönduðum vinnufatnaði og skóm. MYND/ANTON

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s. 512-5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




# Koma í veg fyrir slys

Reglur um persónuhlífar og notkun þeirra voru settar árið 1994 og hefur margt breyst til batnaðar síðan þá.

Öryggisfatnaður er margs konar en markmiðið með honum er að hann verji fólk gegn utanaðkomandi hættu. „Þetta kallast einu nafni persónuhlífar en grunnhugsunin er sú að þær verji fólk þegar ekki er hægt að fjarlægja hættuna á annan hátt," segir Steinar Harðarson, svæðisstjóri Vinnueftirlitsins. „Það ætti að vera keppikefli atvinnurekenda að vélar, tæki, vinnuaðferðir og verkefni séu hættulaus en sú er ekki alltaf raunin og þá eru persónuhlífar notaðar."

Undir persónuhlífar heyrir meðal annars sýnileikafatnaður, öndunargrímur, fallvarnarbúnaður, tregbrennanlegur fatnaður, öryggisgleraugu og heyrnarhlífar. Samkvæmt reglugerð um notkun persónuhlífa er það skylda atvinnurekenda að meta þörfina fyrir þær fyrir öll störf sem þeir láta vinna á sínum vegum. „Ef því er ekki sinnt er það brot á vinnuverndarlögum og við því geta verið viðurlög," segir Steinar. „Ef hægt er að rekja slys til þess að persónuhlífum hafi verið ábótavant getur atvinnurekandi sömuleiðis verið skaðabótaskyldur. Þá þurfa persónuhlífarnar að vera CE-merktar sem á að tryggja að þær uppfylli tiltekna öryggisstaðla."

Reglur um persónuhlífar og notkun þeirra voru settar árið 1994 og hefur margt breyst til batnaðar síðan þá. „Það eru til dæmis ekki nema tíu til fimmtán ár síðan maður sá hópa af unglingum vera að vinna nálægt akbrautum án sýnileikafatnaðar. Í dag dettur engum í hug að senda fólk á slíka staði án auðsjáanlegs fatnaðar með endurskini. Almennt er mun meira um að menn noti réttan búnað þar sem hans er þörf."

Því miður verður að segjast að flutningurinn nú var svo langdreginn og leiðinlegur að það hálfa hefði verið nóg. Óneitanlega voru góðir sprettir í tónlistinni en það var of langt á milli þeirra. Upp kom í hugann það sem Rossini sagði um Wagner: „Tónlist hans á góð augnablik en slæma stundarfjórðunga.“ Kvartettinn eftir Lutoslawski var eitt af svona verkum; það ætlaði aldrei að verða búið.

Svipaða sögu er að segja um Prelúdíur og fúgu fyrir þrettán strengjaleikara frá árinu 1972. En Örforleikur fyrir málmblásarakvintett (1982) var hins vegar frábær. Bæði var tónlistin skemmtilega fersk, og svo var hljóðfæraleikurinn nákvæmur, snarpur og líflegur.

Dansaforleikir fyrir níu hljóðfæri (1959) voru líka heillandi, og prýðilega leiknir. Og Tvöfaldur konsert fyrir óbó, hörpu og kammersveit (1979-1980) var framúrskarandi. Tónlistin sjálf var mun lagrænni, aðgengilegri og meira grípandi, og svo var hún snilldarlega flutt. Matthías Birgir Nardeau spilaði einstaklega fallega á óbó, og Katie Buckley lék svo fagurlega á hörpuna að það var hrein dásemd. Petri Sakari stjórnaði svo kammersveitinni, sem lék eins og einn maður. Þetta var skemmtileg upplifun.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sumt var skelfilega leiðinlegt, annað frábært. En tónleikarnir í heild gáfu góða mynd af hinni miklu breidd í tónlist Lutoslawskis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 30. MAÍ 2013**

### Fundir

**10.00** Ársfundur UNICEF á Íslandi fer fram í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41. Allir áhugasamir velkomnir.

### Leikrit

**20.00** Leikritið Blinda konan og þjónninn, eftir Sigurð Pálsson, verður flutt í Kringlusafni. Leikarar eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Valur Freyr Einarsson. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00** Leikkonan Þórunn Clausen sýnir einleikinn Ferðasaga Guðríðar í Garðakirkju. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**20.00** Bræðurnir Ásgeir Trausti og Þorsteinn (Steini í Hjálmum) Einarssynir koma saman fram á tónleikum í Neskirkju. Ásamt þeim koma þar fram Stúlknakór Neskirkju, Kór Neskirkju, Einar Indra og Þórir Georg. Miðaverð er kr. 2.500 og að tónleikumloknum verður sumarblómasala til styrktar kór kirkjunar.

**21.00** Hljómsveitin Síðasti bærinn í dalnum heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**21.00** Hljómsveitin Kælan Mikla spilar á Volta ásamt dj. flugvél og geimskip, Knife Fights og Spy kids 3D. Kælan Mikla vann ljóðaslamm Borgarbókasafnsins þetta árið og hefur vakið mikla athygli fyrir áhrifaríka sviðsframkomu. Aðgangur er ókeypis.

### Listamannaspjall

**12.15** Magnús Pálsson og Jón Proppé taka þátt í spjalli í Hafnarhúsinu, í tengslum við yfirlitssýningu Magnúsar sem stendur þar yfir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM57990

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12–16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070


Panasonic
my Home Screen
Home Screen Selection
Apps
Search
Messages
Setting
Help
Asphalt 5
Aa Bb Cc
1234567
VIERA Connect
UNO
Skype
ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ
NÝTT SMART VIERA MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ.
SMART TV SJÓNVARP GERT EINFALT.
Með nýja Smart VIERA sjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.
Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna Smart VIERA sjónvarpinu með einföldum raddskipunum og fisléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
SMART VIERA



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Allt fram streymir…

Þegar ég var ungur var lífið einfaldara á flestan hátt, til dæmis þegar kom að tónleikum erlendra listamanna hér á landi. Nánast frá því að ég byrjaði að tala og labba (eða var það öfugt?) var reglan langt frá því flókin: Ef einhver útlendingur hélt hér tónleika, burtséð frá því hver það var og hvort ég fílaði viðkomandi eður ei, var ég mættur í biðröðina (í minningunni var alltaf grenjandi rigning í þessum biðröðum, ef það myndaðist þá biðröð yfir höfuð, en líklega er um að kenna þeirri ósjálfráðu tilhneigingu heilans að gera meira úr slíkum liðnum atburðum en efni standa til) til að kaupa miða. Hverjir einustu hljómleikar voru heimssögulegur viðburður í augum ungs tónlistarnörds, hvort sem það voru A-Ha, Kiss, The Smithereens, The Christians, Meat Loaf, Simply Red eða The Men They Couldn't Hang, og ég undirbjó mig vandlega fyrir þá alla.



Svo gerðist það upp úr miðjum tíunda áratuginn að heimsins frægustu bönd og tónlistarmenn (til þess að gera) hófu að streyma unnvörpum til landsins til tónleikahalds og áhorfendur, þar á meðal ég, gátu leyft sér að gerast vandlátir á framboðið. Þessi þróun ágerðist allt fram að efnahagshruni, en í kjölfar þess leiðindarugls reyndist það tónleikahöldurum nánast ómögulegt að gera áætlanir um nokkurn skapaðan hlut því téð plön fóru svo auðvitað beinustu leið út í bláinn þegar hin grútmáttlausa íslenska króna hoppaði út og suður og norður og niður.

Í hönd fór afturhvarf til unglingsáranna og það var í raun ekki alslæmt ástand. Eins skemmtilegt og það hafði verið að geta valið úr gæðatónleikum var líka dásamlega nostalgískt að verða pínulítið spenntur yfir tónleikum með Whitesnake, John Fogerty og Jethro Tull, eingöngu vegna vitneskjunnar um að fátt annað yrði í boði næstu vikur, mánuði eða ár (að undanskildum hátíðum á borð við Iceland Airwaves sem einbeitir sér fyrst og fremst að listamönnum sem eiga eftir að meika það almennilega).

En nú virðist enn og aftur vera að rofa til. Þótt flestir af þeim mörgu listamönnum sem sækja landið heim í sumar séu í eldri kantinum fáum við líka nokkra unga og ferska, til dæmis enska rapparann Tinie Tempah og hinn sjóðheita Frank Ocean. Sá síðarnefndi var eflaust efstur á tónleika-óskalista mjög margra og ber að fagna komu hans sérstaklega, eins og áhugi íslenskrar alþýðu sýnir. Sjálfur legg ég til að til að gæta jafnvægis verði hinn Ocean-inn, eitíshetjan Billy, líka fluttur inn en allt er þetta auðvitað hið besta mál og verður vonandi framhald á. Að minnsta kosti fram að næsta fjárhagslega áfalli þjóðarinnar.

## Í spilaranum







**Úti á sjó** - KK og Maggi Eiríks
**Everything Everywhere All the Time** - Bedroom Community
**Modern Vampires of the City** - Vampire Weekend






**Á TÓNLEIKUM** Josh Homme á tónleikum Queens of the Stone Age í Los Angeles fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gamlir og nýir vinir lögðu sitt af mörkum

## Fyrsta plata rokkaranna í Queens of the Stone Age í sex ár kemur út eftir helgi.

…Like Clockwork er fyrsta plata bandarísku gítarrokkaranna í Queens of the Stone Age í sex ár, eða síðan Era Vulgaris kom út. Hún er jafnframt sú fyrsta með bassaleikaranum Michael Shuman og hljómborðs- og gítarleikaranum Dean Fertita, en þeir spiluðu fyrst með sveitinni á tónleikaferð til að fylgja Era Vulgaris eftir.

Upptökur á … Like Clockwork, sem kemur út í næstu viku, hófust í nóvember 2011. Upptökurnar gengu ekki skammlaust fyrir sig því trommarinn frá árinu 2002, Joey Castillo, sagði skilið við bandið og til að hlaupa í skarðið var fenginn sjálfur Dave Grohl, sem trommaði einmitt af miklum þrótti á Songs for the Deaf, þriðju plötu sveitarinnar. Grohl er reyndar ekki eini trommarinn á plötunni því Castillo kemur einnig við sögu, rétt eins og Jon Theodore, sem mun spila með Queens of the Stone Age á komandi tónleikaferð.

Fyrir upptökurnar var hóað í gamla vini, söngvarann Mark Lanegan úr Screaming Trees sem hefur áður starfað með bandinu og fyrrverandi bassaleikarann Nick Oliveri. Óvæntur gestur var Sir Elton John, sem hringdi í Homme og spurði hvort hann vildi ekki starfa með alvöru drottningu. Auk þess lögðu Trent Reznor, Alex Turner úr Arctic Monkeys og Jake Shears úr Scissor Sisters sitt af mörkum. „Fyrir allt það sem gekk ekki upp gekk eitthvað annað upp í staðinn," sagði forsprakkinn Josh Homme um upptökurnar. „Einn daginn ertu í partíi með trommaranum þínum til tíu ára en þann næsta mætir Elton John á svæðið."

Queens of the Stone Age leyfði aðdáendum sínum að hlusta á nýju plötuna á iTunes fyrr í vikunni og hafa undirtektirnar verið góðar. Smáskífulaginu My God Is The Sun hefur verið vel tekið og fór það til að mynda beint á topp vinsældalista X-ins 977 skömmu eftir útgáfu.

Fáir dómar hafa birst um plötuna en vefsíðan All Music er yfir sig hrifin og gefur henni fjórar og hálfa stjörnu af fimm mögulegum. Fram undan hjá hljómsveitinni er spilamennska á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í sumar, þar á meðal á Hróarskeldu í Danmörku, Benicassim á Spáni og á Lollapalooza í Chicago.

freyr@frettabladid.is

### ➜ Átti að heita Gamma Ray

**Queens of the Stone Age** var stofnuð árið 1996 upp úr fyrri hljómsveit Josh Homme, Kyuss. Sveitin átti upphaflega að heita Gamma Ray en varð að breyta nafninu sínu vegna þess að þýsk hljómsveit með sama nafni hótaði málshöfðun.

**2005** Queens of the Stone Age spilaði í Egilshöll árið 2005 ásamt Foo Fighters.

## 23.5.2013 ➜ 29.5.2013





### LAGALISTINN

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | **Daft Punk** / Pharrell | Get Lucky |
| ▶ 2 | Justin Timberlake | Mirrors |
| ▶ 3 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▶ 4 | Robin Thicke | Blurred Lines |
| ▶ 5 | Valdimar | Beðið eftir skömminni |
| ▲ 6 | Emmelie de Forest | Only Teardrops |
| ▼ 7 | Eyþór Ingi | Ég á líf |
| ▲ 8 | Capital Cities | Safe and Sound |
| ▶ 9 | Mammút | Salt |
| ▲ 10 | Macklemore & Ryan Lewis | Can't Hold Us |

### TÓNLISTINN

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | *Ýmsir* | ***Eurovision Song Contest 2013: Malmö*** |
| * 2 | *Daft Punk* | *Random Access Memories* |
| * 3 | *KK & Maggi Eiríks* | *Úti á sjó* |
| ▼ 4 | *Ýmsir* | *Pottþétt 59* |
| ▼ 5 | *Ásgeir Trausti* | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▲ 6 | *Ýmsir* | *This Is Icelandic Indie Music* |
| ▼ 7 | *Bubbi Morthens* | *Stormurinn* |
| ▼ 8 | *Of Monsters and Men* | *My Head Is an Animal* |
| ▲ 9 | *Björk* | *Gling gló* |
| ▼ 10 | *Ýmsir* | *Tíminn flýgur áfram* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# ÞORPARINN

## PÁLMI GUNNARSSON



## HARPA ELDBORG **07.09.13**

Pálmi Gunnarsson, einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar, heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu 7. september þar sem hann fer yfir langan feril ásamt einvalaliði tónlistarmanna. **Hvers vegna varst' ekki kyrr?, Þorparinn, Ég er á leiðinni, Íslenska konan, Vegurinn heim, Þitt fyrsta bros, Ísland er land þitt** og allar hinar perlurnar sem Pálmi hefur gætt lífi og sál verða á efnisskrá tónleikanna.

Sérstakir gestir eru **Magnús Eiríksson** og **Ellen Kristjánsdóttir.** Tónlistarstjóri er **Þórir Úlfarsson.**

**MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12** Miðasala er á harpa.is, midi.is eða í síma **528 5050** (**Harpa**). Miðaverð **3.990 kr. – 6.990 kr.**

HARPA

DÆGURFLUGAN

# Fer með hlutverk Jacqueline Kennedy

## Ginnifer Goodwin leikur forsetafrúna heimsþekktu.

Sjónvarpsstöðin National Geographic hyggst framleiða kvikmynd um forsetahjónin John og Jacqueline Kennedy. Myndin hefur hlotið titilinn Killing Kennedy og skartar Rob Lowe og Ginnifer Goodwin í aðalhlutverkum.

Handritið er byggt á samnefndri bók Bills O'Reilly og Martins Dugard og hefst árið 1959, árið sem John F. Kennedy tilkynnti framboð sitt. Myndinni verður leikstýrt af Nelson McCormick og hefjast tökur í júní. „Við erum spennt fyrir samstarfinu með Goodwin og Lowe," sagði Howard T. Owens, forstjóri National Geographic-stöðvarinnar.



**LEIKUR JACKIE** Ginnifer Goodwin fer með hlutverk Jacqueline Kennedy í nýrri kvikmynd National Geographic-sjónvarpsstöðvarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Feðgar leika feðga

## Will og Jaden Smith leika saman í vísindatrylli.

„Áhættan við að hrærast innan kvikmyndaiðnaðarins er fyrst og fremst tilfinningaleg. Þetta er nánast eins og að kynna barnið þitt fyrir eiturlyfjum," sagði leikarinn Will Smith um leiklistarferil sonar síns, Jadens Smith. Feðgarnir leika saman í vísindatryllinum After Earth sem frumsýnd verður í Bandaríkjunum um helgina.

Hinn fjórtán ára gamli Jaden Smith hefur áður leikið í myndinni The Pursuit of Happyness með föður sínum. „Maður leiðist ekki út í kvikmyndagerð vegna sjálfsánægju heldur vegna þess að maður vill gleðja aðra," sagði Will Smith um uppeldisaðferðir sínar.



**LEIKA SAMAN** Will Smith og sonur hans, Jaden Smith, leika saman í kvikmyndinni After Earth. NORDICPHOTOS/GETTY


# ÚTGÁFU-PARTÍ

**í tilefni af útgáfu bókarinnar EKKI ÞESSI TÝPA eftir Björgu Magnúsdóttur**




**Léttar veitingar.**
**Uppistand og upplestur.**

**Bókin verður á sérstökum kynningarkjörum, og höfundur áritar hana að sjálfsögðu fyrir þá sem þess óska.**

**Hvar? Á Loftinu, Austurstræti 9**
**Hvenær? Í dag, 30. maí, kl. 17**

**Hlakka til að sjá þig og þína!**
**Björg Magnúsdóttir og Forlagið**

*www.forlagid.is*
*– alvöru bókabúð á netinu*




**KOMNIR AFTUR** Meðlimir Úlfagengisins lenda enn og aftur í ævintýrum í kvikmyndinni The Hangover Part III.

# Hamslaust úlfagengi

## Gamanmyndin The Hangover Part III er frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Fyrsta myndin, The Hangover, varð óvæntur smellur árið 2009.

The Hangover Part III segir sem fyrr frá ævintýrum karlmannanna í Úlfagenginu. Fyrsta myndin í þríleiknum sló óvænt í gegn árið 2009. Tvær síðari myndirnar hafa hlotið frábæra aðsókn í kvikmyndahúsum en töluvert slakari dóma.

Sem fyrr leikstýrir Todd Phillips myndinni og Bradley Cooper, Ed Helms, Zach Galifianakis, Ken Jeong og Heather Graham fara með helstu hlutverk. Í myndinni komast vinirnir að því að Alan, sem leikinn er af Galifianakis, hefur ekki verið að taka geðlyfin sem honum er skylt að taka og ákveða að fylgja vini sínum í meðferð til Arizona. Gengið kemst þó ekki á leiðarenda því þeim er rænt af harðsvíruðum glæpamönnum og upphefst þá enn eitt ævintýri þeirra félaga.

Gagnrýnendur lýsa myndinni sem ofbeldisfullri, kvikindislegri og hamslausri og þykir sumum hún innihalda of mikið af Mr. Chow og Alan; persónum sem eru skemmtilegri í smærri skömmtum. Sem fyrr segir kom fyrsta myndin í Hangover-myndaröðinni út árið 2009 og velti um 34 milljörðum króna í Bandaríkjunum einum saman. Seinni myndin hlaut heldur slakari dóma meðal gagnrýnenda en halaði þrátt fyrir það inn tæpa 72 milljarða á heimsvísu.

Leikstjóranum Phillips bregður fyrir í öllum þremur myndunum í þríleiknum. Í fyrstu myndinni lék hann persónuna Mr. Creepy, sem klæddur var í íþróttagalla og bar svarta hárkollu. Hann endurtekur rulluna bæði í annarri og þriðju myndinni. - sm

**21%** **Rottentomatoes**
*„Ef það sem gerðist í Vegas hefði bara orðið eftir í Vegas."*

**30%** **Metacritic**
*„Galifianakis er lykillinn. Hann býr yfir þeim hæfileikum að negla senu með einföldustu línum. Gamanmyndin er jafn ófyrirsjáanleg og fyrri myndirnar, en leikstjórinn Todd Phillips bætir hér um betur."*

**Rolling Stone**
*„Lærðuð þið ekkert af vonbrigðunum sem fylgdu The Hangover Part II? Ætli það."*

**6,3** **Imdb.com**
*„Ég ætla ekki að fegra umsögnina; þessi kvikmynd er hroðaleg."*

**1,5★** **Roger Ebert**
*„The Hangover Part III er annað óþarft framhald myndarinnar The Hangover frá 2009."*



**BJARGAR HEIMINUM** M.K. er smækkuð og berst með agnarsmáaum hermönnum til að bjarga þeirra heimi og okkar í teiknimyndinni Epic.

# Nóg fyrir börnin um helgina

## Ný teiknimynd og sérstök barnakvikmyndahátíð ætti að kæta barnafólkið.

Teiknimyndin Epic verður frumsýnd næstkomandi föstudag. Um er að ræða fjölskyldumynd frá óskarsverðlaunahafanum Chris Wedge sem er gerð eftir sögunni The Leaf Men and the Brave Good Bugs sem er eftir annan óskarsverðlaunahafa, William Joyce.

Myndin segir frá hinni 17 ára gömlu Mary Katherine sem er oftast kölluð M.K. Þegar hún fer í heimsókn til föður síns segir hann henni frá agnarsmáum hermönnum sem hann trúir að séu til í skóginum þar sem hann býr og hann ætlar sér að finna þær. M.K. tekur ekki mikið mark á föður sínum, enda er sá léttgeggjaður vísindamaður. Hún á þó ekki annarra kosta völ en að trúa föður sínum þegar galdrar valda því að hún er smækkuð niður í þeirra stærð. Hún lendir í miklum ævintýrum með nýjum vinum sínum þar sem hún tekur þátt í baráttu þeirra gegn illum öflum og reynir að hjálpa þeim að bjarga heimi sínum frá glötun, og í kjölfarið heimi okkar mannfólksins líka.

Ensk talsetning myndarinnar er í höndum stórstjarna á borð við Amanda Seyfried, Colin Farrell, Josh Hutcherson og Beyoncé Knowles. Við Íslendingar dröggum líka fram okkar stórskotalið í talsetningunni og þar er meðal annars að finna Láru Sveinsdóttur, Sigurð Þór Óskarsson, Björn Thors, Hjálmar Hjálmarsson, Gísla Rúnar Jónsson, Ævar Þór Benediktsson og Hilmi Snæ Guðnason. Barnakvikmyndahátíðin heldur svo áfram í Bíó Paradís og meðal þeirra mynda sem eru sýndar þar á næstu dögum eru Ernest & Celestine, E.T. The Extra Terrestrial, Stikkfrí, Dugghólufólkið, Vegas, The Karate Kid og Bestevenner. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á heimasíðunni bioparadis.is - trs

➜ Þekktustu myndir Chris Wedge til dagsins í dag eru fyrsta Ice Age-myndin árið 2002 og myndin Robots árið 2005.



Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:
App sem
þú þarft
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann
FBL
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

# Ástralar ánægðastir

## Ástralar eru hamingjusamasta þjóð heims í dag.

Ástralar eru hamingjusamasta þjóð í heimi þetta árið, samkvæmt könnun OECD. Af 34 þjóðum voru íbúar Ástralíu ánægðastir með lífið og komu þættir á borð við tekjur, húsnæði, umhverfi og heilsu þar við sögu. Nágrannar okkar í Svíþjóð vermdu annað sætið og Kanadabúar voru í því þriðja. Þá voru Norðmenn fjórða hamingjusamasta þjóð heims og Íslendingar í níunda sæti, mitt á milli Hollands og Bretlands. Af 34 þjóðum voru Tyrkir óánægðastir.

Niðurstöður og útreikningar OECD eru þó aðrar en niðurstöður Happy Planet-stuðulsins sem tekur mið af umhverfissjónarmiðum, en þar trónir Kosta Ríka í efsta sæti.



**HAMINGJUSÖM** Ástralar eru hamingjusamasta þjóð heims samkvæmt könnun OECD. NORDICPHOTOS/GETTY

Samkvæmt könnunum Sameinuðu þjóðanna eru Danir aftur á móti hamingjusamasta fólk í heimi.

# Eins ólíkar og ljón eru heimilisköttum

## Moskítóflugur haga sér á ólíka vegu eftir tegundum.

Moskítóflugur eru mikil plága fyrir þá sem verða fyrir biti þeirra. Janet McAllister, doktor í skordýrafræðum við bandarísku sóttvarnastofnunina, segir flugurnar haga sér á ólíkan máta eftir búsetu.

„Hver tegund er ólík þeirri næstu og mætti segja að tegundirnar séu jafn ólíkar og ljón er heimilisketti. Þær haga sér á ólíkan hátt og eru með ólíkan matarsmekk," sagði McAllister og tekur fram að moskítóflugur laðist ekki sérstaklega að fólki með sætt blóð. Teviðarolía og lofnarblómaolía eru sagðar virka best við biti



**PLÁGA** Moskítóflugur eru ólíkar eftir tegundum. NORDICPHOTOS/GETTY

flugnanna enda eru báðar olíurnar græðandi og bakteríudrepandi. Einnig er mælt með að bera venjulegt borðedik á bit moskítóflugna.






**HERRALEGT** Herralínur Kenzo hafa einnig fallið í kramið hjá tískuáhugamönnum. Þessi fatnaður er úr vorlínu þessa árs.



**STOFNANDINN AÐ STÖRFUM** Kenzo Takanada að störfum árið 1975. NORDICPHOTOS/GETTY



**TÍGURINN SNÝR AFTUR** Lim og Leon endurvöktu Kenzo-tígurinn með góðum árangri. Græna peysan er frá haustlínu Kenzo fyrir árið 2012, sú sinnepsgula úr vorlínu þessa árs.

# Tígurinn snýr aftur

## Tískuhúsið Kenzo endurheimti vinsældir sínar með komu nýrra yfirhönnuða.

Tískuhúsið Kenzo hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga eftir að Carol Lim og Humberto Leon, eigendur Opening Ceremony, tóku við sem yfirhönnuðir þess. Parið endurvakti meðal annars Kenzo-tígurinn, peysur er skörtuðu kattardýrinu og urðu ein vinsælasta tískuflík ársins 2012.

Kenzo var stofnað af japanska hönnuðinum Kenzo Takada á áttunda áratug síðustu aldar. Hönnun Takada þótti djörf og litrík og vakti strax mikla athygli. Árið 1976 opnaði hann glæsilega verslun við Place des Victoires í París. Árið 1983 frumsýndi Takada fyrstu herralínu sína og áratug síðar tók stórveldið LVMH við rekstri hússins. Takada hætti störfum árið 1999 og nokkru síðar tóku vinsældir tískuhússins að dvína.

Lim og Leon eru hvorug menntuð sem fatahönnuðir en deila áhuga á ferðalögum og innkaupum. Þau tóku snemma þá ákvörðun að finna sér starf sem sameinaði þessi tvö áhugamál og ákváðu að stofna tískuverslunina Opening Ceremony. Skömmu eftir opnun verslunarinnar hófu þau að hanna samnefnt fatamerki sem sló fljótlega í gegn. Og ævintýri tvíeykisins heldur áfram með Kenzo. - sm



**GOTT SAMSTARF** Carol Lim og Humberto Leon hafa endurvakið vinsældir Kenzo með litríkri og fallegri hönnun sinni.

# Lengi lifi sjálfsfróun

**?** Ég lenti í svolitlu vandræðalegu með vinkonum mínum um daginn og mig langaði að fá að vita aðeins meira um það og hvort ég sé eitthvað skrýtin. Við vorum að tala saman um sjálfsfróun og ég fer að tala um sjálfsfróun og hvað ég myndi vel eftir fyrstu fullnægingunni minni og bara segja þeim alls konar svona. Þær horfðu á mig eins og ég væri skrýtin að vera að tala svona um sjálfsfróun og það var eins og ég væri eitthvað sorglegt að hafa gert það en ekki bara verið með einhverjum öðrum eins og hinar stelpurnar. Nú er ég viss um að fleiri en ég í hópnum stunda sjálfsfróun en það vildi samt engin viðurkenna það eða tala um það. Því vil ég spyrja þig, rúnka stelpur sér ekki?

• • •

**SVAR** Sjálfsfróun er einn af leyndardómum kynlífs kvenna. Samkvæmt rannsóknum þá virðast konur byrja seinna að stunda sjálfsfróun og stunda hana sjaldnar en karlmenn. Þá ber að taka fram að sjálfsfróun hefur ekki verið ítarlega rannsökuð og væri því kærkomin nemarannsókn ef einhvern háskólanemann vantaði hugmynd að lokaverkefni. Ég er þeirrar skoðunar að kynlíf



**SJÁLFSFRÓUN AF HINU GÓÐA** Konur virðast feimnari við að stunda, og ræða, sjálfsfróun. NORDICPHOTOS/GETTY

eigi að byrja hjá manni sjálfum, einum uppi í rúmi, en ekki með poti ókunnugrar handar. Þegar neyðin er stærst er höndin nefnilega næst. Þetta er eitt af því sem virðist aðgreina kynlífsreynslu kynjanna og það þykir mér undarlegt. Ef þú ert ekki tilbúin að stunda kynlíf (sjálfsfróun) með þér sjálfri ertu varla tilbúin til þess með einhverjum öðrum. Þetta er besta leiðin til að læra inn á eigin líkama og kynfærin og finna út hvað manni þykir gott. Það þarf líka ákveðið sjálfstraust í kynlífi og líkamsþekkingu því einstaklingur verður að geta sagt sínum bólfélaga hvað honum eða henni þykir gott.

Ég spjalla alltaf um sjálfsfróun í kynfræðslunni minni og set það sem skilyrði fyrir stúlkur áður en þær fara og stunda kynlíf með einhverjum öðrum. Þegar við ræðum þetta skilyrði fyrir keleríi þá er alltaf ákveðið hlutfall stúlknanna sem starir á mig eins og ég sé að tala klingonsku, aðrar gretta sig og sumar eru eitt spurningarmerki. Eftir einn fyrirlestur þá trítlaði upp að mér ung stúlka sem spurði hvort ekki væri í lagi að nota sturtuhausinn við sjálfsfróun. Ég benti henni á að hún þyrfti bara að passa að smúla ekki inn í leggöng og passa hitastigið á vatninu en annars væri það bara í góðu lagi. Svo bætti hún við sömu hugleiðingu og þú, af hverju tala stelpur ekki um sjálfsfróun, stunda þær hana ekki? Það mun taka einhvern tíma að breyta þessu en tíminn er núna og með því að ein opni samræðurnar, þá hljóta fleiri að fylgja. Svo ég klappa þér á bakið, þetta er gott hjá þér og lengi lifi sjálfsfróun!

**KYNLÍF** **TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# BRJÁLUÐ...
# LAGERSALA NTC
## Lynghálsi 5



aðeins í nokkra daga

# 6 verð !!

**500 - 1000 - 2000 - 3000 - 4000 - 5000**

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - stígvél - fylgihlutir

Ekki missa af þessu !

**flott merki frá verslunum NTC :**

galleri sautján · Kultur menn · gs skór · focus · KARAKTER KONUR · Kultur
COMPANYS · Deres · SMASH · Sparkz · URBAN · eva




# Opnum í dag kl. 11
## opið alla helgina...
og næstu daga frá **kl. 11-18**

Lagersala NTC- **Lynghálsi 5** - 110 Reykjavík



# Justin Bieber er kominn aftur á Twitter

**Popparinn vinsæli tók sér vikufrí frá samskiptasíðunni fyrir sjálfan sig en Bieber er mjög virkur á Twitter.**

Justin Bieber hefur snúið aftur á Twitter eftir að hafa tekið sér frí frá samskiptasíðunni fyrir viku síðan. „Söknuðuð þið mín? Ég þurfti bara smá frí fyrir sjálfan mig,“ skrifaði popparinn. Hann notaði tækifærið og minntist á vin sinn Jaden Smith og nýjustu kvikmynd hans, After Earth. „Þið verðið að horfa á nýju myndina hans um helgina,“ sagði hann. Bieber hefur í nógu að snúast í sumar því hann hefur verið bókaður á fjölda tónleika í Bandaríkjunum og Kanada þangað til í ágúst.

Tónlistarmaðurinn Usher, sem hjálpaði Bieber að slá í gegn, hefur komið popparanum til varnar vegna alls kyns uppátækja hans sem hafa ratað í fréttirnar. Nýlega var hann sagður hafa brunað á Ferrari-sportbíl sínum um Kaliforníu langt yfir hámarkshraða. „Hann er unglingur sem þarf að lifa lífi sínu fyrir framan myndavélar. Ímyndið ykkur ef þið hefðuð þurft að gera það þegar þið voruð á þessum aldri,“ sagði hann um hinn 19 ára Bieber.

**30.751.269**

fylgja Justin Bieber á Twitter.



**JUSTIN BIEBER** Popparinn hefur snúið aftur á Twitter.







**INNILEG** Ellen Page og Alexander Skarsgård létu vel hvort að öðru á rauða dreglinum í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki bara vinir?

Leikarnir Ellen Page og Alexander Skarsgård hafa ítrekað sést saman undanfarið en neita statt og stöðugt sögusögnum þess efnis að þau séu par. Á frumsýningu myndarinnar The East þóttu þau hins vegar einkar innileg hvort við annað. Leikararnir leika saman í myndinni The East og urðu góðir vinir á meðan á tökum stóð.

Fjölmiðlar vestanhafs velta því fyrir sér hvort nú sé komin einhver nýr neisti í vinasambandið.



**SIGN** Hljómsveitin Sign undirbýr nýja plötu.

## Sign undirbýr nýja plötu

Hljómsveitin Sign stefnir að útgáfu nýrrar plötu seinna á þessu ári. Þeir Ragnar Zolberg og Arnar Grétarsson, forsprakkar hljómsveitarinnar, hafa undanfarið verið í Noregi þar sem þeir hafa lagt lokahönd á lagasmíðarnar. Þeir eru núna staddir í Uppsala í Svíþjóð þar sem þeir hitta fyrir upptökustjórann Daniel Bergstrand í Dugout-Studios. Hann hefur stjórnað og unnið að upptökum með nokkrum af þeim hljómsveitum sem eru hvað mest í uppáhaldi meðlima Sign. Þar má nefna Meshuggah, In Flames, Soilwork, Rised First, Devin Townsend og Strapping Young Lad.

## Vill hjálpa til við Eurovision

Simon Cowell, dómarinn úr X-Factor, vill aðstoða Breta fyrir næstu Eurovision-keppni. Hann var spurður að því á Twitter hvort hann vildi ekki hjálpa Bretum í keppninni. „Bretland þarf á þér að halda til að koma stjórn á Eurovision á nýjan leik og endurvekja stolt okkar því Eurovision-kóngarnir hafa fallið,“ sagði Twitter-notandinn. Cowell svaraði: „Kannski gæti ég reynt að finna rétta listamanninn til að koma fram fyrir okkar hönd. Ef ég fæ að gera það.“

Bonnie Tyler lenti í 19. sæti í Eurovision í ár fyrir hönd Bretlands og í fyrra varð Engelbert Humperdinck næstneðstur.



**SIMON COWELL** Vill hjálpa löndum sínum í Eurovision.



**JOHNNY DEPP** Leikarinn fékk heimilislaust fólk til að leika í mynd sinni.

## Heimilislausir ráðnir af Depp

Johnny Depp hefur fengið heimilislaust fólk til að leika í sinni nýjustu mynd, Trancendence. Hinn 49 ára leikari sannfærði þann sem skipaði leikara í myndina um að ráða tvær heimilislausar manneskjur sem aukaleikara eftir að hann sá þær á ferli í Albuquerque í Nýju-Mexíkó. „Johnny vill alltaf hjálpa til á tökustað,“ sagði heimildarmaður götublaðsins The Sun.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Depp gefur heimilislausum gaum því árið 2011 keypti hann hatt af einum slíkum og bætti þar með við hattasafn sitt.



**VÖK** Hljómsveitin Vök spilar á Pottapoppi í gömlu sundhöllinni.

## Pottapopp í Hafnarfirði

**Fimm flytjendur koma fram á tónleikunum Pottapopp sem verða haldnir í gömlu sundhöllinni í Hafnarfirði á laugardaginn. Þar koma fram Vök, sigursveit Músíktilrauna, Magnús Leifur, áður kenndur við Úlpu, Sveinn Guðmundsson, sem gefur út plötuna Fyrir herra Spock, MacGyver og mig í sumar, Fox Train Safari, sem gefur einnig út plötu í haust, og jógakennarinn Sólbjört Guðmundsdóttir, sem leikur á gong. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.**

**Tónleikarnir eru hluti af bæjar- og menningarhátíðinni Bjartir dagar sem verður haldin í Hafnarfirði 30. maí til 2. júní.**

## Mirren heimsótti veikan dreng

Helen Mirren, í gervi Bretlandsdrottningar, heimsótti ungan, breskan dreng sem átti þá ósk heitasta að hitta höfuð krúnunnar. Hinn tíu ára gamli drengur hefur glímt við krabbamein um nokkurt skeið og óskuðu foreldrar hans eftir því að hann fengi að hitta drottninguna. Hin raunverulega drottning hafði þó ekki tíma en þess í stað fékk hann heimsókn frá leikkonunni. Mirren, fer með hlutverk drottningarinnar um þessar mundir í leikritinu The Audience.



**GLADDI DRENG** Helen Mirren mætti í heimsókn til ungs drengs í gervi Bretlandsdrottningar. NORDICPHOTOS/GETTY

„Hún var í karakter allan tímann meðan á heimsókninni stóð. Sonur okkar hélt að hún væri hin raunverulega drottning, og það dugir okkur,“ sagði faðir drengsins, sem var Mirren óendanlega þakklátur.

# Hátíðin Sumarmölin í fyrsta sinn

### Tónlistarhátíðin á Drangsnesi verður haldin í fyrsta sinn 15. júní næstkomandi.

Tónlistarhátíðin Sumarmölin á Drangsnesi verður haldin í fyrsta sinn í sumar. Hún fer fram í samkomuhúsinu Baldri 15. júní. Í kjölfar góðra undirtekta við tónleikaröðinni Mölinni á Drangsnesi var ákveðið að halda þessa nýju tónlistarhátíð.

Á Sumarmölinni verður lagt upp með að skapa fjölskylduvænt andrúmsloft þar sem ungir og aldnir geta komið saman og notið þess að horfa á rjóma íslenskra tónlistarmanna flytja tónlist í fallegu umhverfi. Á fyrstu Sumarmölina hafa nú boðað komu sína Borko, Jónas Sigurðsson, Gógó-Píurnar, Hemúllinn, Nolo, Ojba Rasta og Valdimar.

**70** Drangsnes er þéttbýliskjarni í Kaldrananeshreppi á Vestfjörðum sem telur um 70 íbúa.

Hátíðin stendur yfir frá kl. 20 til 00.30 og er vakin sérstök athygli á því að börn og unglingar undir 16 ára aldri eru velkomin í fylgd með foreldrum. Að tónleikum loknum verður áframhaldandi skemmtun á Malarkaffi þar sem plötusnúður spilar fyrir dansglaða hátíðargesti. Miðaverð er 3.900 kr. - fb



**OJBA RASTA** Hljómsveitin Ojba Rasta spilar á Sumarmölinni 15. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## FERILL AMÖNDU BYNES Í TÍMARÖÐ

- **1999** Fær sinn eigin sjónvarpsþátt, The Amanda Show, þá 13 ára.
- **2001** Vinnur Nickelodeon-barnaverðlaunin.
- **2010** Gefur út yfirlýsingu þess efnis að hún sé hætt að leika. Yfirlýsingin er dregin til baka nokkrum mánuðum seinna.
- **2012** Átta sinnum stöðvuð vegna umferðarlagabrota á tímabilinu mars til september.
- **september 2012** Kalla þarf á slökkviliðið þegar Bynes neitar að koma út af klósetti í bakaríi.
- **janúar 2013** Opinberar þráhyggju sína fyrir Chris Brown með innleggi á Twitter.
- **janúar 2013** Setur sjálfsmynd inn á Twitter þar sem hún er ber að ofan og heldur fyrir brjóst sín með annarri hendinni.
- **mars 2013** Kærir fjölskylduna sína fyrir að hafa stolið af sér peningum svo árum skiptir og fer af stað með hatursáróður gegn henni á Twitter.
- **apríl 2013** Tilkynnir á Twitter að hún sé með átröskun og hótar að kæra alla þá sem halda því fram að hún eigi við geðræn vandamál að stríða.
- Gómuð við að reykja maríjúana á klósettinu í líkamsræktinni sinni. Hún neitar ásökununum.
- Britney-æði grípur Bynes og hún rakar á sér höfuðið.



**EITTHVAÐ Í GANGI** Hvort Amanda Bynes er að nota fíkniefni eða einfaldlega búin að missa vitið er ekki vitað, en það hlýtur að vera annað hvort.

# Bynes tapar glórunni á Twitter

Leikkonan hefur farið hamförum að undanförnu og ráðist á hverja stjörnuna á fætur annarri.

Hún yrði sannarlega ekki fyrsta unga stjarnan til að tapa glórunni ef það er það sem er að koma fyrir leikkonuna Amöndu Bynes, sem hefur farið hamförum á samskiptasíðunni Twitter undanfarna daga og ráðist þar harkalega á söngkonuna Rihönnu, rokkarann Courtney Love og nú síðast fyrirsætuna Chrissy Teigen.

Leikkonan er 27 ára gömul og hefur verið í sviðsljósinu frá 13 ára aldri. Hún er þekktust fyrir hlutverk sín í myndunum She's the Man og Hairspray en hefur ekki tekið að sér nein verkefni frá því hún lagði leiklistina á hilluna, og hætti svo við, árið 2010. Nú síðustu mánuði hefur hún þó verið töluvert til umfjöllunar vegna misjafnra uppátækja sinna.

Síðastliðinn fimmtudag var hún handtekin og sökuð um vörslu á fíkniefnum og hefur síðan þá látið öllum illum látum á Twitter. Á milli þess sem hún reynir að sannfæra fylgjendur sína um að hún sé saklaus af öllum ásökunum, meðal annars þeim að hún eigi við geðræn vandamál eða fíkniefnavanda að stríða, ver hún tíma sínum í að rakka aðrar stjörnur niður.

## Fórnarlömb maímánaðar hafa fengið slæma útreið

Bynes hefur farið hamförum á Twitter allan mánuðinn. Hér eru nokkur dæmi um tíst sem hún hefur sent út á fræga einstaklinga, en það er engin glóra í sumum þeirra. Flestum tístunum hefur nú verið eytt út af síðu leikkonunnar.



**■ Jenny McCarthy, 1. maí**
„Parfnast ég hjálpar? Hvað ertu að tala um? Ert þú ekki 50 ára gömul? Ég er 27 ára og þú lítur út fyrir að vera áttræð í samanburði við mig. Af hverju ertu að tala um mig? Þú ert ljót! Lögreglan var ekki heima hjá mér, gamla kona! Haltu kjafti!“



**■ Rihanna 26. maí**
„Ólíkt ljótu þér þá nota ég ekki eiturlyf! Þú þarft á íhlutun að halda sjálf, hundurinn þinn! Ég hef séð ljóta andlitið á þér í eigin persónu! Þú ert ekkert falleg, veistu það! Chris Brown barði þig af því að þú ert ekki nógu falleg. Enginn vill vera elskhugi þinn svo þú hringir í alla og mæður þeirra.“



**■ Courtney Love, 28. maí**
„Courtney Love er ljótasta kona sem ég hef séð. Að hún skuli yfir höfuð minnast á mig fær mig og alla vini mína til að springa úr hlátri!“



Segjum sögur á stærsta farsímaneti landsins

Handtekin heima hjá sér í New York, sökuð um vörslu fíkniefna. Síðar sakar hún einn lögreglumanninn um kynferðislega áreitni og gefur út að hún hyggist kæra hann.

**maí 2013**
Fleiri berbrjósta myndir koma inn á Twitter nema nú notar leikkonan hárlengingarnar til að hylja brjóstin.

**23. maí 2013**
Kærir bandarískt tímarit fyrir að birta myndir af sér á forsíðunni sem hún segir hafa verið breytt til að koma höggi á hana.

**Chrissy Teigen, 29. maí**
„Þú ert ekki falleg fyrirsæta samanborið við mig. [...] Til allrar lukku er ekki einn maður sem vill mig og vill þig líka og þú ert gömul og ljót fyrirsæta samanborið við mig. Þú lítur út fyrir að vera 45!“





**MEÐ NÝJA PLÖTU** Jóhann hefur gefið út sína þriðju plötu, Headphones. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ný plata tekin upp í 600 ára kastala

## Jóhannes Kristinsson gefur út sína þriðju plötu.

Þriðja plata Jóhanns Kristinssonar, Headphones, var að hluta til tekin upp í 600 ára gömlum kastala í Engelsholm í Danmörku. „Ég kom mér upp hljóðnemum þarna en þessi kastali er notaður sem listalýðháskóli í Danmörku,“ segir Jóhann.

Lagið Typewriter var tekið upp í kastalanum og Jóhann segir andrúmsloftið þar öðruvísi en annars staðar. „Það snýst aðallega um hvernig manni líður þarna. Þetta er alveg magnaður staður.“

Jóhann kom fyrst í kastalann fyrir þremur árum þegar hann tók þátt í lagahöfundabúðum með tónlistarmönnum frá Skandinavíu og Austin í Texas. Þar áttu þeir að semja tónleikaprógramm fyrir Spot-tónlistarhátíðina í Danmörku. Einn kollegi hans frá Texas heitir Danny Malone og þeir fóru saman í tónleikaferð um Bandaríkin í fyrra.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, No Need to Hesitate, var á lista yfir tuttugu bestu lög ársins 2012 hjá veftímaritinu Rjóminn.is og útvarpsþætti vefsíðunnar Straum.is. Headphones er persónuleg indíplata með rafmögnuðu ívafi. Hún kemur aðeins út í 200 númeruðum eintökum. Hægt verður að kaupa plötuna í öllum helstu plötubúðum og í gegnum vefsíðuna johannkristinsson.bandcamp.com. - fb

➜ Jóhann spilar á tónlistarhátíðinni Rauðasandi Festival sem verður haldin 4. til 7. júlí.

# Á frumsýningu eftir aðgerð

## Angelina Jolie mætir á sýningu World War Z.

Angelina Jolie verður viðstödd frumsýningu á nýjustu kvikmynd unnusta síns Brads Pitt, World War Z, í London á sunnudaginn. Þetta verður í fyrsta sinn sem hún kemur fram á stórum opinberum viðburði eftir að hún gekkst undir aðgerð þar sem hún lét fjarlægja bæði brjóst sín af ótta við krabbamein.

Pitt hrósaði unnustu sinni eftir að hún tilkynnti um aðgerðina. „Eftir að hafa orðið vitni að þessu finnst mér ákvörðun Angie, rétt eins og svo margra annarra, sannkölluð hetjudáð,“ sagði leikarinn.

Angelina Jolie syrgir um þessar mundir frænku sína Debbie Martins, sem lést af völdum brjóstakrabbameins síðasta sunnudag.



**ANGELINA JOLIE** Leikkonan verður viðstödd frumsýningu á World War Z.

# Engin sjálfsævisaga

## Mick Jagger vill ekki rita endurminningar sínar.

Mick Jagger, söngvari The Rolling Stones, segist ekki hafa neinn áhuga á að rita endurminningar sínar.

„Ég vil ekki gera það. Það er stutt síðan ég var beðinn um það. Ég ætlaði að gera það fyrir góðan pening á níunda áratugnum eða snemma á þeim tíunda. Ég byrjaði að skrifa en það var svo niðurdrepandi og leiðinlegt að þurfa að kafa ofan í fortíðina,“ sagði Jagger við tímaritið Q. „Þau vildu að ég skrifaði um fólk sem var náið mér og opinberaði alls kyns leyndarmál. Ég áttaði mig á því að ég vildi þetta ekki. Þannig að ég hætti og borgaði peningana til baka.“



**MICK JAGGER** Söngvarinn hefur engan áhuga á að skrifa sjálfsævisögu.





Vertu í sterkara sambandi
með Snjallpakka!

Snjallpakkinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi.

Með Snjallpakka og Núllinu talar fjölskyldan saman fyrir 0 kr. þótt mínúturnar séu búnar.

SNJALLPAKKI 300
3.490 kr./mán.
300 mín. | 300 SMS | 300 MB

SNJALLPAKKI 500
4.990 kr./mán.
500 mín. | 500 SMS | 500 MB

SNJALLPAKKI 1000
7.990 kr./mán.
1000 mín. | 1000 SMS | 1000 MB
3G aukakort innifalið

SNJALLPAKKI 1500
10.990 kr./mán.
1500 mín. | 1500 SMS | 1500 MB
3G aukakort innifalið

SUMARGLAÐNINGUR!
3 GB og 3000 SMS á mánuði fylgja öllum Snjallpökkum til 31. ágúst.

Kynntu þér Snjallpakka nánar á siminn.is

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58077

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HANGOVER III | 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 4, 7, 8, 10 | 12 |
| THE CROODS 3D | 4 | L |
| OBLIVION | 5.30, 10.40 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 - 10:50 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 - 8 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 8 | 12 |
| THE CALL | KL. 10.45 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 3D ÓTEXTAÐ | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMA KL. 10.20 16 / OBLIVION | KL. 8 | 16 |
| NUMBERS STATION | KL. 6 | 12 |


# Mest lesið dálkurinn

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Þegar netið kom fyrst til sögunnar voru margir íhaldssamir blaðamenn pirraðir á því hversu mikil áhersla var lögð á nýjustu fréttirnar hjá netmiðlunum. Nýjustu fréttirnar eru ekki endilega merkilegastar, en þær fengu mesta plássið. Í dag er þetta að breytast en við erum sannarlega að fara úr öskunni í eldinn. Í dag er það „mest lesið dálkurinn“ sem allt snýst um.

**„HEILBRIGÐARI** kynfæri með meira kynlífi“, „Loftsteinn á leiðinni“, „Á gólfinu var allt í viðbjóði“. Þetta voru mest lesnu fréttirnar á stærstu netfréttamiðlum landsins síðasta þriðjudag. Þetta eru allt ágætlega skrifaðir textabútar en langt frá því að vera merkilegar fréttir. Fyrsta fréttin er útdráttur úr lengri grein sem fjallar um hvernig kynlíf sé góð grindarbotnsæfing. Önnur fréttin er um loftstein sem er ekki á leið til jarðar heldur framhjá jörðinni, nánar tiltekið 5,8 milljón kílómetra framhjá, og þriðja fréttin er um atvik á Akureyri þar sem börn gengu inn í ólæst hús og subbuðu þar út matvælum. Þetta eru fréttirnar sem flestir lásu á þessum miðlum. Þetta voru aðalfréttir dagsins.

**Í ORÐI** hljómar teorían vel. Frjálst val ætti að vera grundvöllur fréttamats. Það sem flestir hafa áhuga á hlýtur að vera merkilegast. Ég er hálfpartinn sorgmæddur yfir því hversu fjarri sanni það er. Þvert á móti virðist frjálst val fremur versta mögulega aðferðin til að ákvarða mikilvægi frétta. Betra væri að láta apa með bundið fyrir augun velja mikilvægustu fréttirnar. Ef mest lesið dálkurinn hefði verið uppi fyrr á öldum hefði fólk frekar lesið um „hest sem prumpaði í Grosswald“ en mótmælaskjal Marteins Lúther á kirkjuhurðinni í Wittenberg, það hefði heldur lesið um „andaglas sem fór úrskeiðis“ en rússnesku byltinguna, og bakhár Danny DeVito heldur en fall Berlínarmúrsins.

**HVER VEIT?** Líklega er það nákvæmlega það sem fólk gerði og hefur alltaf gert. Raunveruleikinn er þungur köggull og ábyrgðin sem fylgir alvöru fréttum er íþyngjandi. En við skulum hætta að halda að mest lesið dálkurinn sé eitthvað annað en froða.

# Hátíð til styrktar barnaheimili

## Fjölskylduhátíð og ball verða á laugardaginn til styrktar barnaheimilinu Ós.

Fjölskylduhátíð og ball til styrktar barnaheimilinu Ósi verða haldin í Ósi og Þjóðleikhúskjallaranum á laugardaginn.

Þar verður 40 ára afmæli þessa einkarekna barnaheimilis fagnað og fjármunum safnað til að tryggja áframhaldandi rekstur þess.

„Það er okkur mjög mikilvægt að ná inn meira fé. Það hefur verið í gangi fjársöfnunarátak frá áramótum og það hefur gengið mjög vel að snúa erfiðri stöðu upp í mögulega en engu að síður eigum við svolítið í land. Þess vegna erum við að standa fyrir þessari glæsilegu hátíð,“ segir Eldar Ástþórsson, einn af skipuleggjendunum, sem á einnig barn á heimilinu.

Á fjölskylduhátíðinni verður „lunch beat“-krakkadiskó í umsjón Evu Einarsdóttur, markaður, uppboð, myndasýning, hoppukastali og happdrætti aldarinnar. Meðal þess sem verður boðið upp eru tvær vínylplötur áritaðar af hljómsveitinni Of Monsters and Men.

Á ballinu í Þjóðleikhúskjallaranum koma fram Prins Póló, Hugleikur Dagsson, Frímann Gunnarsson, Bergur Ebbi, DJ Óli Palli og fleiri. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og verða miðar seldir við innganginn. **-fb**



**STYRKJA ÓS** Tónleikar til styrktar barnaheimilinu Ósi verða haldin í húsinu á laugardag. Fram koma Prins Póló, Hugleikur Dagsson, DJ Óli Palli, Bergur Ebbi og fleiri.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Ós** er staðsett við Bergþórugötu 20 á móti Austurbæjarskóla og Vitabar.



**KOMA FRAM** Prins Póló, Hugleikur Dagsson og Eva Einarsdóttir taka þátt í styrktarhátíðinni.

# Gisele er á móti Photoshop

## Fyrirsætan Gisele Bundchen vill helst vera náttúruleg á tískuljósmyndum.

Fyrirsætan Gisele Bundchen kveðst vera á móti því að tískuljósmyndum sé breytt í tölvuforritum á borð við Photoshop. Bundchen sat fyrir á myndum fyrir sænska fatahönnuðinn Johan Lindeberg og hrósaði Svíanum fyrir viðmót hans gagnvart tölvuforritinu.

„Mér finnst að konur ættu að fá að vera hráar og það gerist nánast aldrei í tískumyndatökum. Ófullkomleiki okkar er það sem gerir okkur fallegar og einstakar. Johan skilur það og hann reynir ekki að breyta manni. Hann vill að maður sé maður sjálfur og fái að tjá sig eins og maður vill fyrir framan myndavélina,“ sagði fyrirsætan, sem mun birtast í auglýsingum fyrir fatamerki Lindeberg, BLK DNM.



**VILL VERA HRÁ** Gisele Bundchen er á móti tölvuforritinu Photoshop.
NORDICPHOTOS/GETTY





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS
BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ CHILDREN'S FILM FESTIVAL

| | | |
|---|---|---|
| ERNEST OG CELESTÍNA | (4) | 18:00 |
| VINIRNIR | (7) | 18:00 |
| BORÐA SOFA DEYJA | (7) | 20:00 |
| VEGAS, ENSKUR TEXTI | (7) | 20:00 |
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:10 |
| JAGTEN | (12) | 22:10 |
| ON THE ROAD | (16) | 22:00 |

# SUMARTILBOÐ

## DeLonghi **Dolce Gusto**

YFIR 25 GERÐIR AF KAFFI, KAKÓ OG TE









### Dolce Gusto Genio

*Svört - Silfur*

Alsjálfvirk, þrýstingur 15 bör sem gefur alvöru espressó kaffi, 0,7 lítra vatnstankur og tilbúin til notkunar á 16 sekúndum. Slekkur sjálf á sér eftir 5 mínútur.

**TILBOÐ**
**19.995**
FULLT VERÐ 24.995

### Dolce Gusto Circulo

*Svört - Silfur - Rauð*

Verðlaunahönnun. Alsjálfvirk, þrýstingur 15 bör sem gefur alvöru espressó kaffi, 1,3 lítra vatnstankur og tilbúin til notkunar á 16 sekúndum. Slekkur sjálf á sér eftir 5 mínútur.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ 34.995

DēLonghi

NESCAFÉ Dolce Gusto GREAT COFFEE YOUR WAY



FYRSTU 50 FÁ SÆTAN GLAÐNING MEÐ KAFFINU
**AÐ VERÐMÆTI 2.000 KRÓNUR**



HOMEBLEST GoTT... ...BÁÐUM MEGIN!

After Eight

Maryland

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 7. JÚNÍ.




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Lagerbäck fór í aðgerð á mjöðm

**FÓTBOLTI** Það vakti athygli á blaðamannafundi KSÍ í gær að sænski landsliðsþjálfarinn, Lars Lagerbäck, var draghaltur.

„Ég fór í aðgerð á mjöðm þannig að þú mátt ekki gera grín að mér,“ sagði Svíinn léttur, en hann fór í aðgerðina í desember. „Meinið er eitthvað að taka sig upp aftur þannig að ég mun haltra að hliðarlínunni í landsleiknum. Kannski getur Sveinbjörn læknir líka gefið mér einhverja sprautu. Við sjáum hvað gerist.“



Heimir Hallgrímsson aðstoðarlandsliðsþjálfari hefur alla tíð stutt vel við bakið á Svíanum. Mun Lars nýta sér það og láta Heimi styðja sig að hliðarlínunni þegar hann þarf að koma skilaboðum til strákanna inn á vellinum?

„Það kemur ekki til greina. Ef ég kemst ekki þá mun ég bara rúlla mér að hliðarlínunni á hjólastól,“ sagði Svíinn og hló við en hann var í góðu skapi á fundinum í gær og reytti af sér brandarana.

- hbg

## Víkingur slapp með skrekkinn gegn KV

**FÓTBOLTI** Fylkir, ÍA og ÍBV tryggðu sér sæti í 16 liða úrslitum Borgunarbikars karla í gærkvöldi. Varamaðurinn Gunnar Már Guðmundsson fór fyrir liði ÍBV gegn Þrótti en Viðar Örn Kjartansson og Garðar Gunnlaugsson tryggðu Fylki og ÍA sæti í næstu umferð.

Mesta dramatíkin var á Ísafirði og í Vesturbæ Reykjavíkur. Vítaspyrnukeppni þurfti til að knýja fram sigurvegara á báðum stöðum. BÍ/Bolungarvík marði Reyni úr Sandgerði og sömu sögu er að segja um Víking gegn KV úr Vesturbæ Reykjavíkur.

**Úrslitin**

| | |
|---|---|
| Þróttur - ÍBV | 1-5 |
| Fylkir - Völsungur | 2-0 |
| Sindri - Ýmir | 4-0 |
| Leiknir - Ármann | 3-0 |
| Magni - Þróttur Vogum | 2-0 |
| Hamar - Tindastóll | 1-2 |
| Grótta - Höttur | 3-1 |
| BÍ/Bolungarvík - Reynir S. | 3-3 |
| *BÍ vann eftir vítasp.keppni* | |
| ÍA - Selfoss | 2-1 |
| KV - Víkingur | 0-0 |
| *Víkingur vann eftir vítasp. keppni* | |

32 liða úrslitunum lýkur í kvöld.



**MARKI FAGNAÐ** Ragnar Leósson og Gunnar Þorsteinsson fagna fyrsta marki ÍBV í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÁ ÞÝSKI** Jürgen Klinsmann ræður ríkjum hjá bandaríska liðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Klinsmann valdi ekki Aron

**FÓTBOLTI** Bandaríska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Belgum í vináttulandsleik í Cleveland í kvöld. Aron Jóhannsson er ekki í hópi Bandaríkjanna.

Landsliðsþjálfarinn Jürgen Klinsmann valdi fimm framherja í hóp sinn á dögunum fyrir leikinn gegn Belgíu og gegn Þýskalandi á sunnudag. Fram undan eru leikir í undankeppni HM 2014.

- ktd

## Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **MARKMENN** | |
| Gunnleifur Gunnleifs., Breiðablik | 24 landsleikir |
| Hannes Þór Halldórsson, KR | 11 |
| Ögmundur Kristinsson, Fram | Nýliði |
| **VARNARMENN** | |
| Birkir Már Sævarsson, SK Brann | 34/0 mörk |
| Ragnar Sigurðsson FCK | 26/0 |
| Kári Árnason, Rotherham United | 24/2 |
| Sölvi Geir Ottesen Jónsson, FCK | 21/0 |
| Hjálmar Jónsson, IFK Gautaborg | 21/0 |
| Ari Freyr Skúlason, Sundsvall | 10/0 |
| Hallgrímur Jónasson, SønderjyskE | 6/3 |
| **MIÐJUMENN** | |
| Emil Hallfreðsson, Hellas Verona | 36/1 |
| Aron Einar Gunnarsson, Cardiff | 34/0 |
| Helgi Valur Daníelsson, AIK | 26/0 |
| Rúrik Gíslason, FCK | 21/1 |
| Birkir Bjarnason, Pescara Calcio | 19/2 |
| Ólafur Ingi Skúlason, Zulte Waregem | 17/1 |
| Þórarinn I. Valdimarsson, Sarpsborg | 1/0 |
| **SÓKNARMENN** | |
| Eiður S. Guðjohnsen, Club Brugge | 70/24 |
| Gunnar H. Þorvaldsson, Norrköping | 23/2 |
| Arnór Smárason, Esbjerg fB | 15/1 |
| Kolbeinn Sigþórsson, Ajax | 13/8 |
| Alfreð Finnbogason, Heerenveen | 13/3 |

# Lars er ekkert fúll út í Aron

Aron Jóhannsson gaf ekki kost á sér í íslenska landsliðið sem mætir Slóveníu á Laugardalsvelli þann 7. júní næstkomandi. Aron hefur ekki gert upp hug sinn um hvort hann vilji spila fyrir Ísland eða Bandaríkin.



**MARK Á 47 MÍNÚTNA FRESTI** Aron Jóhannsson nýtti mínútur sínar vel með AZ Alkmaar og skoraði 3 mörk í 5 fyrstu leikjum sínum með liðinu í hollensku deildinni. MYND/NORDICPHOTOS7GETTY



**SPOSKUR** Það var létt yfir Lagerbäck landsliðsþjálfara á fundinum í gær en hann er bjartsýnn á komandi verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck kynnti í gær 22 manna landsliðshóp sinn fyrir leikinn mikilvæga gegn Slóvenum í undankeppni HM 2014. Ísland vann fyrri leikinn ytra, 1-2, og er í öðru sæti riðilsins. Það er því pressa á liðinu fyrir leikinn að standa sig vel.

Liðið verður án þeirra Gylfa Þórs Sigurðssonar og Jóhanns Bergs Guðmundssonar sem eru í leikbanni og Grétar Rafn Steinsson er meiddur. Aðalumræðuefnið á blaðamannafundinum í gær var Aron Jóhannsson, framherji AZ Alkmaar.

Aron er fæddur í Bandaríkjunum og getur því bæði spilað fyrir Ísland og Bandaríkin. Hann hefur ekki enn spilað A-landsleik og er því gjaldgengur í bæði landslið.

Lagerbäck sagði á blaðamannafundinum í gær að hann hefði rætt lengi við Aron, sem hefði ekki gefið kost á sér í hópinn. Leikmaðurinn hefur einfaldlega ekki gert upp hug sinn um hvort hann vilji spila fyrir Ísland eða Bandaríkin, sem hafa sýnt honum áhuga.

Svíinn segist ekki vera í neinni fýlu út í Aron þó svo að hann hafi ekki gefið kost á sér í liðið að þessu sinni. Hann hefði þó líklega valið Aron í hópinn ef hann hefði gefið kost á sér.

„Ég mun halda áfram að hafa samband við Aron. Síðast þegar ég talaði við hann fyrir um tveimur vikum vissi hann ekki að það væri ekki hægt að prófa að spila með öðru hvoru liðinu í æfingaleik. Ef hann spilar fyrir annað hvort liðið verður hann að gera það áfram,“ sagði Lagerbäck.

„Mitt mat er að það sé betra fyrir að hann að spila fyrir Ísland og ég mun koma þeirri skoðun minni áfram á framfæri við hann. Maður verður samt að bera virðingu fyrir fólki og þeim ákvörðunum sem það tekur. Ég fer ekki í neina fýlu þó að hann ákveði að spila fyrir Bandaríkin.“

Það eru tiltölulega kunnugleg nöfn í hópnum en Þórarinn Ingi Valdimarsson er reynsluminnsti maðurinn í honum með aðeins einn spilaðan landsleik. Enginn útileikmaður í Pepsi-deildinni er í hópnum og enginn úr deildinni kom til greina að þessu sinni.

„Það er alltaf auðvelt að velja svona 12-16 leikmenn í hópinn en svo vandast valið með síðustu mennina. Á maður að velja leikmenn sem eru lítið að spila en eru samt reyndir og sterkir leikmenn? Það erfiðaði líka valið að við erum án lykilmanns eins og Gylfa. Ég þurfti því að hugsa um hvernig væri best að velja í hópinn þar sem hann er ekki með. Það var því ýmislegt sem ég þurfti að hugsa um,“ sagði Lars og bætti við að það væri líka ákveðinn hausverkur að velja varnarmenn þar sem þar væru margir jafnir leikmenn.

Lagerbäck hefur iðulega þurft að gera breytingar á vörninni milli leikja en er hann búinn að gera það upp við sig hvaða fjórir leikmenn muni standa vaktina í leiknum gegn Slóvenum?

„Ég hef nokkuð góða hugmynd um það. Auðvitað skiptir samt máli hvernig menn munu standa sig á æfingum.“

Gengi liðsins í undankeppninni hefur verið gott og Lagerbäck fer ekkert leynt með að hann stefnir á að halda öðru sæti riðilsins og komast þar með í umspil um laust sæti á HM.

„Ég býst við því að fólk geri væntingar til okkar í þessum leik. Það er að mörgu leyti jákvætt að fá slíka pressu og að fólki sé ekki sama um liðið. Það þýðir að við erum að gera eitthvað gott. Á sama tíma þurfa leikmenn að gera sér grein fyrir því að við erum ekki orðnir neinir heimsmeistarar enn þá. Við verðum að halda áfram að leggja gríðarlega mikið á okkur. Ég býst við erfiðum leik gegn Slóvenum og ef við spilum ekki vel þá töpum við.“

henry@frettabladid.is



MAZDA.IS

mazda

# SPARNEYTINN MAZDA CX-5

FJÓRHJÓLADRIFINN
1800 KG DRÁTTARGETA
BLUETOOTH
SNERTISKJÁR
21 CM VEGHÆÐ
BLINDPUNKTSAÐVÖRUN



SPARAÐU MEÐ
**SKYACTIV**
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

**Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.**

**Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhemlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. Bluetooth símabúnaður, i-stop spartækni, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.**

**Komdu í reynsluakstur.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. $CO_2$ losun 155 g/km.
Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Verður bjórsala í Dalnum?

**FÓTBOLTI** Til stendur að vera með fjölskylduskemmtun á Laugardalsvelli fyrir landsleik Íslands og Slóveníu. Stefnt er á að selja bjór í sérstöku tjaldi á svæði Þróttara við Valbjarnarvöll sem liggur að Laugardalsvelli.

Enn á eftir að fá tilskilin leyfi til bjórsölunnar og yrði það aðeins opið frá klukkan 16 til 18. „Við trúum því að það sé hægt að gera þetta á jákvæðan hátt," segir Jón Kaldal, formaður Þróttar. Auk bjórtjaldsins á að bjóða upp á hoppukastala fyrir börnin og svo munu sérfræðingar spá í spilin fyrir leik. **- ktd**



**TVEIR GÓÐIR** Jón Arnór og Benedikt á góðri stundu á æfingu hjá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Besti varnarmaður liðsins

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs í Þorlákshöfn, þjálfaði Jón Arnór Stefánsson í yngri flokkum KR. Hann segir um sögulegan viðburð að ræða þegar Jón Arnór og félagar í CAI Zaragoza mæta Real Madrid.

„Spænska deildin er næststerkasta deildin í heiminum, á eftir NBA," segir Benedikt. Þótt spænsk lið verði ekki Evrópumeistarar á hverju ári séu liðin afar jöfn að styrkleika. „Það eru bara góð lið í spænska körfuboltanum," segir Benendikt, en þekktust þeirra eru Barcelona og Real Madrid sem Jón Arnór mætir í kvöld.

Benedikt segir Jón Arnór klárlega einn af leiðtogum liðsins. „Þó að hann sé ekki gamall er hann kominn á fertugsaldurinn," segir Benedikt um körfuboltamanninn, sem er 31 árs. Jón var þriðji stigahæsti leikmaður CAI Zaragoza í oddaleiknum gegn Valencia. Benedikt minnir þó á að tölfræðin segi aðeins hálfa söguna.

„Það er ekki alltaf að marka hvað hann skorar því hann er liðsspilari fram í fingurgóma. Hann er ekkert að eltast við einhver skot eða stig," segir Benedikt. Þá vilji einnig oft gleymast að helminginn af leiktímanum spili lið í vörn.

„Jón er alltaf í lykilhlutverki varnarmegin og hann er mögulega sterkasti varnarmaður liðsins."

Varðandi möguleika Jóns Arnórs og félaga segir Benedikt að Valencia sé einnig hörkusterkt lið. Real Madrid sé þó klárlega erfiðari andstæðingur. Hann ætlar að spara yfirlýsingarnar um möguleika Zaragoza-liðsins og njóta þess að fylgjast með. **- ktd**



**HEITUR** Jón Arnór skoraði tæp sjö stig að meðaltali í leik í deildarkeppninni. Hann skoraði hins vegar tæp ellefu stig að meðaltali í leikjunum þremur gegn Valencia. MYND/RAMÓN CORTÉS WWW.CAISTAS.NET

# Ég hef beðið eftir kallinu

### Gunnar Heiðar Þorvaldsson er mættur aftur í landsliðið fyrir Slóveníuleikinn.

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson, leikmaður Norrköping, hefur heldur betur náð sér á strik á tímabilinu, en hann hefur skorað sex mörk í síðustu níu umferðum sænsku úrvalsdeildarinnar.

„Þetta er það sem maður vill upplifa sem knattspyrnumaður, að spila fyrir landsliðið," sagði Gunnar Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég er löngu kominn í gang og hef verið að bíða eftir kallinu. Síðasta tímabil var frábært fyrir mig persónulega og skoraði ég 17 mörk. Þetta tímabil byrjar enn betur og því kom það mér ekkert sérstaklega á óvart að vera valinn. Ég er búinn að æfa eins og skepna í allan vetur og það er greinilega að borga sig."

Gunnar Heiðar lék síðast fyrir landsliðið í febrúar 2012 þegar liðið tapaði illa fyrir Japan í vináttuleik.

„Það að vera ekki valinn hefur ekki farið neitt sérstaklega í taugarnar á mér, það eru aðrir menn sem ráða hverjir eru í landsliðshópnum, en ég tel mig fyllilega eiga heima þar. Það er kominn tími á endurkomu frá mér og vonandi fæ ég einhverjar mínútur til að sanna mig."

Gunnar Heiðar hefur leikið 23 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað í þeim fimm mörk. Fyrsti leikurinn var gegn Ítalíu í mars 2005 en síðasta markið skoraði hann í sigri á Slóvakíu í mars 2008. **- sáp**



**HEITUR** Gunnar Heiðar hefur einnig lagt upp fjögur mörk í fyrstu níu leikjum tímabilsins. MYND/BRITA NORDHOLM

# Vinir fyrir lífstíð í Zaragoza

### Jón Arnór Stefánsson og félagar í CAI Zaragoza mæta stórliði Real Madrid í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum efstu deildar spænska körfuboltans í kvöld. Jón Arnór og félagar ætla að njóta augnabliksins.

**KÖRFUBOLTI** „Við erum enn smærra liðið í þessu einvígi. Real Madrid er með hörkulið og möguleikar okkar eru litlir. Við ætlum ofar öllu að njóta þess að spila gegn þessu góða liði og gera okkar besta," segir Jón Arnór Stefánsson, leikmaður CAI Zaragoza. Þriðjudagskvöldið verður lengi í minnum haft hjá Jóni Arnóri. Zaragoza vann dramatískan útisigur á liði Valencia í þriðja leik liðanna í átta liða úrslitum og tryggði sér óvænt sæti í undanúrslitum.

„Mér líður eins og ég hafi verið að vinna titil og tímabilið sé búið. Við þurfum einhvern veginn að koma okkur niður á jörðina fyrir leikinn gegn Real Madrid," sagði Jón Arnór í sigurvímu á þriðjudagskvöldið. Sigurinn var ekki síst sætur þar sem Jón Arnór spilaði á sínum tíma með liði Valencia.

„Þú getur rétt ímyndað þér. Það eru margar súrar minningar frá tímanum hjá Valencia en það er alltaf gaman að koma hingað og spila," segir Jón Arnór. Hann fer ekkert í felur með það að tíminn hjá Valencia hafi ekki verið sérstaklega skemmtilegur.



**FLOTTUR Á VELLI** Landsliðsmaðurinn 31 árs er í lykilhlutverki hjá CAI Zaragoza. MYND/RAMÓN CORTÉS WWW.CAISTAS.NET

**Mikil keyrsla**

Tímabilið hefur verið langt og strangt hjá Jóni Arnóri. Hann var við æfingar með íslenska landsliðinu síðastliðið sumar og fór í kjölfarið á kostum í Evrópukeppni landsliða.

„Þetta er búin að vera massakeyrsla. Ég fór beint úr landsliðsverkefninu hingað til Spánar," segir Jón Arnór. Álagið var mikið og glímdi Jón Arnór við meiðsli frá jólum og fram í febrúar. Síðan þá hefur Zaragoza-liðinu gengið allt í haginn og Jón farið á kostum.

„Ég hef verið að spila vel eins og hinir," segir landsliðsmaðurinn, en tímabilið er sögulegt hjá félaginu. Liðið komst í fyrsta skipti í úrslitakeppni átta bestu liðanna. Um leið varð liðið það fyrsta sem komst í undanúrslit í fyrstu atrennu í úrslitakeppni í 28 ár. Gleðin er því eðlilega mikil í borginni, sem átti síðast lið í undanúrslitum árið 1989. Það félag er ekki starfrækt í dag.

**Frábær andi í liðinu**

Óalgengt er að atvinnumenn í fótbolta sem körfubolta bindist vinaböndum hjá liðum sínum. Samkeppnin er mikil um stöður og ekki eiga allir skap saman. Jón Arnór ber félögum sínum í liðinu afar vel söguna.

„Þú ert með leikmenn í hverri stöðu sem skila sínu í sókn sem vörn. Jafnvægið er til staðar og menn vega hver annan upp," segir Jón Arnór. Hann segir andann í liðinu jákvæðan og að menn trúi á verkefnin sem fyrir hendi eru.

„Ég er mjög heppinn að vera í kringum þessa stráka og fá að spila með þeim." Jóni Arnóri líður greinilega vel í Zaragoza, en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið.

„Við erum allir mjög góðir vinir. Ég er að segja þér algjörlega satt og þetta er engin klisja," segir Jón Arnór og segir það mjög sjaldgæft í bransanum.

> **„Við erum allir mjög góðir vinir. Ég er að segja þér algjörlega satt og þetta er engin klisja.**
> *Jón Arnór Stefánsson*

„Ég verð örugglega í sambandi við 75 prósent þeirra í framtíðinni. Það er frábær andi í klefanum sem skilar sér út á völlinn. Það sjá allir. Þetta hefur verið einstakt ár."

**kolbeinntumi@365.is**

# Jón Arnór í undanúrslitum í fimmta skipti

### Íslenski landsliðsmaðurinn hefur spilað marga stóra leiki á ferlinum og þekkir vel að spila í undanúrslitum.

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson hefur fjórum sinnum áður komist í undanúrslit í úrslitakeppni á atvinnumannaferlinum en þetta er í fyrsta sinn sem hann kemst svona langt í spænsku ACB-deildinni.

Jón Arnór komst fjórum sinnum í undanúrslit í ítölsku deildinni og það með þremur liðum; Carpisa Napoli (2005-06), Lottomatica Roma (2006-07, 2007-08) og Benetton Treviso (2008-09).

Jón Arnór fór alla leið í lokaúrslitin með Lottomatica Roma vorið 2008 en liðið tapaði þá fyrir Montepaschi Siena. Jón Arnór varð reyndar þrisvar sinnum í röð að sætta sig við að detta út fyrir Montepaschi-liðinu, sem varð ítalskur meistari í öll skiptin.

Það munaði líka litlu að Jón Arnór færi í lokaúrslitin á Ítalíu árið 2006 með nýkrýndum bikarmeisturum Carpisa Napoli en liðið tapaði þá í oddaleik í undanúrslitum.

Jón Arnór tók líka þátt í úrslitakeppni með Dynamo St. Petersburg veturinn sem liðið vann FIBA Europe League. Liðið tapaði þá í oddaleik í átta liða úrslitum og komst því ekki í undanúrslitin.

Jón Arnór hefur auk þessa spilað fjórum sinnum í undanúrslitum á Íslandi með liði KR eða vorin 2000, 2001, 2002 og 2009.

Jón Arnór er að spila fjórða tímabilið í röð á Spáni en þetta er í fyrsta sinn sem hann kemst í úrslitakeppnina. CB Granada varð í 10. (2009-10) og 17. sæti (2010-11) og CAI Zaragoza endaði í 10. sæti á síðasta tímabili. **-óój**



**KLÁR Í SLAGINN** Jón Arnór og félagar mæta Real Madrid í fyrstu tveimur leikjunum í höfuðborginni. Þrjá sigra þarf til að tryggja sér sæti í úrslitum. MYND/RAMÓN CORTÉS WWW.CAISTAS.NET

HEFST 14. JÚNÍ

## BESTA SVARIÐ

Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrirsson, Sveppi stýrir glænýjum spurninga- og skemmtiþætti í sumar. Þátttakendur reyna að finna besta svarið við afar frumlegum spurningum um þjóðþekkta gesti þáttarins. Meðal gesta Sveppa verða Ilmur Kristjánsdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Selma Björnsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason.




2 BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# ÍSLENSK DAGSKRÁ Í ALLT SUMAR

BYRJAÐU SUMARIÐ Í FRÁBÆRUM FÉLAGSSKAP Á STÖÐ 2




**FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU**

Ert þú með HD sjónvarp? Tryggðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.

SUNNUDAGSKVÖLD

## TOSSARNIR

Brottfall úr framhaldskólum á Íslandi er eitt það mesta í Evrópu. Í Tossunum fylgir Lóa Pind fimm einstaklingum á ýmsum aldri sem hafa flosnað úr skóla eða eru líklegir til þess. Jón Gnarr, borgarstjóri er meðal þeirra.






MIÐVIKUDAGSKVÖLD

## HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Meistarakokkurinn Árni Ólafur lifir af landinu uppi í Borgarfirði, kynnir fyrir okkur íslenska matarmenningu og hefðir með heimaræktuðu hráefni. Nýstárlegur og skemmtilegur matreiðsluþáttur.

FIMMTUDAGSKVÖLD

## GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL

Jói Fel er mættur aftur og að þessu sinni ætlar hann að kenna okkur hvernig á að bera sig að við útigrillið í eitt skipti fyrir öll.



FÍTON / SÍA



NÝ ÞÁTTARÖÐ

HEFST 23. JÚNÍ

## PÖNK Í REYKJAVÍK

Þegar Jón Gnarr var pönkari sem hékk á Hlemmi átti hann ekki von á því að verða borgarstjóri einn daginn. Þættirnir eru fjórir talsins og voru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is

2 HD

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 Sport kl. 19.45
**Borgunarbikarinn**



Bein útsending frá nágrannaslag Vals og Fram í 32 liða úrslitum Borgunarbikarkeppni karla í knattspyrnu. Strax að leik loknum, klukkan 22.00, hefst þátturinn Borgunarmörkin þar sem sýnt verður frá leikjunum í 32 liða úrslitum.



### How to Be a Gentleman
**SKJÁR 1 KL. 20.20** David Hornsby og Kevin Dillon leika hér vinina Andrew Carlson og Bert Lansing. Í þessum þriðja þætti sannfærir Bert Andrew um að mæta í brúðkaup fyrrverandi kærustunnar sinnar. Málin flækjast þó þegar Andrew kemst að því að kærastan hélt framhjá honum.

**TV.COM** 4,2 **IMDb** 4,4



### Criminal Minds
**RÚV KL. 22.20** Bandarísk þáttaröð um Derek Morgan og félaga hans í sérsveit lögreglumanna sem starfar við að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í þeim tilgangi að reyna að sjá fyrir, og koma í veg fyrir, frekari illvirki þeirra.

**TV.COM** 8,8 **IMDb** 8,1



### Vice
**STÖÐ 2 KL. 22.05** Yfirskrift þáttarins er Bad Borders og fjallað verður um prest í Suður-Kóreu sem leggur allt undir við að hjálpa konum frá Norður-Kóreu að flýja undan kynlífsþrælkun í Kína og einnig um eldfimt ástand á landamærum Indlands og Pakistans.

**TV.COM** 9,5 **IMDb** 8,0

### Lindin 102,9 KL. 09.00
**Betri leiðin**



Markþjálfinn og pistlahöfundurinn Linda Baldvinsdóttir stýrir nýjum þáttum á kristilegu útvarpsstöðinni Lindinni fjórum sinnum í viku. Þar ræðir hún um áhugaverð mál sem hafa áhrif á daglegt líf fólks.




Minna að fletta
**meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




FITON / SÍA

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Ellen** *(156:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(92:175)*
**10.15 Human Target** *(10:12)*
**11.05 Touch** *(12:12)*
**11.50 Man vs. Wild** *(5:15)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Who Do You Think You Are?** *(5:7)*
**13.45 The Good Night**
**15.15 Steve Jobs – Billion Dollar Hippy** Heimildarmynd um Steve Jobs og söguna á bak við það hvernig Apple varð eitt af stærstu fyrirtækjum heims á hans vakt.
**16.05 Histeria!**
**16.25 Ellen** *(157:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** Fréttakonan Chloe Talbot kemur til Springfield til að rannsaka hneyksli sem tengist Quimby borgarstjóra.
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(13:23)*
**19.40 New Girl** *(10:25)*
**20.05 Grillað með Jóa Fel** *(1:6)* Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir þar sem Jói Fel sýnir okkur réttu handtökin.
**20.35 NCIS** *(24:24)* Áttunda röð þessara vinsælu spennuþátta sem fjalla um sérsveit lögreglu sem starfar í Washington.
**21.20 Grimm** *(8:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning. Nick Burkhardt er rannsóknarlögreglumaður sem sér hluti sem aðrir sjá ekki.
**22.05 Vice** *(2:10)* Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
**22.35 Sons of Anarchy** *(12:13)*
**23.20 Harry's Law** *(1:22)*
**00.05 Wallander** *(2:3)*
**01.35 Mad Men** *(7:13)*
**02.25 Medium** *(12:13)*
**03.10 Burn Notice** *(9:18)*
**03.55 Chicago Overcoat**
**05.25 The Good Night**

### POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**17.20 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Pretty Little Liars** *(19:22)*
**19.00 Friends**
**19.25 Two and a Half Men** *(22:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(5:25)*
**20.10 Glory Daze** *(7:10)*
**20.50 Sons of Tucson** *(9:13)*
**21.15 FM 95BLÖ**
**21.35 Brickleberry** *(5:10)*
**22.00 Sons of Tucson** *(9:13)*
**22.25 Glory Daze** *(7:10)*
**23.10 FM 95BLÖ**
**23.35 Brickleberry** *(5:10)*
**23.55 Tónlistarmyndbönd**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Siggi Stormur og helgarveður

### SPORT *besta sætið*

**16.45 Spænski boltinn: Espanyol - Barcelona**
**18.25 Þýski handboltinn: Neuhausen - RN Löwen**
**19.45 Borgunarbikarinn: Valur - Fram** BEINT frá leik Vals og Fram í 32 liða úrslitum.
**22.00 Borgunarmörkin 2013**
**23.10 Spænsku mörkin**
**23.40 Roger Maltbie** Golfþáttur með David Feherty.
**00.30 Austurdeildin: Miami - Indiana, leikur 5** BEINT
**03.30 Borgunarmörkin 2013**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Liverpool - Swansea**
**19.35 PL Classic Matches: Arsenal - Manchester Utd, 2001**
**20.05 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.35 Goals of the Season 2012/2013** Glæsilegustu mörk leiktíðarinnar í Úrvalsdeildinni.
**21.30 Fulham - Norwich**
**23.10 Tottenham - Chelsea**

### krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** UKI **07.20** Waybuloo **07.40** Svampur Sveinsson **08.05** Könnuðurinn Dóra **08.25** Áfram Diego, áfram! **08.50** Strumparnir **09.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.35** Histeria! **09.55** Skógardýrið Húgó **10.20** Brunabílarnir **10.40** Skógardýrið Húgó **11.05** Doddi litli og Eyrnastór **11.15** Njósnaskólinn **11.40** Sorry I've Got No Head **12.05** Ofuröndin **12.30** iCarly (**18:25**) **12.50** Victourious **13.15** Big Time Rush **13.35** Lalli **13.45** Refurinn Pablo **13.50** Strumparnir **14.15** Waybuloo **14.35** Svampur Sveinsson **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.20** Áfram Diego, áfram! **15.45** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.05** Histeria! **16.30** Skógardýrið Húgó **16.55** Brunabílarnir **17.20** Doddi litli og Eyrnastór **17.30** Njósnaskólinn **17.55** Sorry I've Got No Head **18.20** Ofuröndin **18.45** iCarly (**18:25**) **19.10** Victourious **19.35** Big Time Rush

### GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður**
**21.30 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**22.05 The Drew Carey Show** *(13:22)*
**22.30 Breaking Bad**
**00.05 Strákarnir**
**00.35 Stelpurnar**
**00.55 Fóstbræður**
**01.25 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**01.55 The Drew Carey Show** *(13:22)*
**02.20 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**12.20 The Ex**
**13.50 Skógardýrið Húgó**
**15.05 We Bought a Zoo**
**17.05 The Ex**
**18.35 Skógardýrið Húgó**
**19.55 We Bought a Zoo**
**22.00 Wanderlust**
**23.40 Sideways**
**01.45 American Pie 2**
**03.35 Wanderlust**

### RÚV

**16.20 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.09 Úmísúmí**
**17.32 Lóa**
**17.45 Dýraspítalinn** *(3:10) (e)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Gómsæta Ísland** *(2:6) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Andraland II** *(2:5)* Andri Freyr Viðarsson fer á flandur, skoðar áhugaverða staði og spjallar við skemmtilegt fólk.
**20.45 Manni sjálfum að kenna – um reykingar og lungnasjúkdóma** Í þessari nýju íslensku heimildarmynd útskýra læknar eðli lungnasjúkdóma af völdum reykinga og sjúklingar segja frá glímu sinni við þá.
**21.15 Neyðarvaktin** *(20:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(9:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II) (e)*
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(8:25)*
**07.55 Cheers** *(13:22)*
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Pepsi MAX tónlist**
**14.30 The Voice** *(9:13)*
**17.00 7th Heaven** *(21:23)*
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Psych** *(3:16)*
**19.10 America's Funniest Home Videos**
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(9:25)*
**19.55 Cheers** *(14:22)* Endursýningar frá upphafi á þessum vinsæla þáttum.
**20.20 How to Be a Gentleman** *(3:9)* Bandarískir gamanþættir.
**20.45 The Office** *(8:24)*
**21.10 Royal Pains** *(4:16)* Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**22.00 Vegas** *(19:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid í aðalhlutverki.
**22.50 Dexter** *(6:12)* Sjötta þáttaröðin um morðingjann dagfarsprúða Dexter Morgan.
**23.40 Common Law** *(3:12)* Skemmtilegur þáttur sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn.
**00.30 Excused** Nýstárlegir stefnumótaþáttur.
**00.55 The Firm** *(12:22)* Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham.
**01.45 Royal Pains** *(4:16)*
**02.30 Vegas** *(19:21)*
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** Crowne Plaza Invitational **2013** *(4:4)* **11.50** Golfing World **12.40** Crowne Plaza Invitational **2013** *(4:4)* **17.10** PGA Tour - Highlights *(21:45)* **18.05** Inside the PGA Tour *(22:47)* **18.30** The Memorial Tournament **2013** *(1:4)* **22.30** The Open Championship Official Film **1987** **23**.30 PGA Tour - Highlights *(20:45)* **00.25** ESPN America

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

heimkaup.is




# DEKRAÐU VIÐ HÁRIÐ

Fáðu Lee Stafford
hárvörurnar
sendar frítt heim

**1.400**
VERÐ ÁÐUR ~~1.750~~

**Lee Stafford Beach Babe Sea Salt sprey**
Lætur þér líða eins og að þú hafir verið að koma af ströndinni, 200 ml

**20% afsl.** af öllum Lee Stafford vörum til 15. júní

lee stafford

## Brot af vöruúrvali okkar

...rd Double Blow ...mizing froða

Nú 1.400 — Lee Stafford Hair Growth sjampó

Nú 1.568 — Maybelline varalitur

Nú 1.400 — Lee Stafford Hair Growth næring

Nú 2.632 — Lee Stafford Messed Up Wonder Webb mótunarvara

**Við sendum FRÍTT heim til þín!** [eða í vinnuna]

Nú 1.104 — Lee Stafford Hol... Tight hársprey

...l Matt Stylee ...t Texturised

**Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi**

Nú 1.184 — Lee Stafford My Big Fat Healthy Hair næring

Nú 1.104 — Lee Stafford Messed Up mótunarvara

Nú 1.184 — Lee Stafford Original þurrsjampó

Nú 1.628 — Lee Stafford Hair Growth Treatment

Nú 1.184 — Lee Stafford My... Healthy Hair s...



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

**heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

## DRYKKURINN



**„Það er hiklaust íslenska vatnið. Það eina sem ég drekk fyrir utan kaffibollann á morgnana.“**

Védís Hervör Árnadóttir söngkona

# 30 krakkar ráðnir í Óvitana

Gunnar Helgason missti svefn er hann þurfti að fækka 1.300 umsækjendum niður í 30.

„Þetta var bara alveg hræðilega erfitt val,“ segir leikstjórinn Gunnar Helgason, sem stýrir uppfærslu Þjóðleikhússins á leikritinu Óvitunum sem verður frumsýnt í haust.

Verkið er byggt á skáldsögu Guðrúnar Helgadóttur, þar sem börn leika fullorðna og öfugt. Tæplega 1.300 krakkar sóttust eftir því að komast á svið og í vikunni var gengið frá ráðningu 30 krakka sem skipta 15 hlutverkum á milli sín.

„Þetta var gríðarlega erfiður prósess sem stóð yfir í mánuð. Við enduðum með því að bæta við tveimur hlutverkum til að koma fleirum að en upphaflega voru hlutverkin 28,“ segir Gunnar og bætir við að hann hafi misst svefn yfir leikaravalinu.

„Það var mjög leiðinlegt að þurfa að vísa hæfileikaríkum krökkum frá og maður var endalaust að velta fyrir sér hvort maður hefði valið rétt.“

Hópurinn hittist í fyrsta sinn á mánudaginn þar sem þau lásu saman leikritið. „Þá sáum við að við höfðum valið rétt, allir smellpössuðu í sín hlutverk.“ Með önnur hlutverk í verkinu fara meðal annarra Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ágústa Eva Erlendsdóttir og Örn Árnason. - áp

**6 ár** eru síðan Óvitarnir voru síðast settir upp af Leikfélagi Akureyrar.



**BÚIÐ AÐ RÁÐA** Gunnar Helgason leikstjóri hefur valið 30 börn sem fara með hlutverk á Óvitunum í Þjóðleikhúsinu.

# Erlent fjölmiðlafólk sýnir ATP áhuga

Fjöldi erlendra blaðamanna mun sækja ATP í júní.

„Þetta er auðvitað mjög ánægjulegt fyrir okkur sem að hátíðinni stöndum, sérstaklega þar sem þessir aðilar höfðu samband við okkur að fyrra bragði. Þetta lýsir mjög þeim áhuga sem er fyrir hátíðinni, en þessir miðlar og fleiri hafa skrifað um hátíðina undanfarnar vikur. Tímaritið Pitchfork hefur til dæmis fjallað mikið um hátíðina og taldi hana með á lista sínum yfir áhugaverðar tónlistarhátíðir í sumar,“ segir Tómas Young, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar All Tomorrow's Parties sem fram fer á Ásbrú dagana 28. og 29. júní.

Mikill fjöldi erlendra blaðamanna hefur staðfest komu sína á hátíðina, þar á meðal fjölmiðlafólk frá MTV í Bretlandi, NME, vefsíðunni Drowned in Sound og Spin. Þá hafa nokkrar kvikmyndastjörnur haft samband við Tómas og lýst yfir áhuga á að sækja hátíðina.

Tómas viðurkennir að umfjöllun sem þessi geti skipt sköpum fyrir hátíðina. „Öll umfjöllun er auðvitað mjög mikilvæg svo að hróður hátíðarinnar berist sem víðast því áætlað er að halda hana aftur á næsta ári,“ segir Tómas að lokum. - sm



**MIKILL ÁHUGI** Tómas Young segir erlent fjölmiðlafólk áhugasamt um að sækja All Tomorrow's Parties.




# Eyþór Ingi leiðbeinir litlu systur í söngnum

Ellen Ýr fær stuðning frá stóra bróður sem er eins og hennar besta vinkona.

„Ég hræddari við samanburðinn þegar ég var yngri og hugsaði mikið út í það hvort ég gæti orðið jafn góður söngvari og Eyþór. Ég lít mikið upp til hans og hef alltaf gert en nú er ég komin yfir það að bera mig saman við hann. Ég sé hann frekar sem minn lærifödur og er gríðarlega stolt af því, enda ekki annað hægt,“ segir Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir.

Ellen Ýr er yngri systir Eurovisionfarans Eyþórs Inga og upprennandi söngkona. Hún hefur verið að færa sig hægt og rólega upp á skaftið í tónlistinni frá því að hún lenti í þriðja sæti í söngkeppni Verkmenntaskólans á Akureyri í fyrra.

Rétt eins og bróðir hennar hefur hún aldrei lært söng en æfði á þverflautu í nokkur ár og er nú byrjuð að taka upp gítarinn í rólegheitum. „Það hefur alltaf verið mikil tónlist á heimilinu okkar. Pabbi er algjör rokkari en mamma meira í Elvis Presley og honum líkum. Það er mikil tónlist í þeim en afi okkar í móðurætt er rosalegur músíkant. Svo var reyndar afi í föðurættina líka mikill söngmaður,“ segir Ellen Ýr en Eyþór Ingi hefur einmitt líka sagst hafa tónlistargenin frá öfum sínum. Yngri systir þeirra, Elísa Rún, er líka efnileg söngkona þó Ellen segi hana feimna við að koma fram.

Eyþór Ingi hefur oft verið nefndur besti söngvari þjóðarinnar og segir Ellen gott að hafa hann á kantinum. „Við erum rosalega náin og getum alltaf talað saman um hvað sem er. Hann er eiginlega eins og besta vinkona mín,“ segir hún og hlær. „Við erum samt líka mjög gagnrýnin hvort á annað sem ég met mikið. Þegar ég prufa eitthvað nýtt í söngnum þá nýti ég mér það til dæmis óspart að senda það á hann og hann sendir mér svo ábendingar til baka,“ bætir hún við. Ellen útskrifaðist sem stúdent og sjúkraliði á dögunum og fékk ýmsar tónlistagræjur í útskriftagjöf svo hún hefur varla hætt að syngja síðan. Hún stefnir suður til Reykjavíkur í haust þar sem hún ætlar í nám í Snyrtiskólanum. „Það er auðvitað draumurinn að fá tækifæri til að syngja meira og aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir hún.

tinnaros@frettabladid.is



**NÁIN SYSTKINI** Ellen Ýr og Eyþór Ingi eru náin systkini og hún leitar óspart eftir aðstoð og stuðningi hjá honum, bæði í tónlistinni og öðru.

MYND/GUNNLAUGUR ANTONSSON

## Stefnir ekki á Eurovision-sviðið

Ellen Ýr og restin af fjölskyldunni hennar fóru með Eyþóri Inga til Svíþjóðar til að styðja við bakið á honum í Eurovision. Ellen segist ekki hafa verið mikill aðdáandi keppninnar fyrir, þótt hún hafi horft á keppnina frá því hún man eftir sér. „Þetta var alveg ólýsanlegt. Mér datt ekki í hug að það væri svona mikill glamúr í kringum þetta og að þetta væri svona mikil hátíð,“ segir hún og viðurkennir að hún sé nú smituð af Eurovision-bakteríunni þótt hún stefni ekkert sérstaklega að því að feta í fótspor stóra bróðurs og syngja á Eurovision-sviðinu, í það minnsta ekki enn þá.

# Öll stóru nöfnin úr bransanum

Hátíðin Icelandic Tattoo Convention verður haldin í áttunda sinn í byrjun júní.

Hátíðin Icelandic Tattoo Convention verður haldin í áttunda sinn 6. til 8. júní.

„Hátíðin er búin að skapa sér góðan sess. Mikið af Íslendingum hefur komið og svo erum við alltaf að sjá fleiri og fleiri erlenda ferðamenn sem koma sérstaklega á hátíðina. Þetta verður góður menningarviðburður,“ segir Össur Hafþórsson, annar af eigendum Reykjavík Inc. sem skipuleggur hátíðina. Aðspurður telur hann að um tvö þúsund manns hafi sótt hátíðina í fyrra en í ár verður hún haldin í portinu hjá Bar 11, Hverfisgötu 18.

Sem fyrr er um alþjóðlega hátíð að ræða og koma húðflúrarar víðs vegar að úr heiminum og skapast því gott tækifæri fyrir húðflúrsunnendur til að kynna sér ýmsar stefnur og strauma í húðflúrsmenningunni í dag. „Það er 21 erlendur listamaður að koma. Þetta eru öll stóru nöfnin úr bransanum og einhverjir nýir líka,“ segir Össur.



**HALDA TATTÚHÁTÍÐ** Össur Hafþórsson og Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, eigendur Reykjavík Ink sem skipuleggur hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ Hljómsveitirnar Dimma, Sykur og Noise spila á hátíðinni. Dagpassi kostar 700 krónur og helgarpassi 1.500 krónur.

Fulltrúar frá hinu virta tímariti Tattoo Artist mæta einnig á svæðið. - fb

# LYSTADÚN

ENGINN ER BETRI

# DÝNUDAGAR



## STARLUX OG MEDILINE HEILSURÚM

| Stærðir: | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 120 x 200 cm |
| 90 x 200 cm | 140 x 200 cm |
| 100 x 200 cm | 160 x 200 cm |
| | 180 x 200 cm |

20% AFSLÁTTUR

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI*

## SÉRSKORINN SVAMPUR



20% AFSLÁTTUR

**Dýnur og púðar sniðnir eftir máli** eða sniðum - með eða án áklæðis - mikið úrval áklæða

## EGGJABAKKADÝNUR



30% AFSLÁTTUR

**Eggjabakkadýnur** mýkja og verma rúmið þykktir 4-6 cm. Tilvaldar í sumarhúsið, ferðabílinn og tjaldvagninn

## SVEFNSÓFAR



20 -40% AFSLÁTTUR

**Mikið úrval af svefnstólum og sófum** í stöðluðum stærðum eða skv. máli

## YFIRDÝNUR

20% AFSLÁTTUR

**Yfirdýnur** gera rúmið þitt notalegra
Kaldasvampur - þrýstijöfnunarsvampur - latex

## SVAMPDÝNUR

20% AFSLÁTTUR

**Svampdýnur og pokagormadýnur** framleiddar eftir máli og sniðum - margir stífleikar og mikið úrval áklæða

## STARLUX SPRINGDÝNUR

20% AFSLÁTTUR

| Stærðir: | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 120 x 200 cm |
| 90 x 200 cm | 140 x 200 cm |
| 100 x 200 cm | 160 x 200 cm |
| | 180 x 200 cm |

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu



Koddar og sængur **20%** afsláttur

> **Mörkinni 4** > 105 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **www.lystadun.is**

LYSTADÚN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vakti athygli

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,** formaður Heimdallar, deildi skemmtilegri sögu með Facebook-vinum sínum á þriðjudag, en Áslaug Arna á alls 2.320 vini á samskiptasíðunni vinsælu. Áslaug var stödd í París og fóru þjófavarnir verslana í gang í hvert sinn sem hún gekk inn eða út. Hún komst loks að því að rör og glös sem hún hafði keypt fyrir gæsun höfðu orsakað vandræðin. „Það var ansi vandræðalegt þegar við fundum út að það væri typpadótið sem pípti í ...“ skrifaði formaðurinn á Facebook.



- sm

### Róar vinina

Fyrsta skáldsaga **Bjargar Magnúsdóttur,** Ekki þessi týpa, kemur út í dag. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er bókin byggð á ýmsu sannsögulegu úr lífi Bjargar og fólks í kringum hana. Björg mun hafa lent í því undanfarna daga að margir stressaðir draugar úr fortíðinni hafa haft samband við hana á nálum yfir útkomu bókarinnar. Hún hefur þó reynt að róa alla með því að minna á að öllum nöfnum í bókinni hafi verið breytt.



- sbt

### Mest lesið vísir


1 Mamman viðstödd björgun barnsins úr klóakinu
2 Jón Gnarr varð fyrir hrottalegu einelti
3 Kýrnar seldar fyrir von á Íslandi
4 Andúð á múslimum blossar upp á Bretlandi
5 Hundaplága í Norðlingaholti






